Samúel Örn Erlingsson:

Allt til alls í garðinum

• fasteignir • hús

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Umboðsmaður barna:

Vill breyta útsendingartíma Strákanna

• stöð 2 stendur með sínum

SÍÐA 34 ▶

Ath! 25% afsláttur!
Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó
LAUGARÁS BÍÓ
ego Meira fyrir peninginn

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
25. apríl 2005 – 110. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 visir

MÁNUDAGUR

SESTUR Í PÁFASTÓL Joseph Ratzinger tók í gær formlega við embætti páfa undir nafninu Benedikt sextándi. Hátíðleg innsetningarathöfn var haldin í Pétursdómkirkjunni í Róm. **Sjá síðu 10**

EKKI RÆTT Í ÞINGFLOKKNUM Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokks segja að ekki hafi verið rætt um breytingar á eftirlaunalögunum í þingflokknum. Tveir þeirra eru hlynntir því að skoða frekari breytingar ef tilefni þykir til þess. **Sjá síðu 2**

RÁÐIST Á LÆKNI Karlmaður á fertugsaldri var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald á laugardag fyrir að ráðast á annan mann á föstudag og misþyrma honum. **Sjá síðu 2**

SKORRDÆLIR FELLDU Eitt af fimm sveitarfélögum í Borgarfirði felldi sameiningartillögu í kosningum á laugardag. Líkur eru á að sveitarfélögin sem samþykktu verði sameinuð í eitt. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA BJARTVIÐRI EÐA SKÝJAÐ með köflum. Hætt við síðdegisskúrum með suðurströndinni. Hiti 7-12 stig að deginum. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

ÚRSLIT GÆTU RÁÐIST Eiður Smári Guðjohnsen verður fyrstur Íslendinga enskur meistari í knattspyrnu tapi Arsenal fyrir Tottenham í kvöld.

Kvikmyndir	30	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	22
Leikhús	30	Sjónvarp	32

76%

20-49 ára fólks á sv-horninu lesa Fréttablaðið á fimmtudögum.*

Náðu til fólksins sem er að leggja drög að víðtækri neyslu helgarinnar.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Minni lyfjanotkun bætir heilsufar

Ný íslensk rannsókn sýnir að minni lyfjanotkun dregur úr ónæmi barna fyrir sýklalyfjum og bætir eyrnaheilsu þeirra. Sýklalyfjanotkun er meiri hérlendis en á Norðurlöndunum.

HEILBRIGÐISMÁL Langtímarannsókn Vilhjálms Ara Arasonar læknis og samstarfsmanna hans leiðir í ljós að vaxandi sýklalyfjanotkun gegn eyrnabólgum barna hefur leitt til aukins lyfjaónæmis og á endanum verri eyrnaheilsu barnanna.

Rannsóknin er liður í doktorsverkefni Vilhjálms og hefur staðið frá árinu 1991. Fram kemur að sýklalyfjanotkunin er meiri hérlendis en annars staðar á Norðurlöndum og því hefur þótt ástæða til að skoða afleiðingar þess sérstaklega.

„Miðeyrnabólgur barna eru langalgengasti einstaki heilsuvandinn sem herjar á börn. Hafi minnsti grunur vaknað um bólgu í eyrum hefur hún verið meðhöndluð með sýklalyfjum. Þetta hefur gjörbreyst í seinni tíð enda ástæða til," segir Vilhjálmur Ari. Rannsókn hans leiddi meðal annars í ljós að sums staðar á landinu voru börn meðhöndluð við eyrnabólgum þrisvar á ári að jafnaði og fengu þau margfalt meira af sýklalyfjum en fullorðið fólk.

VILHJÁLMUR ARI ARASON LÆKNIR
Ónæmi við sýklalyfjum getur valdið heilsufarsvanda í framtíðinni.

„Þetta leiddi til vaxandi sýklaónæmis meðal barna. Full ástæða er til þess að vara við þessu lyfjaónæmi. Enda hefur Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) skilgreint ónæmisþróunina sem meiriháttar ógn við heilsu manna í framtíðinni vegna þess að það eykur líkurnar á að ekki finnist nothæf lyf við erfiðum bakteríusýkingum," segir Vilhjálmur Ari.

Rannsókn hans nær til Hafnarfjarðar, Vestmannaeyja, Bolungarvíkur og Egilsstaða. „Egilsstaðir skáru sig úr. Þar minnkaði sýklalyfjanotkunin um sextíu til sjötíu af hundraði. Samfara þessu batnaði eyrnaheilsa barna á svæði heilsugæslustöðvarinnar. Börnum sem fengu rör í hljóðhimnur fækkaði á sama tíma og þeim fjölgaði í Vestmannaeyjum, þar sem sýklalyfjanotkunin var meiri." **- jh**

FRÉTTABLAÐIÐ/FINNUR BALDURSSON

BÍLVELTA Í NÁMASKARÐI Bílstjóri var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eftir að flutningabíll sem hann ók valt í Námaskarði í Mývatnssveit um miðjan gærdag. Maðurinn missti meðvitund við veltuna en meiðsli hans eru þó ekki talin alvarleg.

Forsætisráðherra Serbíu:

Málamiðlun um Kosovo

BELGRAD, AP Vojislav Kostunica, forsætisráðherra Serbíu, sagðist í gær reiðbúinn til að fallast á málamiðlanir í deilunum um Kosovohérað. Hann sagðist geta fallist á að Kosovo fengi víðtækt sjálfræði, en hafnaði þó algerum aðskilnaði héraðsins frá Serbíu.

Nærri fimm ár eru liðin síðan Serbar misstu að mestu völd sín í Kosovo-héraði að loknu stríði við hersveitir frá Natóríkjum.

„Við viljum viðræður þar sem komist verði að sameiginlegri lausn," sagði hann í ræðu sem haldin var til að minnast þess þegar Serbar sjálfir hlutu sjálfstæði undan Tyrkjum fyrir 190 árum.

Alþjóðlegar viðræður um framtíðarfyrirkomulag í Kosovo verða haldnar síðar á árinu. ■

Lögmenn fórnarlamba kynferðislegrar misnotkunar kaþólskra presta:

Segja nýja páfann hafa brotið lög

BRETLAND Joseph Ratzinger, sem í gær settist formlega í páfastól undir nafninu Benedikt sextándi, skipaði svo fyrir árið 2001 að allar rannsóknir vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar kirkjunnar manna á börnum færu fram í kyrrþey og án utanaðkomandi aðstoðar. Kemur þetta fram í bréfi sem hann sendi öllum biskupum kirkjunnar og breska blaðið Observer hefur komist yfir.

Bréfið er ítrekun á þeim rétti kirkjunnar að beita sínum eigin rannsóknarrétti við rannsókn sakamála og enn fremur að halda öllum niðurstöðum þess réttar leyndum í tíu ár eftir að komist hefur verið að niðurstöðu. Brjóti einhver þagnareið áður en tíu ár eru liðin megi refsa viðkomandi og í verstu tilvikunum útskúfa honum úr kirkjunni.

Benda lögfræðingar fórnarlamba kynferðislegrar misnotkunar kaþólskra presta á að þarna sé um lögbrot að ræða. Með skipuninni hafi Ratzinger hindrað rannsókn lögreglu á þeim fjölmörgu misnotkunarmálum sem komið hafa upp í tengslum við kaþólsku kirkjuna undanfarin ár.

Talsmaður Vatíkansins vildi ekki tjá sig um bréf páfa við breska blaðið . ■

MYND AP



BORINN ÞUNGUM SÖKUM
Sama dag og Benedikt sextándi var vígður birtust fregnir úr fortíðinni sem koma honum illa.

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU
hausverk
Miðvikudagur
Kópavogur / Ísland
591 3000

SPURNING DAGSINS

Kristján, langaði þig að skjóta hnúfubakinn?

„Nei, hvalfangarar hlífa ungviðinu, en það væri gott ef hvalir hefðu vit á að svamla í höfninni svo þessi hvalaskoðunarbransi færi endanlega á hausinn.“

Hnúfubakskálfur synti inn í Reykjavíkurhöfn á laugardagsmorgun. Kristján Loftsson vill hefja hvalveiðar á ný.

Dómsmálaráðherra Bretlands um Íraksstríðið:

Efasemdir um lögmæti

LONDON, AP Breska dagblaðið Mail on Sunday hélt því fram í gær að Goldsmith lávarður, sem er dómsmálaráðherra Bretlands, hefði komist að þeirri niðurstöðu að stríð gegn Írak myndi brjóta í bága við alþjóðalög.

Blaðið sagðist hafa undir höndum eintak af þrettán blaðsíðna ráðleggingum Goldsmiths sem sendar voru til Tony Blair forsætisráðherra, þar sem Goldsmith nefndi sex rök fyrir því að stríðið gæti verið ólöglegt. Meðal annars hefði Goldsmith sagt að Sameinuðu þjóðirnar ættu að taka ákvörðun um stríð en ekki bandarísk eða bresk stjórnvöld.

Goldsmith andmælir þessu sjálfur og segist hafa sagt við Blair að stríðið væri fullkomlega löglegt.

Breskir fjölmiðlar hafa þó verið með vangaveltur um að Goldsmith hafi skipt um skoðun stuttu áður en stríðið hófst, hugsanlega vegna þrýstings frá valdamiklum stjórnmálamönnum.

Breska stjórnin hefur hvað eftir annað neitað því að birta ráðleggingar Goldsmiths óstyttar.

Allar efasemdir um lögmæti Írakstríðsins gætu komið sér illa fyrir Blair og Verkamannaflokkinn, sem nú sækist eftir að fá meirihluta í þriðja sinn í þingkosningum sem fram fara 5. maí næstkomandi. ■

MYND AP

TONY BLAIR
Efasemdir dómsmálaráðherra Blairs um lögmæti Írakstríðsins hafa skotið upp kollinum í miðri kosningabaráttunni.

NÝJA SUNDLAUGIN Í VERSÖLUM
Kópavogsbúar og nærsveitungar böðuðu sig í sól og vatni um helgina.

Ný sundlaug í Kópavogi:

Þúsundir þustu í sund

VEÐUR Veðurblíða hefur leikið við landsmenn fyrstu daga sumars. Mörgum fannst tilvalið að skella sér í nýju sundlaugina í Versölum í Kópavogi og kæla sig niður, en hún var opnuð á föstudag og gat fólk stungið sér til sunds endurgjaldslaust alla helgina. Ætlað er að þúsundir hafi nýtt sér það góða boð Kópavogsbæjar.

Miklar annir voru í ísbúðum um allt land og línuskautar blasa við á hverju horni. Þá nýttu margir veðurblíðuna til vorverka í görðum sínum enda bendir margt til að Vetur konungur hafi þekkt sinn vitjunartíma og kvatt fram á haust. **- bs**

LÖGREGLUFRÉTTIR

ELDUR Í HAFNARFIRÐI Eldur kom upp í eldhúsi í íbúð í Hafnarfirði um fjögurleytið í gær. Eldurinn kom upp í potti á hellu og læstist í innréttingu hússins. Að sögn lögreglu gekk vel að slökkva eldinn og hætta á fólki mun hafa verið í lágmarki. Töluverðar skemmdir urðu þó af völdum elds og reyks.

Eftirlaunin óræddd í þingflokknum

Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokks þvertaka fyrir að rætt hafi verið um breytingar á eftirlaunalögunum í þingflokknum. Tveir þeirra eru þó hlynntir því að skoða frekari breytingar ef tilefni þykir til þess.

STJÓRNMÁL „Þetta hefur ekki verið kynnt með neinum hætti í þingflokknum og ég fæ ekki séð að þetta skipti miklu máli,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vegna ágreinings þeirra Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra og Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra um breytingar á lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna.

Davíð hefur sagt að ekki standi til að endurskoða eftirlaunalögin en aðeins eru tæp tvö ár síðan breytingar voru síðast gerðar á frumvarpinu.

Halldór Ásgrímsson vill láta breyta eða taka út ákvæði sem gefur fyrrverandi ráðherrum og þingmönnum fullar eftirlaunagreiðslur þrátt fyrir að viðkomandi sinni enn öðrum fullum störfum innan ríkisgeirans. Þeir aðilar eru þannig í raun á tvöföldum launum.

Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki, segist ekki vita til þess að núningur sé vegna þessa máls milli stjórnarflokkanna en telur sjálfsagt og eðlilegt að ræða þessi mál sem önnur og útilokar ekki að breytingar verði gerðar í framtíðinni.

ÞINGFLOKKSFUNDUR SJÁLFSTÆÐISMANNA
Enginn vill kannast við að rætt hafi verið um breytingar á eftirlaunafrumvarpi innan þingflokksins eða að núningur sé milli stjórnarflokkanna vegna þess.

„Það má þó ekki gleyma að allar breytingar sem gerðar eru hafa áhrif á tugþúsundir starfsmanna ríkisins,“ segir Pétur. „Það hefur verið venjan hingað til að menn sem eru komnir á eftirlaun megi vinna ef þeim sýnist svo öfugt við til dæmis örorkulífeyri sem er hugsaður sem trygging fyrir tekjumissi. Þetta er einn angi af miklu stærra máli en ég er reiðubúinn að skoða allar hugmyndir um breytingar.“

Annar sjálfstæðismaður, Einar K. Guðfinnsson, segist einnig reiðubúinn að skoða allar breytingar varðandi eftirlaunafrumvarpið en þær hugmyndir verði þá að vera heilsteyptar.

„Ég hef sjálfur engar stórar meiningar varðandi frumvarpið eins og það er í dag en það var alltaf talað um að sjálfsagt væri að skoða þetta þegar fram líða stundir og ég er reiðubúinn til þess,“ segir Einar. „Ég ítreka hins vegar að þetta hefur ekki komið upp eða verið rætt sérstaklega innan þingflokksins.“

albert@frettabladid.is

Svartfuglar ataðir olíu við Garðsskaga:

Lentu í olíu á hafi úti

MENGUN „Við höfum í raun engar skýringar á þessu aðrar en þær að þeir fuglar sem þarna um ræðir hafi lent í olíubrák úti á hafi,“ segir Helgi Jensson, forstöðumaður framkvæmda- og eftirlitssviðs hjá Umhverfisstofnun.

Fjölmargir tilkynntu um svartfugla útataða í olíu við Garðsskaga í gær en við rannsókn fannst ekkert athugavert. Aðrir fuglar á svæðinu voru hreinir og draga menn þá ályktun að svartfuglarnir hafi lent í olíubrák á hafi úti. Engin olíubrák hafi sést við Garðsskaga en til öryggis mun Landhelgisgæslan hafa eftirlit með svæðinu næstu daga. **-aöe**

Mikið um hraðakstur fyrir austan:

Á 158 kílómetra hraða

HRAÐAKSTUR Talsvert var um hraðakstur í umdæmi lögreglunnar á Egilsstöðum um helgina. Alls voru um tíu ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur, þeir sem hraðast fóru voru á 147 og 158 kílómetra hraða.

Þá voru tveir teknir grunaðir um ölvunarakstur. Mikið líf var á Egilsstöðum um helgina í tilefni af síðustu snjóðsleðakeppni vetrarins. Lögreglan segir helgina hafa farið vel fram að öðru leyti. **- bs**

Bandarísk fangelsi:

Föngum fjölgar hratt

WASHINGTON, AP Föngum í bandarískum fangelsum fjölgaði mjög hratt frá miðju ári 2003 og fram á mitt ár 2004. Fjölgunin nemur um það bil 900 föngum á viku hverri, eða samtals 48 þúsund yfir þetta tólf mánaða tímabil.

Alls voru fangar í Bandaríkjunum orðnir um það bil 2,1 milljón um mitt ár 2004 og hafði þeim þá fjölgað um 2,3 prósent á tímabilinu.

Fangar í Bandaríkjunum hafa verið um það bil tvær milljónir síðustu árin. Glæpatíðni hefur þó lækkað undanfarinn áratug en á hverju ári eru samt fleiri settir í fangelsi en látnir lausir úr haldi. ■

Maður á fertugsaldri úrskurðaður í gæsluvarðhald:

Réðst á lækni og misþyrmdi honum

ÁRÁS Karlmaður á fertugsaldri var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald á laugardag fyrir að ráðast á annan mann á föstudag og misþyrma honum. Árásarmaðurinn sat fyrir manninum við heimili hans og barði hann meðal annars í höfuðið. Ofbeldismaðurinn flúði af vettvangi en fannst á laugardag og var þá handtekinn og dæmdur í gæsluvarðhald í kjölfarið.

HÖRÐUR JÓHANNESSON

Fórnarlambið er læknir og meinafræðingur og hefur meðal annars sinnt úrskurðarmálum fyrir lögregluna. Hörður Jóhannesson segir að í ljós hafi komið að árásarmaðurinn hafi haft í hótunum við lækninn í nokkra daga áður en hann lét til skarar skríða, en læknirinn tilkynnti það ekki til lögreglu. Hörður segir upptök málsins mega rekja til máls sem læknirinn kom að og árásarmaðurinn tengdist, en það var þó ekki lögreglumál.

Auk þess að vera úrskurðaður í gæsluvarðhald var manninum gert að sæta geðrannsókn. Hann hefur nú kært úrskurðinn til Hæstaréttar. **- bs**

LÖGREGLUFRÉTTIR

BÍLVELTA VIÐ SVALBARÐSSTRÖND Maður um þrítugt var fluttur á sjúkrahús eftir að bifreið hans valt við Höfn á Svalbarðsströnd í gær. Maðurinn var einn í bílnum. Meiðsli hans eru ekki talin alvarleg en bíllinn skemmdist nokkuð.

Og1

Og1 er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

GSM

0 KR. HEIM

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr.
Gildir fyrir Frelsisnotendur með
500 kr. Frelsisáskrift.

Heimasími

0 KR. INNANLANDS

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

Internet

MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**.
Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 2709 04/2005

og vodafone™

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.04.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	62,24	62,54
Sterlingspund	GBP	119,23	119,81
Evra	EUR	81,31	81,77
Dönsk króna	DKK	10,91	10,98
Norsk króna	NOK	9,97	9,92
Sænsk króna	SEK	8,87	8,92
Japanskt jen	JPY	0,59	0,59
SDR	XDR	94,55	95,11

Gengisvísitala krónunnar
111,90 -0,02%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Mennirnir sem skutu mann með gasbyssu:

Ekki taldir ógna almannahagsmunum

LÖGREGLUMÁL Talsvert hefur verið gagnrýnd sú ákvörðun að láta tvo menn lausa sem játuðu að hafa farið með ungan mann nauðugan út fyrir Akureyri þar sem þeir skutu á hann úr gasbyssu og niðurlægðu. Mennirnir náðust fljótlega, játuðu sök við yfirheyrslur og voru látnir lausir. Það eru fulltrúar sýslumanns sem taka ákvarðanir um slíkt.

„Það heyrir til undantekninga að menn séu settir inn án þess að dómur liggi fyrir og slíkt er jafnvel ekki gert í manndrápsmálum," segir Eyþór Þorbergsson, fulltrúi hjá sýslumannsembættinu á Akureyri. „Í þessu tilfelli var það mat okkar að þeir væru ekki hættulegir umhverfi sínu eða ógnuðu almannahagsmunum þrátt fyrir að báðir væru á skilorði og ég veit ekki til þess að þeir hafi brotið af sér í millitíðinni."

Eyþór segir venju að halda ekki fólki án þess að dómur liggi fyrir enda brjóti það í bága við mannréttindi.

„Það verður að fara eftir lögum og reglum og okkur er ekki stætt á að halda fólki lengi án þess að dæmt verði í máli þess." - aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RÁÐHÚSTORGIÐ Á AKUREYRI
Bæjaryfirvöld í samstarfi við ungmenni á Akureyri hafa skipulagt mótmælafund á torginu á föstudaginn.

NÚVERANDI OG FYRRVERANDI
Fyrrverandi forseti Kýpur-Tyrkja, Rauf Denktash, sem er hægra megin á myndinni, yfirgefur forsetahöllina eftir Mehmet Ali Talat, hafði svarið forsetaeið sinn.

Nýr forseti Kýpur-Tyrkja:

Stefnir að sameiningu

KÝPUR, AP Mehmet Ali Talat tók í gær við embætti forseta Kýpur-Tyrkja, ári eftir að íbúar á gríska hluta eyjunnar höfnuðu sameiningu við gríska hlutann í atkvæðagreiðslu.

Talat hyggst hefja samningaviðræður á ný við Kýpur-Tyrki og stefnir að því að báðir hlutar eyjunnar geti sameinast í eitt ríki hið fyrsta.

Tassos Papadopoulos, forseti Kýpur-Grikkja, fullyrti í gær að grískir íbúar eyjunnar væru til í sameiningu, en því aðeins að sameiningarhugmyndir Sameinuðu þjóðanna, sem felldar voru í atkvæðagreiðslunni fyrir ári, verði lagaðar að reglum Evrópusambandsins.

Kýpur fékk aðild að Evrópusambandinu á síðasta ári, en tyrkneski hlutinn hefur að mestu verið undanskilinn aðildinni. ■

Tugir athugasemda við biblíuþýðingu

Fjölmargir hafa gert athugasemdir við þýðingu Nýja testamentisins. Ekkert eitt atriði stendur þar upp úr, en margir eru þó óánægðir með að réttlætishugtakinu sé varpað fyrir róða. Þýðingin er nú aðgengileg almenningi.

BIBLÍAN Tugir athugasemda hafa borist við þýðingu Nýja testamentisins, sem er til kynningar á vefsíðu Hins íslenska biblíufélags, að sögn Jóns Pálssonar, framkvæmdastjóra félagsins.

„Við sendum öllum prestum, trúfélögum og tilteknum einstaklingum textann til yfirlestrar," sagði hann. „Athugasemdir hafa verið að berast frá öllum þessum aðilum. Mér sýnist að þeir lesi sérstaklega yfir þær bækur sem þeir hafa áhuga á og geri ýmsar athugasemdir."

Jón sagði að ábendingarnar dreifðust á ýmis atriði. Þar stæði ekkert eitt upp úr. Sem dæmi nefndi hann réttlætishugtakið. Í nýju þýðingunni væri orðalaginu breytt, þannig að í stað „...þá munu hinir réttlátu segja..." kæmi „...þá munu þeir sem fóru að vilja Guðs segja..." Hann sagði að allmargar athugasemdir hefðu verið gerðar við þetta og virtust margir vilja halda í réttlætishugtakið.

„Þá eru nokkrar athugasemdir um þéringarnar „vér" og „oss". Stefnan er sú að stíga hálft skref þar, að halda þessu óbreyttu í lithúrgískum textum, það er þeim sem notaðir eru við helgiathafnir, og bænatextum, en nota í frásögu „við" og „okkur." Við sjáum á innsendum ábendingum að mörgum finnst vænt um þetta gamla form, en láta þess jafnframt getið að þeir verði að útskýra það fyrir fermingarbörnum, svo dæmi séu nefnd," sagði Jón. „Í Mattheusarguðspjalli segir í þýðingunni að Jesú sé „reyndur". Í athugasemd þar að lútandi vill viðkomandi að talað sé um að hans sé „freistað". Viðkomandi finnst fyrra hugtakið of máttlaust."

„Ég vil taka það sérstaklega fram að þetta er þýðingartillaga," sagði Jón enn fremur. „Allur almenningur getur farið á heimasíðu félagsins og kynnt sér hana."

Frestur til að skila athugasemdum hefur verið framlengdur til 5. maí að sögn Jóns. Þær má senda til Hins íslenska biblíufélags í Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð 101, Reykjavík.

Kynningarútgáfan er aðgengileg á heimasíðunni www.biblian.is.

jss@frettabladid.is

NÝJA TESTAMENTIÐ
Sumum prestum er eftirsjá að þéringum í biblíunni, en segjast jafnframt þurfa að útskýra þýðingu „vér" og „oss" fyrir fermingarbörnum. Myndin er ekki tekin í tengslum við fréttina.

Hörður Jóhannesson:

Óráðlegt að þyngja dóma

DÓMSMÁL „Með þyngingu dóma er líklegt að starf lögreglunnar verði mun erfiðara og hættulegra en nú er," segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Margir afbrotamenn ganga lausir þrátt fyrir að hafa hlotið ítrekaða dóma fyrir alvarleg brot en margir dómanna þykja þar að auki vægir og ekki til þess fallnir að afstýra frekari glæpaferli. Hörður segist ekki viss um að þynging dóma breyti nokkru þar um. „Ef dómar verða þyngdir til muna þýðir það að mun meira er þá í húfi fyrir afbrotamennina og þá er líklegt að lögreglumenn geti lent í mun hættulegri aðstæðum gagnvart þeim en nú er." - aöe

ESB kannar kínverskan klæðnað:

Hömlur á innflutning

BRUSSEL, AP Evrópusambandið hyggst rannsaka innflutning á ódýrum klæðnaði frá Kína, sem streymt hefur til landa Evrópusambandsins undanfarið.

Peter Mandelson, viðskiptastjóri Evrópusambandsins, segist ekki hafa nokkurn áhuga á að hefja viðskiptastríð við Kína, en vel gæti svo farið að settar yrðu hömlur á innflutning á klæðnaði frá Kína ef rannsóknin leiddi í ljós að evrópski markaðurinn hefði orðið fyrir röskunum af völdum innflutningsins frá Kína. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

INNBROT Á SEYÐISFIRÐI Brotist var inn í verslunina Turninn á Seyðisfirði á laugardag. Að sögn lögreglunnar á Seyðisfirði hafði verið átt við peningaskápinn og nokkur þúsund krónum verið stolið. Sökudólgurinn hefur ekki fundist og málið er í rannsókn.

GRINDAVÍK

SKJÁLFTI Í GRENND VIÐ GRINDAVÍK Jarðskjálfti af stærðinni 3,2 varð um þrjá kílómetra norðaustur af Grindavík upp úr hálf sex í gær. Varð hans vart í Grindavík og nágrenni. Fáir eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið, en tveir smáskjálftar mældust á sömu slóðum nóttina áður.

Veðrið

STREKKINGUR ALLRA SYÐST
Það verður vindasamara sunnan til en verið hefur en áfram hægur vindur annars staðar. Víðast nokkuð bjart, síst suðaustan til en þar má búast við síðdegisskúrum.
ER AÐ KÓLNA?
Já, hann er að halla sér smám saman í norðaustlæga átt síðdegis og á morgun og þá kólnar, einkum á Vestfjörðum og norðan til á landinu.
HVENÆR VERÐUR KALDAST? Mér sýnist að það ætli að verða á miðvikudaginn en svo hlýnar á ný ef fer sem horfir.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi í dag



Á morgun



Strekkingur á Vestfjörðum, annars hægur vindur.

Miðvikudagur



Allhvasst á Vestfjörðum og norðvestan til annars hægari.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	8°C	skýjað	París	14°C	skúrir	Alicante	23°C	skýjað
Osló	15°C	skýjað	Berlín	14°C	heiðskírt	Milano	15°C	þrumur
Stokkhólmur	11°C	heiðskírt	Amsterdam	15°C	skýjað	New York	14°C	skýjað
Helsinki	10°C	skýjað	Madrid	20°C	skýjað	San Francisco	18°C	léttskýjað
London	14°C	skýjað	Barcelona	18°C	skýjað	Orlando/Florida	24°C	léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

William Hewlett og David Packard
stofnendur Hewlett-Packard
við vinnuborðið árið 1959

Samvinna = árangur

Til árangurs með okkur!

Í 20 ár hafa Opin kerfi þjónað fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Einkunnarorð okkar eru þau sömu og stofnenda Hewlett-Packard: Samvinna og traust skila árangri.
Hjá Opnum kerfum starfar fjöldi sérfræðinga sem vill starfa með þér og tryggja þannig hagkvæmustu og bestu lausnina fyrir þig og fyrirtækið þitt.

Sérfræðingar Opinna kerfa leggja ríka áherslu á að þú getir treyst tölvubúnaðinum og einbeitt þér að verkefnum þínum í starfi og náð hámarksárangri.

Hewlett-Packard er í fyrsta sæti um allan heim:

- **#1** Blade netþjónar[1]
- **#1** Windows®, Linux® og UNIX netþjónar[2]
- **#1** SAN diska- og afritunarbúnaður[3]
- **#1** NAS diska- og afritunarbúnaður[3]
- **#1** Fartölvur[2]
- **#1** Borðtölvur[2]
- **#1** Lófatölvur[4]
- **#1** Bleksprautu- og geislaprentarar[4]
- **#1** Þjónusta við viðskiptavini[1]
- **#1** Viðskiptatryggð á netþjónum[5]
- **#1** EPA Evergreen viðurkenning fyrir umhverfisvæna stefnu[6]

OPIN KERFI

www.ok.is / Sími 570 1000

Heimildir um markaðshlutdeild HP: [1]Gartner, nóvember 2004. [2]IDC, febrúar 2005. [3]IDC, mars 2005. [4]IDC, Q3 2004. [5]Technology Business Research, október 2004. [6]www.epa.gov, febrúar 2005.

MÁTTURINN & DÝRÐIN 0405

KJÖRKASSINN

Á að breyta lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	94%
Nei	6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlarðu til sólarlanda í sumar?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Magnús Ragnarsson sjónvarpsstjóri Skjás eins:

Stendur ekki í leðjuslag

DÓMSMÁL „Nú bíðum við niðurstöðu frá sýslumanni vegna lögbannskröfu okkar og þangað til hún kemur tel ég ekki ráðlegt að standa í leðjuslag vegna þessa máls,“ segir Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, en fyrirtæki hans hefur krafist lögbanns á ráðningu Helga Steinars Hermannssonar, fyrrum dagskrárstjóra Skjás eins, til 365 ljósvakamiðla.

Magnús telur að Helgi Steinar hafi brotið trúnað með ráðningu sinni til 365 þar sem skýrt hafi staðið í ráðningarsamningi hans að hann megi ekki starfa í samkeppnisrekstri í heilt ár eftir uppsögn. „Lögbannskrafan var send á föstudaginn var og ég á von á að sýslumaður taki málið fyrir fljótlega. Þangað til vil ég sem minnst segja.“

Í Fréttablaðinu í gær komu fram alvarlegar ásakanir Helga á hendur Magnúsi. Sagði hann Magnús hafa hótað konu sinni og setið lengi í bíl fyrir utan heimili Helga. Magnús segir þetta orðum aukið en viðurkenndi að hafa setið fyrir utan hús Helga í von um að fá afhent þau gögn sem hann segir tilheyra Skjá einum en Helgi hafi haft á brott með sér. - aöe

Tekið skal fram að Fréttablaðið er gefið út af 365 prentmiðlum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

BROT Á SAMNINGI
Skýrt var kveðið á um í ráðningarsamningi Helga Steinars við Skjá einn að hann gæti ekki starfað hjá samkeppnisaðila í eitt ár eftir uppsögn.

Sveitarfélög:

Verða innan við hundrað

SAMEINING Sveitarfélög á Íslandi verða innan við eitthundrað afráði forsvarsmenn sveitarfélaganna fjögurra sem samþykktu sameiningu um helgina að steypa þeim í eina heild.

Í dag er 101 sveitarfélag í landinu og með sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps verða þau 98.

Fækkað hefði um eitt til viðbótar ef íbúum Skorradalshrepps hefði hugnast að sameinast nágrönnum sínum.

Tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga gera ráð fyrir að 46 sveitarfélög verði á Íslandi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári. - þþs

Sameining samþykkt í fjórum sveitarfélögum

Eitt af fimm sveitarfélögum norðan Skarðsheiðar felldi sameiningartillögu í kosningum á laugardag. Líkur eru á að sveitarfélögin sem samþykktu verði sameinuð í eitt.

SAMEINING Líklegt er að Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur verði sameinuð í eitt sveitarfélag. Í kosningum á laugardag samþykkti meirihluti íbúa sameiningu sveitarfélaganna fjögurra og Skorradalshrepps að auki en Skorrdælir felldu. Þar sem sameiningin var samþykkt af meirihluta allra íbúa þarf að kjósa aftur í Skorradal.

Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti Borgarfjarðarsveitar og formaður sameiningarnefndar, kveðst sæll og glaður með úrslit kosninganna en viðurkennir að heldur hefði hann kosið að hafa Skorradal með.

„Við bíðum eftir seinni kosningunni þar og ég skora á fólk að fara vel yfir málið og sjá hvort það eigi ekki betur heima með okkur en að standa eitt og sér,“ segir Sveinbjörn en vill engu spá um niðurstöðurnar.

SVEINBJÖRN EYJÓLFSSON

Hann telur þó litlu skipta fyrir hugsanlegt nýtt sveitarfélag hvort Skorradalur verður með eður ei. „Við náum fram langmestu af þeirri hagræðingu og þeim breytingum sem við ætluðum okkur með þessum fjórum sem samþykktu. En Skorradalurinn verður þá enn meira eyland á eftir. Þar eru 65 íbúar og þó að nálægðin og fámennið kunni kannski að vera notalegt á stundum getur það einnig verið mjög grimmt þegar svo ber undir.“

Hver sem úrslitin verða er nýtt og öflugt sveitarfélag norðan Skarðsheiðar í farvatninu, í það minnsta finnst Sveinbirni mjög líklegt að sveitarfélögin sem samþykktu sameinist. Í því byggju nálega 3.500 íbúar og yrði það fjórtánda fjölmennasta sveitarfélag landsins og það sjöunda fjölmennasta utan höfuðborgarsvæðisins.

Sveinbjörn segir helstu kosti sameinaðs sveitarfélags liggja í öflugu stoðkerfi til þjónustu við íbúana, sérstaklega í minni sveitarfélögunum. „Í annan stað held ég að styrkur þessarar sameiningar liggi í samkeppni við önnur sveitarfélög um fólk og fyrirtæki. Ég tel að það sé engin tilviljun hve mikið er að gerast í Árborg, Fjarðabyggð, Skagafirði og á Suðurnesjum. Þar sjáum við beina afleiðingu af sameiningu sveitarfélaga þar sem boðið er upp á þjónustu sem fólk og fyrirtæki kunna að meta. Þess vegna vill fólk vera þar.“

bjorn@frettabladid.is

NÝTT SVEITARFÉLAG?
Fjórtánda fjölmennasta sveitarfélag landsins er í farvatninu.

ÞANNIG FÉLLU ATKVÆÐIN:

	Atkvæði (kjörsókn)	Já	Nei
Borgarbyggð	770 (42%)	86%	12%
Borgarfjarðarsveit	294 (62%)	56%	41%
Hvítársíðuhreppur	39 (78%)	56%	41%
Kolbeinsstaðahreppur	67(94%)	52%	48%
Skorradalshreppur	45 (92%)	38%	62%

ÚTSALA
Á ERLENDUM BÓKUM
35-70% afsláttur
bóksala stúdenta
www.boksala.is Stúdentaheimilinu v/Hringbraut – s: 5 700 777

Nýr Alfa Romeo 147
*M.v. 30% útborgun og 84 mán. lánstíma.

21.781*
- á mánuði. Verð frá 2.150.000 kr.
PTTehf Malarhöfða 2a // 110 Reykjavík // sími 5709900 // www.alfaromeo.is

Íbúar Skorradalshrepps felldu sameiningartillöguna:

Skoðum hvort við þurfum að kjósa á ný

SAMEINING Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps, segir hreppsstjórn ætla að skoða hvort það standist að kjósa þurfi aftur um sameiningu í hreppnum. „Mér finnst undarlegt að þeir sem höfnuðu þurfi að kjósa aftur en þeir sem sögðu já fái ekki tækifæri til að endurskoða hug sinn. Þetta er klárleg mismunun.“

Hann segist ekki hafa trú á að niðurstöðurnar breytist þó að kosið verði á ný og bendir á góða kjörsókn og afgerandi úrslit máli sínu til stuðnings.

Um ástæður þess að þorri íbúanna hafnaði sameiningu segir Davíð: „Ég hugsa að menn hafi talið sig öruggari með eigin sveitarstjórn heldur en að vera jaðarbyggð í stóru sveitarfélagi.“ Og spurður eftir hverju sé að slægjast í Skorradalshreppi segir hann: „Við höfum staðið vel fjárhagslega, hér er lágmarksútsvar, fasteignagjöld með því lægsta sem gerist og þjónustugjöld frekar í lægri kantinum en hitt.“

DAVÍÐ PÉTURSSON
Telur meirihluta íbúa Skorradalshrepps frekar vilja hafa eigin sveitarstjórn en að vera jaðarbyggð í stóru sveitarfélagi.

Þetta er í þriðja sinn sem íbúar Skorradalshrepps hafna sameiningu við önnur sveitarfélög og veltir Davíð fyrir sér hve mikið þol menn hafa til að koma hreppnum í sambúð.

64 íbúar eru nú í Skorradalshreppi en séu innan við 50 búsettir í sveitarfélagi í þrjú ár samfleytt geta stjórnvöld ákveðið að það skuli sameina öðru sveitarfélagi. Fyrir nokkrum árum voru fluttar fréttir af því að fólk búsett á höfuðborgarsvæðinu hefði skrásett sig í Skorradalshrepp til þess eins að lyfta íbúatölunni upp fyrir 50. Davíð vísar slíku á bug. „Menn bjuggu til ýmsar sögur til að koma höggi á okkur. Hér voru ekki aðrir skráðir en hér áttu að vera. Hins vegar var gert í því að fækka íbúum, menn skráðu sig úr sveitarfélaginu þó að þeir byggju hér til að hægt væri að sameina án kosninga.“ - þþs

Hive Lite

Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

GOTT FÓLK McCANN

EF ÞÚ ERT MEÐ **HEIMASÍMANN** HJÁ SÍMANUM, **GSM** HJÁ OG VODAFONE EÐA ÖFUGT, HINSEGIN EÐA HVERNIG SEM ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ, GETUR ÞÚ FENGIÐ 4Mb **ADSL** TENGINGU OG 2GB NIÐURHAL Á AÐEINS **3.990,-***

*M.v. 12 mánaða samning.

VIÐ KÖLLUM ÞAÐ HIVE LITE.

Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars viljum við þakka frábærar viðtökur, en þúsundir Íslendinga hafa nú þegar svarað kallinu og fengið sér Hive - án skilyrða.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvernig hvalur sást í Reykjavíkurhöfn á laugardaginn?*

2 *Hver hefur stefnt Landspítalanum?*

3 *Hvaða tónlistarmaður hélt tónleika í Laugardalshöll á föstudaginn?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Hugsanleg sameining Lífeyrissjóðs sjómanna og Framsýnar:

Réttindareglur breytast óháð sameiningu

KJARAMÁL „Einhverjir munu missa spón úr aski sínum en aðrir munu fá meira en þeir hafa hingað til fengið," segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna. Kosið verður um sameiningu hans við lífeyrissjóðinn Framsýn á miðvikudaginn kemur en bent hefur verið á að sjómenn muni bera skarðan hlut frá borði verði sameiningin að veruleika.

Árni segist skilja áhyggjur þeirra en bendir á að réttindareglur sjóðsins séu að breytast óháð þessari fyrirhuguðu sameiningu. „Þannig að engu breytir hvort hún gengur í gegn eður ei; greiðslur til sjóðsfélaga munu taka breytingum á næstunni. Við erum þarna að fylgja í fótspor annarra lífeyrissjóða sem eru að tryggja stöðu sína og bregðast við breyttum aðstæðum með sameiningu sem þýðir að sjóðirnir eflast til langframa."

Árni bendir á að starfsumhverfi lífeyrissjóða hafi gerbreyst hin síðari ár með auknum lífslíkum fólks og við því verði að bregðast áður en í óefni kemur. Sameiningin, ef af henni verður, sé hluti af því ferli.

- aöe

SJÓMENN
Með fyrirhuguðum breytingum á Lífeyrissjóði sjómanna munu greiðslur úr sjóðnum taka einhverjum breytingum burtséð frá því hvort sjóðurinn sameinast öðrum sjóðum eða ekki.

Dómsmálaráðherra á ráðstefnu SÞ:

Öryggi borgara sé tryggt

RÁÐSTEFNA Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, ávarpaði á laugardag elleftu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um baráttu gegn glæpum og opinbert réttarfar, sem lýkur í Bangkok í dag.

Í ræðu sinni talaði Björn um mikilvægi þess að einstök ríki finni hinn gullna meðalveg til að tryggja öryggi borgaranna, nauðsyn þess að virkja almenning til samstarfs við þá sem gæta almannaöryggis, að hindra þurfi misnotkun á nýrri tölvutækni í þágu glæpa og að nýta þurfi ný úrræði í réttarkerfinu. - bs

RÝKUR ÚR GLUGGUM
Þegar slökkvilið bar að garði logaði á annarri og þriðju hæð hússins. Reykkafarar gengu úr skugga um að húsið væri mannlaust.

HREINSAÐ TIL
Það tók slökkvilið rúma klukkustund að ráða niðurlögum eldsins.

Eldur við Mýrargötu:

Tveir eldsvoðar í sama mánuði

ELDSVOÐI Eldur kom upp í stóru húsi við Mýrargötu í Reykjavík rétt fyrir miðnætti á laugardagskvöld. Tilkynnt var um eldinn laust fyrir klukkan hálftólf og þegar slökkvilið kom á vettvang logaði glatt í innréttingum á annarri og þriðju hæð, en húsið er þriggja hæða. Reykkafarar gengu úr skugga um að húsið væri mannlaust. Slökkvistarf gekk greiðlega og lauk rétt fyrir klukkan eitt.

Þetta er í annað sinn á tæpum mánuði sem eldur kemur upp í húsinu en það á að rífa í tengslum við endur- og uppbyggingu Mýrargötunnar. Fyrir liggur að útigangsmenn hafa haldið til í húsinu sem er vart meira en fokhelt. Til stóð að innrétta í því íbúðir fyrir nokkrum árum en af því varð ekki.

Eldsupptök eru óljós en grunur leikur á að kveikt hafi verið í, þar sem hvorki rafmagn né vatn er tengt í húsinu. Lögregla annast rannsókn málsins. - bs

allt að 50% ódýrari

Öll helstu merkin í verkfærum.
Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skúfum og saum.
Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

15.600 kr. GASHITIARI 13kw hæð 220cm
8.595 kr. KEÐJUSÖG RAFMAGNS 405 mm
690 kr. pr.stk HRÍFA BEÐAKLÓRA BEÐASKAFA
1.190 kr. ÚTI VEGGLJÓS HVÍTT / SVART
4.990 kr. HJÓLSÖG 185 M/LEISER
1.550 kr. BÓNVÉL
3.490 kr. HÖGGBORVÉL ZEMA 1050w
1.990 kr. SMERGEL 125mm 150w
38.900 kr. DEWALT 988 K2 18 VOLT M/HÖGGI 2 RAFHLÖÐUR
14.900 kr. LOFTPRESSA 2hk 24 LÍTRA

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
– meira fyrir minna

Fræðslunet Austurlands í viðræðum við Open University:

Meistaragráða með fjarnámi

FJARNÁM Fræðslunet Austurlands (FNA) hefur undanfarna mánuði unnið að því að koma á samstarfi við einn stærsta fjarnámsskóla í heimi, Open University í Bretlandi, en um 200 þúsund nemendur stunda fjarnám við skólann. Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri FNA, segir nýjan heim opnast Íslendingum gangi samningar eftir, ekki síst þeim er vilja leggja stund á meistaranám, en hann segir slíkt nám ekki hafa staðið Íslendingum til boða með fjarnámssniði.

Sigurður segir að Open University útskrifi nemendur með BS og BA gráðu en einnig meistaragráðu í flestum greinum sem almennt eru kenndar á háskólastigi. „Við vildum fá erlendan skóla í samstarf til að auka framboð á fjarnámi á Austurlandi en gangi samningar eftir skapast ný tækifæri fyrir alla landsmenn. Margir sem lokið hafa þriggja ára háskólanámi hafa af ýmsum ástæðum veigrað sér við að fara utan í meistaranám og nú bendir allt til

MARK LATHAM OG SIGURÐUR ÓLAFSSON
Latham kom í janúar til Íslands til að kynna sér starfsemi FNA. Í byrjun næsta mánaðar fer Sigurður til Bretlands til að ljúka samningsgerð og segist hann bjartsýnn á að samningar náist.

að þeir geti lagt stund á framhaldsnám án þess að flytjast búferlum," segir Sigurður.

- kk

PHILIPS

Já, við erum hreykin, enn og aftur!



Þú færð flöt Philips hágæða sjónvörp alltaf á betra verði hjá okkur!

Philips Flat TV. Besta flata LCD sjónvarp í Evrópu. Hlaut EISA verðlaunin 2004-2005.



Kynntu þér málið á www.ht.is eða í verslun okkar í Sætúni 8

SJÁLFVIRKUR SKYNJARI
Vegagerðin hefur komið fyrir sjálfvirkum viðvörunarljósum við brúna á Jökulsá á Breiðamerkursandi sem sýna blikkandi gul ljós þegar bíll nálgast brúna. Árlega hafa orðið nokkur slys við brúna þegar ökumenn hafa ekki áttað sig á að bifreið væri að koma úr gagnstæðri átt.

Persónuvernd um frumvarp um hleranir lögreglu:

Samrýmist ekki meðalhófsreglu

PERSÓNUVERND Persónuvernd telur mikilvægt að ekki verði gengið lengra en brýna nauðsyn beri til þegar um er að ræða jafn almenna og umfangsmikla skráningu á persónuupplýsingum og gert er ráð fyrir í nýju frumvarpi um breytingu á lögum um fjarskipti.

Björn Geirsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segir að í umsögn stofnunarinnar komi fram að Persónuvernd telji að varðveislutími gagna um fjarskiptaumferð samrýmist ekki meðalhófssjónarmiðum. Gert sé ráð fyrir árs varðveislutíma en Persónuvernd telji sex mánuði nægja eins og er víðast annars staðar.

Það að fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að halda skrá yfir kaupendur símakorta telur Persónuvernd koma í veg fyrir síðustu möguleika almennings á því að hringja með leynd, til dæmis í fjölmiðla.

Þá telur Persónuvernd ákvæði um að fjarskiptafyrirtækjum verði skylt að veita lögreglu upplýsingar um eiganda eða notanda símanúmers eða vistfangs án dómsúrskurðar orka tvímælis, því þá verði auðveldara að fylgjast með einkalífi hans. - ghs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BJÖRN GEIRSSON
Lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Líbíumaður í Bretlandi:

Kvalinn á Kúbu

LONDON, AP Omar Deghayes, 35 ára maður búsettur í Bretlandi, segist hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi af hálfu bandarískra hermanna meðan hann var fangi í fangabúðum Bandaríkjahers, bæði í Afganistan og í Guantanamo á Kúbu.

Hann segir bandaríska verði í Guantanamo meðal annars hafa blindað sig á öðru auga með því að nota piparúða og binda fyrir augað.

Deghayes er líbískur ríkisborgari en hefur réttarstöðu sem flóttamaður í Bretlandi. Fjölskylda hans flúði þangað frá Líbíu á níunda áratug síðustu aldar. ■

EZER WEIZMAN
Fyrrverandi forseti Ísraels lést í gær áttræður að aldri.

Fyrrverandi forseti Ísraels:

Lést í gær

TEL AVIV, AP Ezer Weizman, fyrrverandi forseti Ísraels, lést í gær, áttræður að aldri.

Weizman var forseti Ísraels á árunum 1993 til 2000. Hann var flugkappi og herforingi sem byggði upp flugher landsins og átti ríkan þátt í að Ísraelsmönnum tókst að semja frið við Egyptaland árið 1978. Þetta var fyrsti friðarsamningur landsins við arabaríki.

Hann hafði átt við öndunarerfiðleika að stríða á síðustu mánuðum og var oft lagður inn á sjúkrahús. Jarðarförin verður væntanlega gerð á þriðjudag. ■

Ratzinger vígður páfi

Benedikt sextándi er formlega tekinn við embætti páfa. Hátíðleg innsetningarathöfn var haldin í gær í Pétursskirkjunni í Róm.

RÓM, AP Joseph Ratzinger tók í gær formlega við embætti páfa undir nafninu Benedikt sextándi. Hátíðleg innsetningarathöfn var haldin í Pétursskirkjunni í Róm.

Í ræðu sinni sagðist páfi ekki ætla að stjórna samkvæmt sínum eigin vilja, „heldur að hlusta, ásamt allri kirkjunni, á orð og vilja drottins, að njóta leiðsagnar hans til þess að hann sjálfur muni leiða kirkjuna á þessari stund í sögu okkar“.

Benedikt hóf athöfnina með því að ganga að gröf Péturs postula í Pétursskirkjunni og votta honum virðingu sína. Síðan blessaði hann gröfina meðan kór söng.

Strax að messu lokinni hélt páfi út á Pétursstorgið í hvítri opinni bifreið umkringdur óeinkennisklæddum vörðum.

Forveri Benedikts, hinn nýlátni Jóhannes Páll II, fór fótgangandi um torgið en af öryggisástæðum var ákveðið að Benedikt myndi notast við bifreið, en engar skotheldar rúður skýldu honum þó.

Eitt táknrænasta augnablik athafnarinnar var þegar hinum nýja páfa voru afhentir tveir munir. Annar er fiskimannshringurinn, sem svo er nefndur, með greyptri mynd af Pétri postula að kasta fiskinetum. Hinn hluturinn er þunnt ullarsjal sem páfi ber á öxlum sínum og táknar það hlutverk páfa að vera hirðir er gætir hjarðar sinnar.

Ráðamenn frá fjölmörgum löndum voru viðstaddir athöfnina, þar á meðal Silvio Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu, Alexander Kwasniewski forseti Póllands og Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands.

Talið var að allt að hálf milljón manns hefði verið stödd á Pétursstorginu og í næsta nágrenni þess meðan athöfnin stóð yfir. Þar á meðal voru líklega um það bil hundrað þúsund Þjóðverjar.

Víða um heim fylgdust kaþólskir menn spenntir með athöfninni og fögnuðu hinum nýja páfa, þótt umdeildur væri. Hvergi var þó meira fagnað, að Rómarborg undanskilinni, en í smábænum Traunstein sunnan til í Þýskalandi. Þar ólst Joseph Ratzinger upp og þangað hefur hann komið á hverju ári.

„Þetta kom svolítið á óvart,“ sagði Rupert Berger, kaþólskur prestur í Traunstein og æskuvinur hins nýja páfa.

gudsteinn@frettabladid.is

MYND AP

PÁFINN Á PÉTURSTORGINU
Benedikt sextándi veifar til mannfjöldans úr bifreið sinni á Pétursstorginu í Róm strax að lokinni innsetningarathöfninni.

Prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík:

Sendi kaþólsku kirkjunni tóninn

PREDIKUN Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur Fírkirkjunnar í Reykjavík, sagði kaþólsku kirkjuna fara gegn vilja Guðs og lífinu sjálfu í predikun sinni í gær. Líkti hann afstöðu hennar til getnaðarvarna við „dauðastefnu“ frekar en stefnu til lífs og sagði afturhaldssemina ráða för.

Hjörtur Magni sagði kaþólsku kirkjustofnunina berjast gegn jafnræði kynjanna, gegn því að trúarhefðin og ritningarnar séu túlkaðar út frá reynsluheimi kvenna og að konur eigi ekki að vera jafn réttháar körlunum sem halda um völdin innan stofnunarinnar. Slíkt sé andstætt sannri kristni. „Kristur segir aftur á móti í ritningunum að engin munur skuli vera á konum og körlum. Eru konur ekki skapaðar í Guðs mynd eins og karlar? Jú, vissulega eru þær það. Eigum við að trúa því að konur hafi verið skapaðar með minni dómgreind en karlar? Því trúum við ekki,“ sagði hann meðal annars.

Vali kardinálanna á nýjum páfa lýsti fríkirkjupresturinn svo: „Fyrir örfáum dögum valdi hópur aldraðra karla nýjan páfa. Þetta var lokaður hópur einhleypra karla sem lifa og hrærast í íhaldssömum hugarheimi miðalda.“ - bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON
Sagði meðal annars að stofnunarvæðing trúarinnar væri arfleifð miðalda, böl kirkjustofnunarinnar sem fært hefur verið yfir á saklausan almenning.

Nicotinell®

Classic

Niktótíntyggigúmmí · 2 og 4 mg.

Nýtt bragð

til að hætta að reykja

Nú fæst mjúka Nicotinell tyggjóið líka "bragðlaust"
(án viðbættra bragðefna)

Fæst í öllum apótekum

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

ARNARSON.TK · NIC-002-130105

24 stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÓLAFUR GAUKUR ÞÓRHALLSSON GÍTARKENNARI

Heimsækir börnin í Bandaríkjunum

„Það er helst frá því að segja að við erum að ljúka vornámskeiði í gítarskólanum um þessar mundir," segir Ólafur Gaukur Þórhallsson gítarkennari. Ólafur tekur sér hlé frá gítarkennslu yfir sumarmánuðina en hlakkar til haustsins sem markar tímamót, því skólinn er að verða 30 ára gamall. Og það er ekkert lát á aðsókninni. „Nemendum fer alltaf fjölgandi og við erum með marga efnilega gítarleikara. Við hrósum okkur líka af námsefninu sem er allt frumsamið. Mér finnst alltaf jafn gaman að kenna, enda hef ég verið heppinn að fá mikið af góðu fólki á öllum aldri, allt frá átta ára upp í sjötugt."



Ólafur hefur ekki skipulagt sumarið í þaula en finnst ekki ólíklegt að hann verji því í Bandaríkjunum eins og svo oft áður. „Börnin mín tvö búa ytra. Sonur minn er læknir á austurströndinni en dóttir mín söngkona á vesturströndinni. Þau kynntust Bandaríkjunum þegar ég var þar í námi og það má kannski segja að það hafi orðið til þess að ég hafi misst þau út," segir Ólafur og hlær. Sumar gekk í garð á fimmtudag en Ólafur gaf enga sumargjöf, hann hætti því eftir að börnin fluttu að heiman. „Sumardagurinn fyrsti er svo snemma í árinu og það er sjaldgæft að það sé svona gott veður eins og á fimmtudag. Ég gef Svanhildi kannski eitthvað þegar nær dregur."

SVONA ERUM VIÐ

64 BÚA Í SKORRADALSHREPPI

Heimild: Hagstofan

SJÓNARHÓLL

HÚS GAMLA MJÓLKURSAMLAGSINS RIFIÐ

GÍSLI EINARSSON FRÉTTAMAÐUR

Bæjarprýði af húsinu

„Ég er mótfallinn því að húsið sé rifið," segir Gísli Einarsson fréttamaður um þá ákvörðun bæjaryfirvalda Borgarbyggðar að rífa hús gamla Mjólkursamlagsins, sem byggt var eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, fyrrum húsameistara ríkisins. Á mótmælafundi rituðu 54 undir áskorun til bæjaryfirvalda í Borgarbyggð um að stuðla að varðveislu hússins.

„Mér þykir bæjarprýði af því," segir Gísli sem býr í næsta nágrenni við húsið og vill að það verði lagað og gert sem líkast því sem það var er það var upp á sitt besta. Þá segir hann að það vanti samkomuhús í Borgarnesi og henti gamla Mjólkursamlagshúsið vel bæði hvað varðar stærð og staðsetningu. Gísli komst ekki á mótmælafundinn en hefði skrifað undir áskorunina öðrum kosti. „Ég geri mér grein fyrir því að það kostar peninga að gera upp og viðhalda gömlum húsum," segir Gísli en bendir á að gömul hús á Íslandi séu af skornum skammti.

Fimm mínútum frá sigri

Tómas Helgason, Íslandsmeistari í pípulögnum, var nálægt sigri á Norðurlandamótinu. Hinn danski Henrik Hansen bar sigur úr býtum. Forseti Íslands er kominn af pípara.

„Tómas gat ekki klárað lítinn skrúfbút á föstudeginum og fyrir vikið voru dregin af honum fimmtán stig," segir Skarphéðinn Skarphéðinsson, formaður Félags pípulagningameistara, um frammistöðu Tómasar Helgasonar á Norðurlandamótinu í pípulögnum sem lauk í Perlunni á laugardag.

Keppendur höfðu ákveðinn tíma til að ljúka hverju verkefni fyrir sig en Tómas þraut tíminn. Hann þurfti ekki nema fimm mínútur til að ljúka verkefninu en þær fimm mínútur reyndust honum dýrar. „Það má segja að hann hafi verið fimm mínútum frá sigri því hann hefði komið sterkur inn ef honum hefði tekist að klára þetta," segir Skarphéðinn.

Mótið tókst vel í alla staði og fjöldi fólks lagði leið sína í Perluna til að fylgjast með keppendum. Áhorfendur fengu mikið fyrir sinn snúð enda spennan talsverð og handtökin fyrsta flokks.

NORÐURLANDAMEISTARINN Henrik Hansen frá Danmörku sigraði á Norðurlandamótinu í pípulögnum sem lauk í Perlunni á laugardag.

FIMM MÍNÚTUM FRÁ SIGRI Íslandsmeistarinn Tómas Helgason tapaði fimmtán dýrmætum stigum og tókst því ekki að blanda sér í toppbaráttuna.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra voru bæði við setningu mótsins á fimmtudag og Ólafur og Rannveig Guðmundsdóttir, formaður Norðurlandaráðs, snæddu hátíðarkvöldverð með keppendum og aðstandendum mótsins í Perlunni á laugardagskvöld.

Skarphéðinn segir að forsetinn hafi sýnt mótinu mikinn áhuga og í ljós hafi komið að hann á ekki langt að sækja áhugann á pípulögnum. „Hann hafði mjög gaman af þessu og það kom í ljós þegar hann fór að grafa aftur í sína fortíð að afi hans hafði unnið við pípulagnir í Dýrafirði á sínum tíma. Hann hefur því mikinn áhuga á pípulögnum."

bjorn@frettabladid.is

Karlar sitja ekki einir að mikilvægri atvinnugrein:

Víst eru konur á grásleppu

Í það minnsta tvær konur eru á grásleppu þessa vorvertíðina og kunna að vera fleiri. Fullyrt var í blaðinu á dögunum að aðeins karlar væru á vertíðinni nú en það er sumsé rangt.

Að sögn Hilmars Zophoníassonar formanns Skalla, félags smábátaeigenda á Norðurlandi vestra, róa tvær konur til grásleppu úr Fljótunum og hafa gert síðustu ár. „Þetta eru sannkallaðar kjarnakonur," segir Hilmar og á þar við Rannveigu Pétursdóttur sem er á Von SK 25 og Sigurhönnu Ólafsdóttur á Petru SK 18. - bþs

Óheppni:

Föst í baði í fimm daga

Hin 75 ára gamla Jane Fromal var aldeilis komin með rúsínuputta á dögunum. Á föstudegi lét hún renna í heitt bað á heimili sínu í Bandaríkjunum í von um að slá á þrálátan verk í rófubeini. Eftir að hafa legið í baðinu í drykklanga stund fór hún að hugsa sér til hreyfings en uppgötvaði sér til skelfingar að hún gat hvorki hrært legg né lið. Við það sat og Fromal lá föst í baðkarinu næstu fimm daga, eða þar til athugull nágranni vitjaði hennar og bjargaði úr baðinu.

Fromal var frelsinu fegin þegar hún losnaði úr prísundinni og hennar fyrsta verk var að væta kverkarnar með kóki og reykja sígarettu. Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem Fromal festist í baðkarinu sínu, en fjölskylda hennar íhugar að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. - bs

Sterkur leikur

Fyrstir til að tryggja kaupendum fast endursöluverð

Nánari upplýsingar á www.komatsu.is

KOMATSU TEKUR FORYSTUNA

KRAFTVÉLAR EHF. · Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur · Sími 535 3500 · Fax 535 3509 · www.kraftvelar.is

SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

Veldu það besta!

SOFÐU VEL Í SUMAR

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING



Svefn & heilsa

Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

„Ég tel reglubundinn sparnað hluta af góðu uppeldi.“

Ungt fólk, sem leggur til hliðar, lærir að sýna aðhald í fjármálum og leggur um leið grunn að framtíðinni. Við stofnun Framtíðargrunns í Landsbankanum fæst 2.000 kr. mótframlag og forráðamaður og fermingarbarn fá viðtal við þjónustufulltrúa. Tryggðu barninu þínu góða þjónustu og skynsamlega ráðgjöf.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GOTT FOLK McCANN - 28374

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Vaxandi andstaða í Frakklandi við nýja stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Frakklandsforseti í kröppum sjó

Jacques Chirac, foreti Frakklands, reynir nú allt hvað hann getur til að fá franska kjósendur til að samþykkja nýja stjórnarskrá Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu í lok næsta mánaðar. Samkvæmt skoðanakönnunum virðist sem andstaðan við hina nýju stjórnarskrá aukist stöðugt í Frakklandi. Stjórnmálaskýrendur á meginlandinu eru nú farnir að velta því alvarlega fyrir sér hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir Evrópusambandið og Frakka ef þeir hafna stjórnarskránni. Bent hefur verið á að neitun Frakka væri ekki hliðstæð því að eitthvert smáríki í Evrópu segði nei í þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá, því að oft mætti koma til móts við smærri ríkin með smávægilegum breytingum. Það væri hins vegar ekki hægt í tilfelli Frakka. Þá er bent á að Frakkar séu meðal frumherjanna innan Evrópusambandsins og það yrði því mikill álitshnekkir fyrir frönsk stjórnvöld færu andstæðingarnir með sigur af hólmi.

Það er því ákaflega mikilvægt fyrir Frakklandsforseta að sannfæra landsmenn sína um ágæti hinnar nýju stjórnarskrár Evrópusambandsins, því að öðrum kosti eiga Frakkar á hættu að verða ekki eins áberandi og áhrifamiklir í Evrópu og fram að þessu.

Í breska blaðinu Financial Times kom fram sú skoðun í síðustu viku að ef allt færi á versta veg innan Evrópusambandsins varðandi nýju stjórnarskrána gætu Íslendingar hugsanlega komið til bjargar. Þeim yrði einfaldlega boðin aðild að sambandinu og samið við þá sérstaklega um sjávarútvegsmál. Þannig yrði að leggja fram breytta stjórnarskrá fyrir allar aðildarþjóðirnar.

Þetta var borið undir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og taldi hann þessa skoðun sem fram kom í Financial Times ákaflega langsótta. Í viðtali við Fréttablaðið sagði forsætisráðherra af þessu tilefni: „Ég hef ekki trú á því að þetta sé veruleikinn," segir Halldór. „Hins vegar finnst mér mjög gott að það skuli vera vakin athygli á sjónarmiðum Íslands sem hefur vantað upp á að væru rædd innan Evrópusambandsins. Við höfum mikla sérstöðu að því er varðar sjávarútveg og fiskveiðar svo að ég tel að þessi leiðari sé af hinu góða, að því leytinu til að hann vekur athygli á aðstæðum Íslendinga. En ég hef ekki trú á því að menn fari að vinna mál sem þetta á þessum grundvelli."

Mikil umræða um afstöðu Frakka til þjóðaratkvæðagreiðslunnar 29. maí hefur haft áhrif í nágrannalöndunum. Sex þjóðir af 25 innan Evrópusambandsins hafa reyndar þegar samþykkt hina nýju stjórnarskrá, en nokkrum dögum eftir atkvæðagreiðsluna í Frakklandi verða greidd atkvæði í Hollandi og þar ber nú meira en áður á efasemdaröddum um stjórnarskrána. Leiðtogar nokkurra sambandsríkja í Þýskalandi hafa líka hótað að styðja ekki stjórnarskrána, nema með vissum skilyrðum og hæstiréttur landsins mun úrskurða nú í vikunni hvort efnt verður til þjóðaratkvæðagreiðslu eins og í mörgum öðrum löndum innan sambandsins.

Afstaða Frakka er talin hafa áhrif á inngöngu nýrra ríkja í Evrópusambandið. Hugsanlegt er að aðildarviðræðum við Tyrki verði slegið á frest, en þær áttu að hefjast í haust og yfirstandandi viðræðum við Búlgaríu og Rúmeníu seinkaði. Það er því ákaflega mikilvægt fyrir Frakklandsforseta að sannfæra landsmenn sína um ágæti hinnar nýju stjórnarskrár Evrópusambandsins, því að öðrum kosti eiga Frakkar á hættu að verða ekki eins áberandi og áhrifamiklir í Evrópu og fram til þessa. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

26 dagar

Í dag eru 26 dagar þar til úrslit í formannskjöri Samfylkingarinnar verða kynnt. Í síðustu viku voru atkvæðaseðlar sendir til allra skráðra félaga í flokknum. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum fjölgaði skyndilega í Samfylkingingunni í aðdraganda formannskjörsins. Fjölgunin nam rúmum 50 prósentum. Með öðrum orðum þá voru þrettán þúsund manns skráð í flokkinn um síðustu áramót en þegar atkvæðaseðlarnir voru sendir út voru félagarnir orðnir tuttugu þúsund. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir smalaði rúmlega tvö þúsund nýjum félögum í flokkinn og Össur Skarphéðinsson einhverju svipuðu. Þetta þýðir að fjögur þúsund nýir félagar skráðu sig í gegnum kosningaskrifstofur eða starfsstöðvar frambjóðendanna tveggja. Þrjú þúsund manns fundu síðan knýjandi þörf hjá sjálfum sér til að ganga í flokkinn. Fróðlegt væri að sjá listann yfir þessa þrjú þúsund sjálfstæðu einstaklinga. Ekki væri síður fróðlegt að sjá hvorn frambjóðandann hinir sjálfstæðu kjósa.

Óvæntur „stuðningur"

Svona almennt er það tilfinning manna að Ingibjörg Sólrún hafi yfirhöndina í slagnum við Össur. Hann er samt á rólegri ferð upp á við og í Silfri Egils í gær fékk hann heldur óvæntan stuðning – reyndar óbeinan stuðning. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, hægri hönd Davíðs Oddssonar, lýsti því nefnilega yfir að R-listinn, í stjórnartíð Ingibjargar Sólrúnar, hefði fengið ríflegan fjárhagslegan stuðning frá Jóni Ólafssyni, fyrrum eiganda Norðurljósa og fleiri fyrirtækja. Hannes Hólmsteinn gekk reyndar svo langt að segja að fyrir kosningarnar 1994 þegar R-listinn náði völdunum af Sjálfstæðisflokknum hefði Jón Ólafsson greitt allan auglýsingakostnað flokksins. Hannes sagði Jón sjálfan hafa tjáð sér þetta í kvöldverðarboði heima hjá Jóhanni J. Ólafssyni haustið 1996.

Hvort þetta mun hjálpa Össuri í formannskjörinu skal ósagt látið. Líklegt verður þó að teljast að hinir sjálfstæðu taki mark á Hannesi Hólmsteini, eða hvað?

trausti@frettabladid.is

Nýyrðasmíðin er hvítigaldur

Mér finnst það skrýtið þegar ég heyri ungt fólk segja „nákvæmlega" í hvert sinn sem það samsinnir einhverju í stað þess að segja „einmitt" eða „jú" eða „jamm" eða „ja-há!" – jafnvel „svo er" eða „þannig er það nú í pottinn búið lagsm". Eða bara „já".

Mér finnst það einkennilegt að heyra ungt fólk tala um að eitthvað sé „þvílíkt mikið" eða „þvílíkt gott".

Mér finnst það furðulegt að heyra ungt fólk tönnlast á orðinu „skilurðu" áður en það hefur boðið manni upp á setningu sem gerir manni kleift að svara spurningunni.

Og hvað ætla ég að gera í þessu? Ekki neitt. Ég ætla bara að halda áfram að eldast og njóta þeirra forréttinda að finnast ungt fólk undarlegt.

Hvað ætti ég svo sem að gera: hringja á lögregluna? Klaga í Íslenska málstöð? Svo er komið málvitund okkar að það kann að virðast jafn tilgangslaust að amast við málfari annars fólks og að fetta fingur út í klæðaburð þess.

Málfar er klæðaburður þess. Málsniðin eru mörg og misklæðileg. Orðin eru fötin sem hugsanir okkar klæðast. Sumt fólk aðhyllist ljótt mál: það notar krumpugallaorð, talar í slitnum bolum og tjáir sig í endurunnum flís-frösum. Aðrir eru páfuglar orðanna: skreyta mál sitt með glaðlegum og litríkum en stundum nokkuð ósamstæðum orðum sem benda fremur á sjálf sig en einhverja hugsun. Sumt fólk er vandað og smekklegt og velur orðin ævinlega í réttum hljómi og viðeigandi en ögn dauflegum lit – annað fólk er smekklaust og velur gjarnan orð sem koma öðruvísi út en þeim var ætlað. Sumt fólk notar tungumálið til að dyljast en annað fólk er berort og lætur skína inn í kviku. Sumt fólk er haldið tilfinningalegri strípihneigð, flettir sig orðum, lætur okkur halda að það sé að sýna okkur raunverulegar kenndir sínar en er kannski bara að sýna eftirlíkingar á tilfinningum. Annað fólk er nákvæmt og vill segja satt. Sumt fólk notar bara eitt orð í einu og staldrar við í leit að hreinu orði; sumt fólk er frumlegt og finnur ótrúlega ilmrík, mjúk, hörð eða geislandi orð; sumt fólk talar með framandi hreim sem okkur getur fundist ómótstæðilega fallegur. Og sumt fólk er þvílíkt ekki að gera sig.

Í DAG
UMRÆÐAN UM HREINTUNGUSTEFNUNA

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Maðurinn frá Wales virtist standa í þeirri trú að hér væri rekin einstrengingsleg hreintungustefna þar sem orðum eins og „ókei" og „frík" og „brúka" sé úthýst jafnharðan af þungbúnum orðatollvörðum...

Og svo framvegis. Íslenskan á sér ótal mörg málsnið sem hvert og eitt hefur sín einkenni og sína fegurð. Það var hér maður á dögunum að ráða okkur Íslendingum heilt um það hvernig við eigum að skynja og umgangast tungumálið okkar. Hann kom frá Wales. Einhver kynni að segja að þangað sé fátt að sækja um það hvernig varðveita á örlítið tungumál en það er sama hvaðan heilræðin koma – séu þau góð. Að þessu sinni voru þau alveg prýðileg enda hefur verið farið eftir þeim hér á landi í að minnsta kosti tuttugu ár.

Maðurinn frá Wales virtist standa í þeirri trú að hér væri rekin einstrengingsleg hreintungustefna þar sem orðum eins og „ókei" og „frík" og „brúka" sé úthýst jafnharðan af þungbúnum orðatollvörðum. Ekki er alveg ljóst hvaðan honum kemur sú viska því í málinu er urmull erlendra tökuorða en vera kann að honum hafi vaxið í augum sá gamli siður Íslendinga að smíða nýyrði sér til skemmtunar. Í sjálfu sér er ekki auðvelt að útskýra hvers vegna skemmtilegt er að eiga orðið „síma" um „telefón" og hvers vegna mér þykir „rafmagn" fegurra en „elektrisítet"; hvers vegna mér finnst ágætt að geta stundum sagt „traktor" og stundum „dráttarvél", allt eftir því í hvaða skapi ég er – og hvers vegna auðveldara er að skilja fyrirbærið „blöndung" en karborator. Við verðum að láta okkur nægja að nefna að íslensku orðin hafa orðið til við umhugsun og þar með löngun til að brjóta fyrirbærið til mergjar. Það er nokkurs virði.

Orðin gefa okkur vald yfir fyrirbærunum. Með nýyrðasmíðinni tekurðu eitthvað ankannalegt og fjarlægt og tekur það í sundur, kryfur það – nefnir það. Þetta er það sem bókin Nafn rósarinnar fjallar um: í nafninu felst mátturinn. Með nýyrðasmíðinni hættir hinn afskekkti afdalamaður að vera utanveltu þiggjandi í veröldinni og skapar sjálfur eðli fyrirbæranna því að í nafninu felst eðlið. Þetta snýst um sjálfsvitund. Þetta snýst um tilfinningu fyrir sínu eigin framlagi í lífi sínu. Í nafninu felst galdurinn. Löngunin til að skapa í stað þess að þiggja, starfa þegar maður gæti allt eins hímt, nefna en ekki bara japla – þessi löngun er sjálft hið mennska undur. Nýyrðasmíðin er hvítigaldur okkar aldar. ■

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.tolvulistinn.is

DELL D505 Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

CENTRINO 2MB
Nýi Intel Centrino örgjörvinn er með 2MB flýtiminni og enn hraðvirkari en fyrri útgáfur

8xDVD SKRIFARI
Hágæða 8x hraða DVD skrifari til að skrifa heilu bíómyndirnar á DVD disk eða tónlist á CD disk

MJÖG HLJÓÐLÁT
Intel Centrino tæknin skilar því að DELL D505 ferðatölvan er mun lágværari en eldri ferðatölvur

ÞRÁÐLAUST NET
Dell ferðatölvan kemur með 54Mbps þráðlausu netkorti og er loftnetið innbyggt í skjáinn

15" SXGA SKJÁR
Ótrúlega skarpur og skýr háupplausnar skjár með 1400x1050dpi upplausn

AÐEINS 2.75KG
DELL D505 fartölvan er aðeins 2.75kg og með Centrino tækninni endist rafhlaðan í allt að 5 tíma

Örgjörvi	**1.7GHz Pentium M Dothan735** Intel Centrino með 2MB flýtiminni
Vinnsluminni	**512MB 333MHz DDR** Stækkanlegt í 1024mb
Harðdiskur	**60GB Ultra ATA100** 5400 RPM hraður og hljóðlátur
Skjár	**15" SXGA TFT Active Matrix** 1400x1050dpi háupplausnarskjár
Skjákort	**64MB Intel Extreme2** Intel Extreme Graphics2 með TV-út
DVD Skrifari	**8x DVD+RW geislaskrifari** Les og skrifar DVD og CD diska
Hátalarar	**Innbyggðir stereo hátalarar** Einnig innbyggður hljóðnemi
Þráðlaust	**54Mbps þráðlaust netkort** Intel PROWireless 2200 802.11g
Netkort	**10/100 base netkort** Og 56K módem innbyggt
Stýrikerfi	**Windows XP PRO - SP2** Á íslensku eða ensku, þitt er valið
Rafhlaða	**Lithium-ion, 6-Cell, 48Whr** Skilar allt að 5 tíma endingu

VERÐ 139.900

Algengt verð kr. 174.900 • Athugið takmarkað magn

MasterCard VISA

Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 144.827. og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

ELLA FITZGERALD (1918-1996)
fæddist þennan dag.

„Það skiptir ekki máli hvaðan þú kemur, heldur hvert þú ert að fara.“

Ella Fitzgerald var vinsælasta djasssöngkona Bandaríkjanna í meira en hálfa öld. Hún hlaut 13 grammy-verðlaun og seldi yfir 40 milljónir platna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Efasemdir um dagbækur Hitlers

Á blaðamannafundi þýska tímaritsins Stern árið 1983 lýsti Dacre lávarður, frægur breskur sagnfræðingur, efasemdum um uppruna dagbóka Hitlers. Hann hafði stuttu áður staðfest að þær væru ósviknar og sannarlega dagbækur Hitlers.

Tímaritið Stern hafði nokkrum dögum fyrr tilkynnt að fundist hefðu 60 dagbækur skrifaðar af Hitler sjálfum frá 1932 til dauða hans 1945.

Blaðamaður Stern sem komst yfir bækurnar sagðist hafa fundið þær á heylofti í Austur-Þýskalandi þar sem þær hefðu verið síðan þýsk flugvél hrapaði í stríðslok með ýmis leynigögn úr híbýlum Hitlers í Berlín.

Vegna efasemda Dacre voru bækurnar sendar í frekari rannsóknir og þá kom í ljós að pappírinn sem var notaður í þær var ekki framleiddur fyrr en eftir seinni heimstyrjöldina auk þess sem límið og blekið voru einnig mun yngra. Texti bókanna var einnig fullur af rangfærslum.

Síðar kom í ljós að dagbækurnar höfðu verið keyptar af Konrad Kujau sem hafði falsað þær listilega vel. Kujau fékk níu milljónir þýskra marka fyrir bækurnar. Blaðamaður Stern og falsarinn Kujau voru dæmdir í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir svik og fölsun árið 1985. Kujau nýtti sér síðar frægð sína og seldi falsanir á þekktum málverkum til dauðadags árið 2000.

25. APRÍL Dagbækur Hitlers ollu miklu fjaðrafoki., bæði þegar þær fundust og þegar uppgötvaðist að þær voru falsaðar.

MERKISATBURÐIR

1915 Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús brenna í mesta eldsvoða á Íslandi. Tveir menn farast.

1944 Fyrsta íslenska óperettan, Í álögum, er frumsýnd í Iðnó.

1971 200 þúsund manns mótmæla Víetnamstríðinu í Washington

1978 Jökull Jakobsson rithöfundur lætur lífið

1991 Bifreið er ekið á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk á Öræfajökli, í fyrsta sinn

1993 Boris Yeltsin kosinn forseti Rússlands

ANDLÁT

Þórarinn Guðlaugsson, húsasmíðameistari, Aðalgötu 5, Keflavík, lést þriðjudaginn 19. apríl.

Jóhanna Jóhannsdóttir, Marargötu 2, Vogum, lést fimmtudaginn 21. apríl.

JARÐARFARIR

13.00 **Hjörtur Magnús Guðmundsson**, Löngubrekku 47, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.00 **Oddný Hansína Runólfsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju.

15.00 **Heiður Sveinsdóttir** , Skógarási 8, Reykjavík, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Árni Þór Jónsson**, Lindargötu 57, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1599 Oliver Cromwell, þjóðhöfðingi Bretlands á lýðveldistímanum.

1840 Pjotr Iljitsj Tsjaíkovskí, tónskáld.

1912 Gladys Presley, móðir Elvis.

1940 Al Pacino, leikari.

1945 Björn Ulvaeus, fjórðungur ABBA-kvartettsins.

1946 Vladimír Shirinovskí, rússneskur stjórnmálamaður.

1947 Johan Cruyff, hollensk knattspyrnuhetja.

1976 Tim Duncan, körfuknattleiksmaður.



JÓNATAN ARNAR OG HÓLMFRÍÐUR

Alþjóðlegt dansmót:

Dönsuðu sig inn í úrslitin

Jónatan Arnar Örlygsson og Hólmfríður Björnsdóttir dansarar sýndu glæsileg tilþrif á opna meistaramótinu í samkvæmisdönsum í Gautaborg sem fram fór um helgina. Þau dönsuðu sig inn í úrslitin í suður-amerískum dönsum og höfnuðu í fimmta sæti. Jónatan og Hólmfríður kepptu í flokki ungmenna á aldrinum sextán til átján ára. Um er að ræða stórt alþjóðlegt mót og komu keppendur frá um tíu löndum, þar á meðal Englandi, Írlandi og Rússlandi.

Jónatan og Hólmfríður eru eitt efnilegasta danspar landsins; margfaldir Íslandsmeistarar í samkvæmisdönsum og þrefaldir Norðurlandameistarar í yngri flokkum. Þeim vex sífellt ásmegin í alþjóðlegum keppnum; í febrúar kepptu þau á opna meistaramótinu í Kaupmannahöfn og lentu þar í níunda til tíunda sæti.

Þau hafa dansað saman síðan þau voru níu ára og Jónatan meðal annars verið kjörinn íþróttamaður Seltjarnarness. ■

TÍMAMÓT: EÐVARÐ INGÓLFSSON, PRESTUR OG RITHÖFUNDUR, 45 ÁRA.

Enginn eldri en hann vill vera

„Þessi dagur var helgur í lífi manns þegar maður var strákur,“ segir Eðvarð Ingólfsson, prestur á Akranesi og rithöfundur, sem á 45 ára afmæli í dag. „Maður hefur öðruvísi og minni tilfinningu fyrir þessum degi þegar maður verður eldri. Kannski á þann hátt að nú vill maður fara að hægja á tímanum en þegar maður var ungur beið maður óþolinmóður eftir bílprófinu og því að hafa aldur til að komast inn á böll,“ segir Eðvarð, sem lítur um öxl á afmælisdaginn og þakkar fyrir það sem að baki er.

Eðvarð segist ekki ætla að halda sérstaklega upp á afmælið en ætlar að verja tímanum á guðfræðidegi presta á Vesturlandi, sem haldinn er einu sinni eða tvisvar á ári og endar með sameiginlegum kvöldverði. „Deginum verður vel varið og ætli ég fái svo ekki einhvern góðan eftirrétt hjá konu minni þegar ég kem heim.“

Eðvarð hefur skrifað nokkrar bækur og varð þekktur unglingabókahöfundur fyrir bækur eins og Fimmtán ára á föstu, Sextán ára í sambúð og Ástarbréf til Ara. Hann hefur einnig skrifað ævisögur Róberts Arnfinnssonar leikara og Ragga Bjarna söngvara, auk annarra. Hann hefur hins vegar ekki gefið út bók í langan tíma.

„Ég fæ góða útrás með því að skrifa fyrir kirkjuna. Ég er í stóru prestakalli, þarf alltaf að koma fram og tala og ekki mikill tími fyrir aðrar skriftir,“ segir Eðvarð, sem stundum laumast til að skrifa annað en kirkjulegan texta og segist finna hvíld í því. Hann vildi lítið gefa upp um hvað hann væri að skrifa en sagði það vera skáldsögutexta. Hann segir að ef hann gefi eitthvað út á næstu árum ætli hann að reyna að koma á óvart.

Annars segist hann oft vera spurður að því hvort hann sé hættur að skrifa og sumir haldi beinlínis að hann sé dauður. Hann segist þó vera á notalegum aldri, enda sé enginn eldri en hann vilji vera. ■

EÐVARÐ INGÓLFSSON Eðvarð skrifaði margar vinsælar unglingabækur á árum áður. Hann hefur ekki gefið út bók lengi en segist fá útrás með því að skrifa fyrir kirkjuna.

Aðalfundur Landverndar:

Björgólfur Thorsteinsson kjörinn formaður

Björgólfur Thorsteinsson var kjörinn formaður Landverndar á aðalfundi samtakanna sem haldinn var á Hellissandi á laugardag. Hann tekur við af Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur arkitekt sem hefur gegnt starfinu undanfarin fjögur ár.

Björgólfur er rekstarhagfræðingur að mennt og starfaði um árabil í fjárfestingabönkum í London og síðar í Reykjavík. Hann starfar nú sem sjálfstæður ráðgjafi. Hann var kjörinn í stjórn Landverndar á aðalfundi fyrir ári síðan og var nú einróma valinn sem formaður samtakanna. Við það tilefni sagðist Björgólfur vilja leggja áherslu á verndun hálendisins, fræðslu og umræðu um umhverfismál og umfjöllun um erfðabreyttar lífverur og hugsanleg skaðleg áhrif þeirra á umhverfið.

Tíu skipa stjórn Landverndar og voru fimm þeirra í kjöri á fundinum. Heiðrún Guðmundsdóttir umhverfisfræðingur var endurkjörin í stjórn. Ný í stjórn voru kjörin þau Davíð Aðalsteinsson bóndi og fyrrverandi alþingismaður, Lilja Pálmadóttir, Óskar Helgi Guðjónsson framkvæmdastjóri Ultima Thule og Þórunn Pétursdóttir landgræðslufulltrúi á Vesturlandi. ■

BJÖRGÓLFUR OG ÓLÖF Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, fyrrverandi formaður Landverndar, óskar eftirmanni sínum til hamingju.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Auðunn Kl. Sveinbjörnsson

svæfingarlæknir, Hlein, Álftanesi,

verður jarðsunginn frá Bessastaðakirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13.00.

Ingibjörg Óskarsdóttir

Guðmundur Auðunsson **Elizabeth Goldstein**
Sveinbjörn Auðunsson **Guðrún Elísabet Árnadóttir**
Guðbjörg Auðunsdóttir **Hartmann Kárason**
Erna Sif Auðunsdóttir **Dagur B. Agnarsson**
Ósk Auðunsdóttttir **Hermann Sigurðsson**
barnabörn og aðrir aðstandendur.

allt-fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

hús o.fl.
Allt til alls í garðinum BLS. 4
Sumarhúsgögn í Ikea BLS. 3

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	5.20	13.26	21.33
AKUREYRI	4.55	13.10	21.28

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 25. apríl, 115. dagur ársins 2005.

Fasteignasölur

101 Reykjavík	16
Atlas	20
Ás	6-7
Bifröst	13
Byr	25
Búmenn	25
Draumahús	21-24
Eignakaup	35
Eignalistinn	28
Eignamiðlun	25
Eignastýring	36
Fasteignamark.	10
Fasteignamiðl.	12
Fasteignam. Grafarv.	12
Fasteign. Hafnarfj.	18
Fast. & skip. Austurl.	35
Fasteignasala GÓ	14
Fasteign. Suðurnesja	14
Fyrirtækjasala Ísl.	15
Heimili	25
Hof	11
Hraunhamar	32-33
Húsalind	11
Húseign	29
Höfði	17
Neteign	31
Nethús	30
Nýtt fasteignasala	19
Remax	26 og 36
Stoðir	28
Valhöll	8-9
X-Hús	37
Þingholt	34

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 32

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki XX stk.
Keypt & selt XX stk.
Þjónusta XX stk.
Heilsa XX stk.
Skólar & námskeið XX stk.
Heimilið XX stk.
Tómstundir & ferðir XX stk.
Húsnæði XX stk.
Atvinna XX stk.
Tilkynningar XX stk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einbýlið er á einni hæð og afskaplega vel viðhaldið.

Einbýlishús með stórri verönd og fallegri lóð

Fasteignasalan Ás er nú með á sölu fallegt og fullbúið einbýli á einni hæð á Skeljatanga 8 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 135,9 fermetrar og bílskúrinn 34,1 fermetri.

Komið er inn í forstofu sem er með flísum á gólfi og skápum. Við tekur parketlagður gangur. Sjónvarpshol er einnig parketlagt en mögulegt er að breyta holinu í herbergi. Stofa og borðstofa eru sömuleiðis með parketi á gólfi.

Eldhúsið er með flísalögðu gólfi. Eldhúsið er búið góðri innréttingu, háfi, helluborði, stæði fyrir uppþvottavél og ofni í vinnuhæð. Frá eldhúsi er útgengt á verönd sem snýr í suður.

Tvö svefnherbergi eru í húsinu – bæði með skápum og parketi á gólfi. Baðherbergið er rúmgott, með flísum á gólfi og vegg. Góð innrétting er á baðherbergi, hornbaðkar og sturta.

Í þvottahúsi eru hillur og flísar á gólfi og þaðan er útgengt á lóð og innangengt í bílskúrinn.

Bílskúrinn er fullbúinn með hurðaopnara, hita, rafmagni, vatni og góðri lofthæð. Lóðin við húsið er sérlega falleg, veröndin er stór með skjólvegg, markísu og bomerít er á bílaplani með hita.

Ásett verð er 39,9 milljónir. ■

LIGGUR Í LOFTINU
í fasteignum

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. efnir til forvals verktaka fyrir lokað útboð vegna stækkunar og breytinga í svokallaðri norðurbyggingu flugstöðvarinnar, hinni upprunalegu flugstöð. Flugstöðvarbyggingin verður stækkuð til suðurs um fimm þúsund fermetra og skipulagi á annarri hæð verður jafnframt breytt eins og kemur fram á heimasíðu Víkurfrétta, vf.is. Gert er ráð fyrir að verkið hefjist í júní næstkomandi og því ljúki 1. júní 2006 en áætlaður framkvæmdakostnaður er 4,5 milljarðar króna.



Nýtt kvikmyndahús mun væntanlega rísa á höfuðborgarsvæðinu í nánustu framtíð. Sena, afþreyingarsvið Dags Group, hefur rætt við þrjá aðila vegna framkvæmdarinnar en bíóið mun verða í anda Smárabíós. Sena er einnig að skoða möguleika á að opna bíóhús erlendis.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LBI 26726 12/2004

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Gluggar málaðir
Tilvalið er að mála gluggana að innan sem utan nú þegar hlýna tekur í veðri því gott er að geta loftað út meðan á verkinu stendur. Í sumum tilfellum getur þurft að pússa gluggann og skafa burt gamla málningu til að fá sem jafnasta áferð.

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

S.Ó. Garðverk ehf.
Fagmennska í fyrirrúmi
Pallasmíði, hellulögn
Garðyrkjufræðingur, trjáplöntusala og vélavinna
Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

Pólýhúðun
Innbakað Duftlakk á alla málma

Pólýhúðum:
Utanhússklæðning
álgluggar
bárujárn
stálvirki
handrið
gler
sólbekki
vatnsbretti
o.fl.
o.fl
Þessir byggja til framtíðar...
...og við hjálpuðum þeim.
Vilt þú byggja til framtíðar?
Eigum á lager 350 RAL liti
Pólýhúðun ehf
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM
Ingi hefur heyrt frá viðskiptavinum sínum að skrautsteypan skapi suðrænt útlit á stéttina.

Skrautsteypan í stíl við húsin

Fyrirtækið Steypustöðin ehf. hefur selt sérstaka skrautsteypu í mörg ár en fyrst núna er fólk að átta sig á kostum hennar.

„Við erum eina fyrirtækið á Íslandi með þessa lausn á einni hendi en hugmyndin kemur upprunalega frá Bandaríkjunum. Steypuna er hægt að leggja hvar sem er, upp og niður brekkur eða í tröppur og er mikið úrval af litum til hjá okkur. Síðan eru sérstakar plastmottur með mynstrum sem er stimplað ofan á steypuna svo úr verður sérstakt mynstur á stéttinni," segir Ingi Þór Guðmundsson, deildarstjóri sölu- og markaðssviðs Steypustöðvarinnar.

Skrautsteypan færir fólki vissulega marga kosti þar sem yfirborðið er slitþolið, gróður, olía og feiti ná ekki festu og mjög auðvelt er að þrífa steypuna. Fólk þarf því ekki að eyða heilu dögunum í það að skrapa mosa og annan gróður úr stéttinni. „Það hefur verið aukinn áhugi meðal viðskiptavina okkar á þessari lausn og fólk sér fyrir sér að losna algjörlega við mosann. Margir lakka stéttir þegar búið er að steypa eða helluleggja en mælt er með að lakka skrautsteypuna annað hvert ár svo hún haldist eins og ný. Síðan er ekkert mál að þrífa hana því það nægir að smúla yfir stéttina," segir Ingi.

„Það vinsælasta í dag eru stórir fletir og minimalisminn ræður ríkjum. Grár og svartur eru tískulitirnir og margir hafa skrautsteypuna í stíl við litinn á húsinu. Fólk vill helst hafa mynstrin í steypunni eins og það hafi verið hellulagt en við bjóðum upp á fjölmarga möguleika í mynstrum," segir Ingi Þór en fólk er meira að segja farið að nota skrautsteypuna inni á heimilunum. „Það er sífellt vinsælla enda skrautsteypan mjög hentug í afmörkuð rými eins og forstofu, bílskúr, eldhús og þvottahús."

Steypustöðin er með landslagsarkitekt á sínum böndum til að ráðleggja fólki við skipulag á garðinum. „Íburður í görðum er orðinn ansi mikill nú til dags en við erum með landslagsarkitekt sem tekur viðskiptavini okkar í fjörutíu mínútna ráðgjöf í sambandi við garðinn. Fólk kemur með mynd af garðinum og arkitektinn teiknar hann upp, bæði timbur, gróður og hellur," segir Ingi Þór en svipað verð er á skrautsteypunni og hefðbundinni hellulagningu.

lilja@frettabladid.is

Hægt er að leggja skrautsteypuna hvar sem er – á veggi, stétt eða tröppur.

Allt sem prýða má heimilið

Handbókin Verk að vinna er komin út hjá Almenna bókafélaginu.

Í bókinni er yfirlit um allt það helsta sem gera þarf heimili til góða og verða má til prýði, jafnt innandyra sem utan.

Í bókinni eru hugmyndir, lausnir, fróðleikur og heilræði og einnig er fjallað um viðhald og endurnýjun, smíðar og viðgerðir af ýmsu tagi. Aðferðum er lýst skref fyrir skref og í bókinni eru yfir þúsund skýringarmyndir og teikningar.

Höfundar bókarinnar eru allir sérfræðingar á sínu sviði og hafa langa reynslu af því að miðla almenningi fróðleik um verklag og vinnuaðferðir. Aðalhöfundurinn, Dag Thorstensen, er norskur trésmiður og blaðamaður sem skrifað hefur nær tuttugu bækur með leiðbeiningum um smíðar og viðhald.

Bókin er 359 blaðsíður og fullt verð er 9.990 krónur. Fram til 31. ágúst er bókin á sérstöku sumartilboði, 6.990 krónur. ■

Handbókin er á sérstöku sumartilboði til 31. ágúst.

Sumarið er komið

Verslun IKEA er stútfull af spennandi nýjum sumarvörum.

Sumarvörurnar eru komnar í IKEA en í ár hefur verslunin aukið vöruúrvalið af húsgögnum úr harðviði og litríkum vörum úr áli og plasti sem þola öll veður. Þar má einnig finna nýstárlega hægindastóla úr spanskreyr í skærum litum en einnig er mikið úrval af garðvörum, blómapottum og kerum. Að auki hafa bæst margar nýjungar við vöruúrvalið sem gefa stemmingu og stjörnuglampa á sumarkvöldum eins og skemmtilegar ljósaseríur og glasabakkar með ljósi.

Þeir sem vilja skreyta garðinn sinn hafa úr nægu að velja í IKEA, því þar er að finna krúttlega garðálfa, fagra steina og sveppi og leir auk þess sem óróar eru áberandi og til í mörgum útgáfum. ■

Mikið úrval er að allskyns skemmtilegum garðstólum í IKEA.



IKEA PS SÄVÖ stólinn er úr spanskreyr í skærum og björtum litum. Nýstárlegur hægindastóll sem hægt er að láta sér líða vel í.

Falleg og litrík garðlukt sem lífgar upp á tilveruna. Fæst í mörgum litum.



Risastór strandpoki með nægu plási fyrir handklæði, sundföt og sundbolta.

Falleg ljósaskreyting sem dugar bæði innan- og utandyra.

Garðkönnur fyrir unga sem aldna sem hafa gaman af garðstörfum.

Endingin ofar öllu!

Fagmennska og úrvalsmálning

Þakmálun ehf. sérhæfir sig í að mála þök og klæðningar.
Vönduð vinna unnin af reyndum fagmönnum og hin slitsterku Jotamastic og Pioneer Top Coat frá Jotun tryggja framúrskarandi endingu.
Láttu okkur gera tilboð.

ergo - 050218

ÞAKMÁLUN ehf.
Símar: 697 3592 og 8441011

JOTUN

Spring Air NeverTurn heilsudýnur

www.design.is @ 2005

Val um 100% náttúrleg gæðaefni

Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði

Tvíhert háþróað gormakerfi

THE NeverTurn MATTRESS

SPRING AIR

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á **ótrúlegu tilboði!**

Betra BAK

Faxafeni 5 • Sími 588 8477 www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

„Við leggjum okkur fram um að hafa garðinn eins léttan í umhirðu og kostur er," segir Samúel Örn.

Allt til alls í garðinum

Samúel Örn Erlingsson íþróttafréttamaður hleður batteríin með því að heilsa upp á hestana að vetrinum og rækta garðinn sinn á sumrin.

„Frá því í janúar og fram á vorið er hesthúsið mitt helsta athvarf. Þótt bílskúrinn hafi mikið aðdráttarafl þá hefur hesthúsið vinninginn. Reyndar veldur tímaskortur því að ég kemst ekki þangað eins oft og ég vildi en ég hef reynt að bæta það upp með því að fara í enn drýgri útreiðartúra þegar ég kemst á bak. Hestarnir kunna að meta það líka," segir Samúel Örn brosandi þegar hann er spurður hvar hann eigi sér athvarf.

Að sumrinu er það þó garðurinn heima sem er eftirlætisstaður íþróttafréttamannsins og á pallinum finnst honum frábært að hreiðra um sig þegar vel viðrar. „Við leggjum okkur fram um að hafa garðinn hlýlegan en eins léttan í umhirðu og kostur er," segir Samúel og bendir á sígrænar plöntur framan við stofugluggann og vatn í fossi og tjörn sem er líka fallegt allt árið. Í einu horninu er matjurtagarður sem fjölskyldan sækir grænmeti í þegar kemur fram á sumarið. „Þótt mér finnist fínt að dunda mér í garðinum þá hvílir umhirða hans að langmestu leyti á herðum konunnar," viðurkennir Samúel Örn. „Það er helst að ég sjái um að þrífa tjörnina og svo tek ég til hendinni við slátt-inn," segir hann hlæjandi og gefur garðeigendum það ráð að koma sér upp góðri sláttuvél – þá sé þetta ekkert mál. Á grasflötinni eru fótboltamörk þar sem dæturnar skora og sjá um að halda mosanum í skefjum í leiðinni. Það er semsagt allt til alls í garðinum.

Samúel Örn kveðst eiga athvarf víðar sem gott er að sækja frið og orku til og nefnir æskuslóðirnar í Rangárþingi. „Á Hellu komst ég fyrst í kynni við garðyrkju því að móðir mín er mikil ræktunarkona. Ég skrepp þangað oft yfir sumarið meðal annars til að heilsa upp á hestana sem eru þar í sumarhögum."

gun@frettabladid.is

Sama verð fyrir Jón og séra Jón

Fyrirtækið Súperbygg ehf. hefur verið til á Íslandi í mörg ár. Með nýjum eigendum hafa komið nýjar áherslur. Nú rekur fyrirtækið byggingavöruverslun í Hafnarfirði og hyggur á opnun annarrar verslunar í Reykjavík.

„Súperbygg ehf. var heildsala með sérlausnir í byggingarhluta eins og glugga og hurðir og er það reyndar enn," segir Steinar Árnason, annar eigenda Súperbyggs. „Í fyrra urðu eigendaskipti hjá fyrirtækinu og Íslendingar eignuðust í því meirihluta. Þá var farið að huga að því hægt og rólega að koma upp verslun. Nú erum við með verslun í Bæjarhrauni 8 í Hafnarfirði og sérstaðan er að verslunin er lágvöruverðsverslun. Það er bara eitt verð fyrir alla og ekkert verið að gefa afslætti, sama hvort það er Jón eða séra Jón. Þetta byggist auðvitað upp á því að mest allt er staðgreitt og þá getum við einbeitt okkur að því að vera með sem lægst verð."

Súperbygg í Bæjarhrauni er lágvöruverðsverslun þar sem allt fyrir iðnaðarmanninn og athafnamanninn fæst á góðu verði.

Í Súperbygg eru fáanlegar flestar gerðir af verkfærum svo og skrúfur, naglar og allar festingar. „Við erum með allt þetta smotterí sem athafnamenn og iðnaðarmenn þurfa að nota, en að auki allskonar plötur, spón og harðvið sem við bæði eigum á lager og sérpöntum fyrir fólk. Svo erum við að bæta við vörum hægt og rólega."

Súperbygg er nú í 900 fermetra húsnæði í Hafnarfirði, en eigendur eru að leita að öðru húsnæði í Reykjavík. „Þar ætlum við að opna aðra verslun og munum þá bæta við málningu, meira úrvali af gólfefnum, loftklæðningum og hreinlætistækjum." ■

Sigurður Guðmundsson verslunarstjóri er viðskiptavinum Súperbygg innan handar.

Handbók Byko fyrir garðinn er að finna á vefsíðunni byko.is

Handbók á vefnum

Gagnlegar upplýsingar fyrir garðeigandann.

Byko hefur gefið út handbók fyrir garðinn fyrir sumarið 2005 og er hægt að skoða hana í heild sinni á vefsíðu Byko sem er byko.is. Bókin eru á handhægu formi svo hægt er að stækka og skoða hverja síðu fyrir sig og prenta hana út sér til hægðarauka. Í handbókinni eru ýmsar gagnlegar upplýsingar sem við koma trépöllum, girðingum, sorpgeymslum, heitum pottum og öllu því sem viðkemur skipulagi og viðhaldi í garðinum. Texti og teikningar eru í höndum Björns Jóhannssonar landslagsarkitekts, en bókina prýða heilmargar skýringarmyndir og teikningar. ■

FASTEIGNASALA

Hafnarfirði
Fjarðargata 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

Eigendur fasteigna athugið: Lífleg sala - skoðum og verðmetum samdægurs

EINBÝLI

SKELJATANGI - GLÆSILEGT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ - MOSFELLSBÆR Fallegt og fullbúið EINBÝLI MEÐ BÍLSKÚR á einni hæð í Mosfellsbæ, íbúðin er 135.9 fm og bílskúrinn 34.1 fm, samtals 170 fm. Falleg gólfefni og innréttingar, stór stofa með kamínu, 2-4 svefnherbergi (eru tvö en möguleiki á einfaldan hátt að bæta við tveimum í viðbót). Stór verönd, steypt bómerít bílaplan með hita, fallegur garður. Þetta er eign fyrir vandláta. Verð 39,9 millj. 2510

FURUVELLIR - EINBÝLI Einbýli á einni hæð, 155,0 fm og bílskúr 44,3 fm, samtals 199,3 fm. Húsið afhendist fullbúið að utan steinað og lóð grófjöfnuð. Rúmlega fokhelt að innan, þ.e. búið að einangra, komnar raflagnir í útveggi, á bara eftir að sandspartla og hiti kominn í gólf. Upptekin loft. Afhent fljótlega. Verð 28,9 millj. 3624

KLAPPARHOLT - FRÁBÆRT ÚTSÝNI STÓRGLÆSILEGT 219,7 fm EINBÝLI á tveimur hæðum á frábærum ÚTSÝNISSTAÐ. Útsýni til austurs yfir Hafnarfjarðarhöfn, yfir Álftanes til fjalla og allan hringinn yfir Flóann til Snæfellsjökuls. Marmari og gegnheilt parket á gólfum. Möguleg 5 svefnherbergi. SÉRSTÆÐ STAÐSETNING. Verð 41,0 millj. 3084

VESTURVANGUR - GLÆSILEGT "" TVÆR ÍBÚÐIR "" Fallegt MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 241 fm EINBÝLI á tveimur hæðum, með aukaíbúð á neðri hæð, ásamt 49 fm BÍLSKÚR, samtals 290 fm. á mjög góðum stað í HRAUNINU í NORÐURBÆNUM. Verð 49,5 millj. 3610

ÞRASTARHRAUN - TVEGGJA ÍBÚÐAHÚS Falleg og vel með farið 244 fm einbýlishús með bílskúr og aukaíbúð í kjallara. Aðalhæðin er 155 fm með 4 svefnherbergjum. Aukaíbúðin er 63 fm með sér inngangi, bílskúrinn 26,2 fm, samtals 270,4 fm. Stór verönd með heitum potti. Falleg eign, stór stofa. Nýleg gólfefni. Björt og falleg eign sem vert er að skoða. Verð 46,5 millj. 3607

SELVOGSGATA - MIÐBÆR - LAUST STRAX Fallegt einbýli á tveimur hæðum, 117,7 fm. Þjú -fjögur svefnherbergi. Sólstofa með flísum, verönd. Klætt að utan. Falleg og góð eign. Örstutt í miðbæinn. LAUST STRAX. Verð 24,5 millj. 3580

RAÐ- OG PARHÚS

STEKKJARHVAMMUR - FALLEGT BJART OG FALLEGT 163,5 RAÐHÚS ásamt 25,2 fm bílskúr, samtals 188,7 fm á góðum stað í Hvömmunum. Fjögur svefnherbergi. TÖLUVERT ENDURNÝJAÐ. FALLEG RÆKTUÐ LÓÐ OG GÓÐ VERÖND. Verð 34,5 millj. 2176

VESTURTÚN - ENDARAÐHÚS - BESSASTAÐAHREPPUR Nýlegt og GLÆSILEGT 148,1 fm ENDARAÐHÚS á tveimur hæðum, ásamt 29,9 fm bílskúr, samtals 178 fm. á góðum og rólegum stað á ÁLFTANESINU. Fjögur svefnherbergi. Verð 35,8 millj. 3502

HÆÐIR 4RA–7 HERB.

HVAMMABRAUT - BJÖRT ÍBÚÐ Falleg og björt og rúmgóð 103,8 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð (var áður 3ja) í góðu fjölbýli. 3 rúmgóð herbergi. Nýleg innrétting á baði. Stórar suð-vestur svalir. Verð 18,9 millj. 3681

DAGGARVELLIR - LAUS STRAX GLÆSILEG 4ra herb íbúð á 5. hæð í nýju "VIÐHALDSLITLU" lyftuhúsi á góðum stað á VÖLLUM. STÆÐI Í BÍLGEYMSLU. Fallegar og vandaðar innréttingar, stáltæki í eldhúsi. LAUS STRAX. Verð 23,9 millj. 3667

ESKIVELLIR - STÆÐI Í BÍLGEYMSLU - LYFTUHÚS Aðeins ein íbúð eftir, 4ra herb. stærð 105,4 fm ásamt stæði í bílgeymslu. Sameign með lyftu, gengið út á svalir, SÉRINNGANGUR, einungis tvær íbúðir á svölum. Vönduð tæki og innréttingar. AFHENDING DESEMBER 2005. Verð 22,5 millj. 3662

KRÍUÁS - M. BÍLSKÚR Nýleg og falleg 4ra herb. 104,3 fm ENDAÍBÚÐ á 2. hæð, ásamt 36 fm BÍLSKÚR, samtals 140,3 fm. í nýlegu klæddu fjölbýli. SÉRINNGANGUR. Tvennar svalir. FRÁBÆRT ÚTSÝNI. Verð 24,9 millj. 3656

HERJÓLFSGATA - FRÁBÆR STAÐSETNING Falleg TALSVERT ENDURNÝJUÐ 4ra herb. 117,6 fm MIÐHÆÐ í góðu í þríbýli MEÐ ÚTSÝNI YFIR HÖFNINA og í HRAUNJAÐRINUM. Nýlegar innihurðar, gluggar og gler, legaliða rafmagnstafla, allt á baði, gólfefni og fl. Húsið er klætt að utan með Steni klæðningu. Verð 21,0 millj. 2307

ARNARSMÁRI - GULL FALLEG 4RA HERB. ÍBÚÐ Falleg 89,5 fm íbúð á 2. hæð í nýlegu litlu og góðu fjölbýli. Góð gólfefni og innréttingar, gott skipulag, stutt í alla þjónustu. Sjón er sögu ríkari. Sjá myndir og myndband um eignina á mbl.is, verð 20.5 millj. 3637

SUÐURHVAMMUR - ÞAK-ÍBÚÐ - 189 FM MEÐ BÍLSKÚR Glæsileg fimm herbergja ÞAK - íbúð á tveimur hæðum 160,1 fm í góðu fjölbýli, ásamt 29,2 fm BÍLSKÚR. Stórar ÞAKSVALIR í suður. Loft upptekin á efri hæð. FALLEGT OG BJÖRT EIGN Á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ. Verð 26,9 millj. 3596

LAUFRIMI - GÓÐ STAÐSETNING Falleg 98,4 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð í góðu fjölbýli, ásamt stæði í opinni bílageymslu. SÉRINNGANGUR af svölum.Falleg eign á góðum stað. Verð 18,9 millj. 3323

SUÐURVANGUR - GOTT ÚTSÝNI Falleg 114,4 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Þrjú svefnherbergi. Þvottahús inn af eldhúsi. Gott útsýni. Verð 16,5 millj. 3363

HÓLABRAUT - FALLEG EIGN Góð 82 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Húsið er almennt í góðu ástandi að utan og sameign er góð. Íbúðin að innan er töluvert endurnýjuð og vel með farin. Sjón er sögu ríkari. Verð 14,7 millj. 3318

HRINGBRAUT - MIÐHÆÐ MIKIÐ ENDURNÝJUÐ 101 fm 4ra herb. íbúð á MIÐHÆÐ í þríbýli. Þrjú svefnherb. Góðar innréttingar og gólfefni. Sjónvarps og símatengi er í hverju herbergi. SUÐURSVALIR. Björt og falleg eign sem vert er að skoða. Verð 21,9 millj. 2850

BÆJARHOLT - FALLEG Falleg 115,8 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Parket. SUÐURSVALIR. Gott útsýni. Stutt í skóla og leikskóla. Verð 19,4 millj.

3JA HERB.

HRAUNHVAMMUR - LAUS STRAX Falleg 88,7 fm 3ja herbergja hæð með SÉRINNGANGI í góðu tvíbýli. Stutt í miðbæ Hafnarfjarðar. ENDURNÝJAÐ ELDHÚS OG BAÐ. Verð 14,9 millj. 3679

LYNGHVAMMUR - GÓÐ ÍBÚÐ 64.1 fm 3ja herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýli á frábærum stað í Hafnarfirði, rólegt hverfi stutt í miðbæinn og sundlaugina. Sér inngangur. Verð 13,5 millj. 1783

GRÆNAKINN - FALLEG RIS ÍBÚÐ - ÚTSÝNI 80 fm risíbúð með sér inngangi í þríbýli. Íbúðin er hin vandaðasta, falleg gólfefni og innréttingar. Baðherbergi nýlega tekið í gegn. Falleg eign, töluvert endurnýjuð. Verð 15.5 millj. 3670

FLÚÐASEL - REYKJAVÍK Góð 3ja herb. íbúð á jarðhæð, nýtt sem 4ra herb. Flísar og parket á gólfum. Verð 16,0 millj. 3587

ÁLFHOLT - FALLEG 3JA HERB. ÍBÚÐ Góð falleg eign í góðu litlu fjölbýli (6 íbúðir). Sameign er góð svo og hús að utan. Verðlaunagarður, verönd. Útsýni gengið innaf fyrstu hæð. Stærð 89 fm, verð 16.5 millj. 3534

VITASTÍGUR - MIÐBÆR - MIKIÐ ENDURNÝJUÐ Falleg MIKIÐ ENDURNÝJUÐ. Miðhæð í þríbýli 72,1 fm. Tvö svefnherbergi. Örstutt í miðbæinn. Verð 14,9 millj. 3623

HELLISGATA - NEÐRI SÉRHÆÐ 76 fm 3ja herb. íbúð í miðbæ/vesturbæ. Tvö rúmgóð herbegi. Sér pallur á lóð, gott skjól, hraunlóð. Verð 14,3 millj. 3546

SKÚLASKEIÐ - HÆÐ Í TVÍBÝLI/FJÓRBÝLI Góð 60.7 fm 3ja-4ra herb. íbúð í tví/fjórbýli ásamt 16.7 fm og 7.2 fm geymslum í kjallara, samtals fm 84,6. Hægt er að gera 3ja svefnherb. í kjallara. Flísar á gólfum. Hús að utan almennt í góðu ástandi. Verð 15,9 millj. 3501

LAUFVANGUR - FALLEG EIGN Töluvert endurnýjuð eign á góðum stað í Norðurbænum. 3ja herbergja. Góð gólfefni og nýlegar innréttingar í eldhúsi og þvottahúsi. Rúmgóð og björt 90 fm íbúð á þriðju hæð. Gott útsýni. Verð 15.9 millj. 3310

SELJAVEGUR - REYKJAVÍK Góð 41,5 fm 3ja herbergja RISÍBÚÐ í 8 íbúða húsi. Íbúðin er stærri að gólffleti, einungis eru mældir fermetrar þar sem lofthæð fer yfir 1,80. Góð íbúð sem nýtist vel. Verð 10,2 millj. 2958

2JA HERB.

EFSTAHLÍÐ - SÉRINNGANGUR NÝLEG OG FALLEG 78,9 fm. 2ja herbergja NEÐRI SÉRHÆÐ í nýlegu fallegu tvíbýli á frábærum stað innst í botnlanga. FALLEGT ÚTSÝNI. Verð 17,5 millj. 3399

ÁLFASKEIÐ - FALLEG ÍBÚÐ Nýkomið falleg og vel skipulögð 2ja herb. 67 fm ibúð á fjórðu hæð. Fallegt útsýni og vel með farin íbúð, björt og skemmtileg. Verð 12.0 millj. 3644

LAUTASMÁRI - KÓPAVOGUR MEÐ BÍLSKÚR Nýleg og falleg 83, fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli, ásamt 25 fm BÍLSKÚR, samtals 107,5. GETUR LOSNAÐ FLJÓTLEGA. Verð 18,3 millj. 3626

ÞRASTARÁS - MEÐ STÆÐI I FALLEG 75 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í nýlegu LYFTUHÚSI, ásamt STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU á góðum stað í ÁSLANDINU í Hafnarfirði. Fallegar innréttingar. Parket og flísar. 3615

NÖNNUSTÍGUR - GÓÐUR STAÐUR Góð 42,1 fm 2ja herbergja ósamþykkt búð í kjallara þríbýlis. SÉRINNGANGUR. Endurnýjað gler, rafmagn, legaliðatafla. Verð 7,9 millj. 3423

ARNARHRAUN - TALSVERT ENDURNÝJUÐ Falleg ENDURNÝJUÐ 47,7 fm 2ja herb. íbúð. Ný innrétting í eldhúsi, plast parket og flísar á góflum. Svalir úr stofu. Verð 9,0 millj. 3395

LÆKJARFIT - SÉRINNGANGUR Góð 75 fm 2ja herbergja íbúð á neðri hæð í góðu fimmbýli með SÉRINNGANGI. Parket og flísar á gólfum. Hús í góðu ástandi, klætt að utan. Verð 12,5 millj. 2205

ATVINNUHÚSNÆÐI

RAUÐHELLA Nýkomið á sölu gott bil, 109,2 fm, gert er ráð fyrir millilofti, gluggar á efri hæð til staðar. Góð innkeyrlsuhurð, góð lofthæð í húsinu, frá ca. 4.4 m í 6.5 m. Laust við kaupsaming. Góð eign. Verð 9,5 millj. 3520

DALSHRAUN 1553 fm atvinnuhúsnæði á góðum stað í Hafnarfirði. Vinnslusalurinn er ca. 1270 fm, og lofthæð frá 3 m til 7 m. Húsið er klætt að utan með steni. Verð 120,0 millj. 3511

MIÐHRAUN - NÝLEGT ENDABIL Nýlegt og gott 424 fm ENDABIL á einni og hálfri hæð. Neðri hæð er 287,7 fm með tveimur góðum innkeyrsludyrum, hita í gólfi. Efri hæðin er 136,7 fm, samþykkt góður salur, 3 skrifstofur, geymsla, kaffistofa m/innréttingu, tölvuherbergi, baðherbergi. Tölvulagnir í öllum herbergjum. Lóð frágengin með hita, geymslu pláss bakatil fyrir 3 stk 20 - 40 feta gáma. Verð 44,5 millj. 3454

TIL LEIGU Í HAFNARFIRÐI - BÆJARHRAUN 6

Nýlegt og gott 191 fm versl.- og skrifst.húsn. á jarðhæð á besta stað í Hf., við Bæjarhraun beint á móti Húsasmiðjunni og KFC. Húsn. skiptist í 155 fm framhús og 36 fm vörumótt., lagerrými með góðum innkeyrsludyrum bakatil. Áberandi staðs., mikið augl.gildi, góð aðkoma, næg bílastæði. LAUST STRAX. Uppl. Björgvin sími 894-3755 3479

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali, Jónas Hólmgeirsson, Eirikur Svanur Sigfússon, Birna Benediktsdóttir, Melkorka Guðmundsdóttir, Laufey Lind Sigurðardóttir

EFSTAHLÍÐ - SÉRINNGANGUR

NÝLEG OG FALLEG 78,9 fm. 2ja herbergja NEÐRI SÉRHÆÐ í nýlegu fallegu tvíbýli á frábærum stað innst í botnlanga. FALLEGT ÚTSÝNI. Verð 17,5 millj. 3399

SKELJATANGI - GLÆSILEGT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ

Fallegt og fullbúið EINBÝLI MEÐ BÍLSKÚR á einni hæð í Mosfellsbæ, íbúðin er 135.9 fm og bílskúr 34.1 fm, samt. 170 fm. Falleg gólfefni og innr., stór stofa með kamínu, 2-4 svefnh. (eru tvö en mögul. á einf. hátt að bæta við 2 í viðbót). Stór verönd, steypt bómerít bílaplan með hita, fallegur garður. Eign fyrir vandláta. Verð 39,9 millj. 2510

VESTURTÚN - ENDARAÐHÚS - BESSASTAÐAHR.

Nýlegt og GLÆSILEGT 148,1 fm ENDARAÐHÚS á tveimur hæðum, ásamt 29,9 fm bílskúr, samtals 178 fm. á góðum og rólegum stað á ÁLFTANESINU. Fjögur svefnherbergi. Verð 35,8 millj. 3502

STEKKJARHVAMMUR - FALLEGT

BJART OG FALLEGT 163,5 RAÐHÚS ásamt 25,2 fm bílskúr, samtals 188,7 fm á góðum stað í Hvömmunum. Fjögur svefnherbergi. TÖLUVERT ENDURNÝJAÐ. FALLEG RÆKTUÐ LÓÐ OG GÓÐ VERÖND. Verð 34,5 millj. 2176

ARNARSMÁRI - GULL FALLEG 4RA HERB. ÍBÚÐ

Falleg 89,5 fm íbúð á 2. hæð í nýlegu litlu og góðu fjölbýli. Góð gólfefni og innréttingar, gott skipulag, stutt í alla þjónustu. Sjón er sögu ríkari. Sjá myndir og myndband um eignina á mbl.is, verð 20.5 millj. 3637

HVAMMABRAUT - BJÖRT ÍBÚÐ

Falleg og björt og rúmgóð 103,8 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð (var áður 3ja) í góðu fjölbýli. 3 rúmgóð herbergi. Nýleg innrétting á baði. Stórar suð-vestur svalir. Verð 18,9 millj. 3681

HRAUNHVAMMUR - LAUS STRAX

Falleg 88,7 fm 3ja herbergja hæð með SÉRINNGANGI í góðu tvíbýli. Stutt í miðbæ Hafnarfjarðar. ENDURNÝJAÐ ELDHÚS OG BAÐ. Verð 14,9 millj. 3679

GRÆNAKINN - FALLEG RIS ÍBÚÐ - ÚTSÝNI

80 fm risíbúð með sér inngangi í þríbýli. Íbúðin er hin vandaðasta, falleg gólfefni og innréttingar. Baðherbergi nýlega tekið í gegn. Falleg eign, töluvert endurnýjuð. Verð 15.5 millj. 3670

BÆJARHOLT - FALLEG

Falleg 115,8 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Parket.

SUÐURSVALIR. Gott útsýni. Stutt í skóla og leikskóla. Verð 19,4 millj.

LINNETSSTÍGUR 2

VEL STAÐSETT LYFTUHÚS Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR - MEÐ STÆÐUM Í BÍLAGEYMSLU

Nýkomnar í einkasölu glæsilegar íbúðir við Thorsplan í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru þriggja og fjögurra herbergja auk tveggja rúmgóðra þakíbúða. Stæði í bílageymslu Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna í ágúst 2005. Byggingaraðili Fjarðarmót ehf. Verð frá kr. 25,0 milj. Allar nánari upplýsingar hjá Ás fasteignasölu sími 520-2600 3743

LANDIÐ

LANDIÐ

HÓSKULDARVELLIR - GRINDAVÍK Fallegt 90 fm RAÐHÚS ásamt 26 fm BÍLSKÚR, samtals 116 fm. Baðherbergi nýlegt. Rólegur og góður staður. 3664

ÁSGATA - RAUFARHÖFN Fallegt og snyrtilegt 119,4 fm einbýli á einni hæð. Húsið hefur verið haldið vel við bæði að utan og innan. Laust við kaupsamning. Verð kr. 4,4 millj. 3536

TÚNGATA - EINBÝLI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA Gott einbýli á þremur hæðum 150,8 fm, ásamt bílskúr 35,1 fm, samtal 185,9 fm. Glæsilegt eldhús með nýrri innréttingu. Baðherbergi nýlega tekið í gegn. Verð 14,9 millj. 3474

STAÐARVÖR - GRINDAVÍK Fallegt 129 fm einbýli á einni hæð, ásamt 22 bílskúr, samtals 151 fm. 3 svefnherbergi. Góð staðsetning. Verð 13,9 millj. 1797

BORGARHRAUN - GRINDAVÍK TVEGGJA ÍBÚÐA HÚS. Fallegt TALSVERT ENDURNÝJAÐ 307,4 fm EINBÝLI/TVÍBÝLI, ásamt 24,4 fm BÍLSKÚR, samtals 331,8 fm. Efri hæðin er 195 fm með 5 svefnherbergjum. Neðri hæð er 112 fm með 2 svefnherbergjum. Verð Tilboð. 3315

URÐARVEGUR - ÍSAFIRÐI Falleg 131 fm 4ra herbergja NEÐRI SÉRHÆÐ í góðu tvíbýlishúsi. SÉRINNGANGUR. 3 svefnherbergi. Saunaklefi. Góð staðsetning. Verð 8,4 millj 3245

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Glerjun og gluggaviðgerðir !
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. múrun, málun og tré- smíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Húsaviðgerðir
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

Stíflulþjónusta

Stíflulþjónustan ehf
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stíflulþjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Tölvuviðgerðir - Vírushreinsanir - Uppfærslur
Start tölvuverslun,
Bæjarlind 1, Kópavogi.
Sími 544-2350, www.start.is

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Snyrting

Er húðin þurr?
Djúpnæring með hljóðbylgjum. 1/2 klst kr. 2.900- Greifynjan Hraunbæ 102, sími 587 9310. opið frá kl 9-20.

Flottar neglur.
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 869-8964.

Spádómar

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 98,9 visir FRÉTTABLAÐIÐ 90,9 98,9 visir

Cockteilsósa, Cockteilsósa.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Jeppakerrur,
Víkurvagnar

Ný verslun með skrifstofuvörur hefur opnað í Borgartúni 29.
Oddi.

Verslun iðnaðarmannsins.
Sindri, Klettagörðum Reykjavík.

Rafmótorar – gírmótorar
Fálkinn

Reimar í bíla
Fálkinn

Hjá Íslandsbanka bjóðast fjölmargir ávöxtunarmöguleikar fyrir sparnaðinn þinn.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun í verðbréfasjóðum okkar til 1. maí.
Íslandsbanki eignastýring.

Góðan daginn, góðan daginn.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Danskar bækur.
Penninn-Eymundsson Austurstræti

Átt þú spariskírteini á gjalddaga í apríl? Hjá Íslandsbanka bjóðast fjölmargir ávöxtunarmöguleikar.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun í verðbréfasjóðum okkar til 1. maí.
Íslandsbanki eignastýring.

Cockteilsósa
með frönskunum.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta.
Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.

Nýjar skrifstofuvörur frá Esprit í verslun Odda Borgartúni 29.
Oddi.

20% afsláttur af brauðosti í sérmerktum kílóastykkjum í næstu verslun.
Osta-og-Smjörsalan.

Hemlahlutir í bíla
Fálkinn

Lífið er dásamlegt.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Rafhlöður í neyðarljós.
Rafhlöðubúðin Rafborg.

Mjólkurhristingur með kaffibragði, nammi nammi namm.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Slökkvitæki, Reykskynjarar, Eldvarnateppi.
Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg

Sony ferðavélar á tilboði í verslun Odda Borgartúni 29.
Oddi.

Stafrænar myndavélar frá Sony á tilboði í verslun Odda Borgartúni 29.
Oddi.

Dráttarbeisli
Víkurvagnar

Cockteilsósa og franskar kartöflur.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Tilboð á brauðosti í sérmerktum kílóastykkjum í næstu verslun.
20% afsláttur.
Osta-og-Smjörsalan.

Símarafhlöður.
Rafhlöðubúðn Rafborg.

Nú færðu brauðost í sérmerktum kílóastykkjum með 20% afslætti í næstu verslun.
Osta-og-Smjörsalan.

Samtengjanlegir þráðlausir reykskynjarar.
Eldavarnarmiðstöðin, Sundaborg.

Vasaljós.
Rafhlöðubúðin Rafborg.

Njótið lífsins.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Alspá 908-6440
Finn týnda muni. Spil, bolli, hönd, tarrot, draumar. kl 10-22. Y. Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 902-5052. Spái í spil og Tarot spil. Opið frá kl. 20 - 23 Björk.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Iðnaður

Rafvirkjun

Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

Trésmíði

Trésmiðir. Óskum eftir vönum trésmiðum í mótauppslát. Uppl. í síma 896 4591.

Hef fólk og lærða smiði á lausu í byggingavinnu. Stálsmiðir, trésmiðir og fleira fagfólk. Fólið er frá Bretlandi. Umsóknir sendist á men@internet.is.

Viðgerðir

Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.



Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Einnig innanhúsviðgerðir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

HEILSA

Heilsuvörur

ShapeWorks- Lífstíll til kjörþyngdar. Fanney Úlfljótsd. www.fanney.topdiet.is - S. 698 7204.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Vantar þig pening fyrir sumarið? www.diet.is/auka Hringdu strax! Margrét s:699-1060

Glæný! Skoðaðu arangur.is Þökkum frábærar viðtökur. Lífsstílsráðgjöf s. 586 8786.

Líkamsrækt

Fit - Pilates
Námskeiðin vinsælu með stóru Fit-Boltunum. Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa langar fallegar línur og flatan kvið. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Heilun
Tek fólk í einkatíma í heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Windows XP kerfisstjóranám. 63 st. á aðeins kr. 69.900. Hefst 3. maí. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

Kennsla

Viltu upplifa ævintýri? Að sigla er ævintýri. Siglinganámskeið sumarsins ehefjast 18 maí, skráning er hafinn! Siglingaskólinn, s. 898 0599 & 588 3092

HEIMILIÐ

Húsgögn

Sófalist
Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa stóla og borðstofustóla. Sérsaumuð rúmteppi og púðaver. Opið mán - fimmtudaga 15.00 - 18.30, laugard. 11.00 - 15.00 Sófalist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofalist.is **Sími 553-0444**.

Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Til sölu búslóð vegna flutninga. Skápar, borð og sófasett. S. 892 7995.

Til sölu eða gefins vegna flutninga. Stór ísskápur með fyrsti.,eldhúsborð og 2 stólar, 140cm rúm með dýnu, stofuhúsgögn og leðurhornsófi. Vetrardekk frá Renault. Barnahúsgögn, vagn og kerra, stór leikgrind, róla, bað, matarstóll. Mikið af leikföngum og barnafötum gefins. Allt er fyrir yngri en 8 mán. S. 865 5071.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnavörur

Óskum eftir vel meðförnum barnavagni og bílstól fyrir ungabörn. Uppl. í s. 866 4484 e. hád. Ingunn.

Dýrahald

Nýtt kattadót frá CleoPet. Dýrabær - Hlíðasmára 9 - Kóp. sími 553-3062. Op. má - fö 13 - 18. lau 11 - 15.

NUTRO - 30 % afsláttur!
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæðsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Laxá á Refasveit. Eigum til lausar stangir . Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.

Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.

Sló í gegn fyrir lax og sjóbirting Ómissandi í næsta veiðitúr www.frances.is

TIL SÖLU

póst húsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

Laust á virkum dögum:

101-13	Laugavegur Snorrabraut
101-14	Hverfisgata
101-22	Hávallagata Túngata
101-37	Hólavallagata Suðurgata Túngata
101-38	Sólvallagata
101-39	Bjarkargata Hringbraut Suðurgata Tjarnargata
101-45	Blómvallagata Brávallagata Hofsvallagata Hringbraut Ásvallagata
101-49	Aðalstræti Lækjargata Pósthússtræti Tryggvagata
101-59	Öldugata
103-01	Efstaleiti Miðleiti Ofanleiti
104-02	Brúnavegur Dyngjuvegur Kleifarvegur Kleppsvegur Vesturbrún
104-03	Laugarásvegur Sunnuvegur
104-07	Langholtsvegur
104-08	Langholtsvegur
104-09	Langholtsvegur
104-14	Drekavogur Hlunnavogur Njörvasund Sigluvogur
105-04	Háteigsvegur
105-06	Bolholt Hjálmholt Skipholt Vatnsholt
105-07	Flókagata
105-13	Reynihlíð Suðurhlíð Víðihlíð
105-24	Miðtún Samtún
105-34	Rauðalækur
105-47	Flókagata Skeggjagata
107-04	Einimelur Hofsvallagata Melhagi
107-06	Grenimelur
107-08	Tómasarhagi
107-09	Grímshagi Lambhóll v/Starhaga Lynghagi Starhagi
107-13	Ægisíða
107-27	Starhagi Lambhóll Ægisíða
108-34	Akraland Aðalland Áland Álfaland Álftaland Ánaland Árland
108-41	Kjarrvegur Markarvegur
109-27	Stafnasel Stallasel Stapasel Staðarsel Steinasel Stekkjarsel
112-06	Hverafold
112-26	Dofraborgir Dvergaborgir Goðaborgir
112-39	Garðsstaðir
113-09	Grænlandsleið Jónsgeisli
200-08	Kársnesbraut
200-10	Holtagerði
200-15	Hjallabrekka Laufbrekka Lundur Nýbýlavegur
200-17	Hjallabrekka Nýbýlavegur
200-24	Daltún Ástún
200-32	Bakkahjalli Blikahjalli Brekkuhjalli
200-37	Digranesheiði Gnitaheiði Lyngheiði
200-50	Hlaðbrekka Nýbýlavegur Þverbrekka
200-58	Auðbrekka
200-59	Melaheiði Tunguheiði Álfhólsvegur
200-62	Lundarbrekka Nýbýlavegur
210-01	Haukanes Þrastanes
210-04	Kríunes Súlunes Þernunes
220-07	Hraunhvammur Hraunkambur Nönnustígur Reykjavíkurvegur Skúlaskeið Tunguvegur
220-19	Miðvangur
220-30	Hvammabraut Klausturhvammur Kvíholt Staðarhvammur Túnhvammur
220-33	Hringbraut Reynihvammur Strandgata Suðurgata
220-42	Brattholt Bæjarholt Háholt Suðurholt
221-06	Birkiberg Burknaberg Klettaberg
221-09	Einihlíð Engihlíð Fagrahlíð Fjóluhlíð Furuhlíð
221-10	Berjahlíð Birkihlíð Bjarmahlíð Brekkuhlíð Efstahlíð Stekkjarberg
240-04	Baðsvellir Selsvellir Ásvellir
240-05	Blómsturvellir Efstahraun Gerðavellir Hólavellir Höskuldarvellir Iðavellir Litluvellir Sólvellir
240-06	Arnarhraun Borgarhraun Leynisbraut Leynisbrún Staðarhraun
240-07	Dalbraut Hellubraut Sunnubraut Vesturbraut Víkurbraut
240-09	Glæsivellir Skipastígur Árnastígur
600-15	Byggðavegur Grænamýri Hamarstígur Rauðamýri Þingvallastræti

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúðir á Benidorm. Erum með 10 íbúðir á leigu bæði 1 og 2ja svefnherbergja íbúðir í allt sumar. Skoðið heimasíðu okkar www.icemar.com Email: info@icemar.com eða síma 0034-690 115 909

Leiguliðar
2ja og 3ja herbergja íbúðir á Kjalarnesi að losna. Sjá www.leigulidar.is S. 517 3440.

Torrevieja-spánn.
Indælt lítið raðhús fyrir 6 til leigu, á góðum stað í bænum. Gott verð. S. 908 6440. www.cozyhouse-torrevieja.com

Falleg 2ja herb. íbúð til leigu við Austurbrún með innbúi laus 1. maí í 4 mánuði. Uppl. í s. 663 7261 & hallgrimsson@swipnet.se

Mjög hugguleg 3ja herb. íbúð til leigu í Grundarhverfi á Kjalarnesi. Íbúðin er öll nýstandsett. Uppl. í s. 691 2388 og 551 5247.

Til leigu um 30fm stúdíóíbúð á efstu hæð í Krummah. Verð kr.40000,- + 5000,- f. rafm. hita og húsgj. Uppl. s: 822-8216 eftir kl. 18

2ja herb. 50 fm íbúð á 1. hæð á góðum stað í Hafnarf. til leigu strax. Uppl. í s. 565 4360 / 899 7004.

20 ára kvk m. fasta vinnu óskar eftir herbergi/íbúð til leigu á svæði 104 sem allra fyrst. Verð allt að 40 þús pr. mán. Uppl. s: 6977486

Einst.herb. með baði til leigu við Hlemm. Uppl. í s. 845 1575.

Húsnæði óskast

Reglusöm og reyklaus kona óskar eftir lítilli, ódýrri íbúð til leigu. Skilvísum greiðslum og góðri umgengni heitið. Uppl. Hjördís 821 7523.

4-5 herbergja íbúð óskast í Reykjavík. Fyrirframgreiðsla og meðmæli ef óskað er. Sími 849 5736.

Sumarbústaðir

Lincoln Presidential 2001. Uppl. í síma 862 1936.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

Skrifstofu og Atvinnuhúsnæði.
Á annarri hæð við Ármúla. 3ja herb. 104m og salur 150m (kaffiaðstaða). Uppl. í s. 553 1708 & 892 2392

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu ca150 fm efri hæð gæti nýst sem íbúð eða undir léttan iðnað. Staðsett í Mosfellsbæ. sími 691-1603

ATVINNA

Atvinna í boði

BM ráðgjöf
Starfsfólk !
Við erum að bæta við duglegu sölufólki núna !
Góð verkefni – góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2485
Reykjanesbæ 862 1180
bm@bm.is

Ruby Tuesday
óskar eftir hressu og duglegu fólki fæddu 1987 eða fyrr í vinnu á veitingastað okkar í Skipholti. Um er að ræða fulla vinnu og hlutastörf í sal. Hentar vel fyrir skólafólk.
Allar nánari uppl. gefur Ási í síma 660 1143.

Kynning
Bros á allra vörum!

Vegna aukinna verkefna
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Eins óskum við eftir manneskju sem er vön matreiðslu. Áhugasamir hafi samband við Önnu Sigurðardóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 822 1412. Einnig má senda umsóknir á anna@kynning.is.

10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.
Sérstaklega verið að leita af starfsfólki í hlutastarf. Unnið er á vöktum. Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum. Einnig verða umsækjendur að vera fæddir '87 eða fyrr.
Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.

Shell stöðvarnar.
Óskum eftir duglegum og þjónustulunduðum einstaklingum 18 ára og eldri til afgreiðslu á Shell stöðvarnar í vaktavinnu og eins í hlutastörf á kvöldin og um helgar.
Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. www.10-11.is eða senda umsóknir á sat@10-11.is

Meiraprófsbílstjórar óskast
AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjórum til sumarafleysinga, einnig þarf viðkomandi að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn: Trailer.
Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Sjóvörn við Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 23. maí 2005.

Skipulagsstofnun

Menntafélag byggingariðnaðarins

SVEINSPRÓF Í BYGGINGAGREINUM

Sveinspróf í húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múraraiðn, pípulögnum og veggfóðrun og dúklögn verða haldið haldin í maí og júní 2005.

Umsóknafrestur er til 1. maí n.k.

Ekki er tekið við umsóknum sem berast eftir auglýstan umsóknafrest.

Með umsókn skal fylgja ljósrit af prófskírteini og námssamningi.

Upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frami hjá Menntafélagi byggingariðnaðarins, Hallveigarstíg 1, 1. hæð Reykjavík. Sími 590 – 6430 og fax 590 – 6431

Hægt er að nálgast umsóknaeyðublöð á heimasíðu Menntafélagsins www.mfb.is

Verkalýðsfélagið Hlíf
Reykjavíkurvegi 64 – 220 – Hafnarfjörður – Sími 5550944
Fax 5654055 – Netfang: hlif@hlif.is

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn kl. 20.00. þriðjudaginn 26. apríl 2005 í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Kaffiveitingar.

Stjórnin.

Reykjavíkurborg

FUNDARBOÐ

Opinn fundur um skipulag á Bílanaustreit.

Þriðjudaginn 26. apríl nk verður íbúafundur á vegum skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur og Hverfisráðs Laugardals þar sem kynnt verður fyrirhugað skipulag á Bílanaustreit. Deiliskipulagstillagan er nú í auglýsingu og rennur frestur til athugasemda út þann 4. maí nk.

Fundurinn verður haldinn á skipulags-og byggingarsviði,Borgartúni 3, 4. hæð og hefst kl 20:00.

Skipulagshöfundar, Kanon arkitektar og Teiknistofan Tröð kynna skipulagið.

Að auki verða eftirtaldir aðilar frá Reykjavíkurborg á fundinum:

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, Salvör Jónsdóttir, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs og Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi, formaður hverfisráðs

Fundarstjóri er Björk Vilhelmsdóttir.

Allir eru velkomnir

Skipulags-og byggingarsvið
Hverfisráð Laugardals.

SMÁAUGLÝSINGAR

STÁL~ORKA
SKIPAVIÐGERÐIR

Stál-Orka ehf í Hafnarfirði óskar eftir að ráða vanan járnsmið eða mann vanan járnsmíði, framtíðarstarf.upl gefur Benedikt í síma 8927687.

Tekjumöguleikar.
Vantar fólk í sérhæft verefni.
Þarf að hafa bíl til umráða.
Uppl. Guðmundur í s. 694 5987.

Bílamálarar
Bílaspítalinn Þjónustuaðili fyrir Heklu h/f í Hafnarfirði vantar bílamálara, bifreiðasmið og mann vanan undirvinnu til starfa sem fyrst. Aðeins vandvirkur, stundvís og reglusamur aðili kemur til greina. Upplýsingar gefur Ingvi í síma 565 4332 frá kl 8-18 virka daga og 897 3150 eftir kl. 19.

Óska eftir að ráða málara og menn vana sandspartsli. Uppl. í s. 697 3592.

Bifvélavirki
Viljum ráða vanan lærðan bifvélavirkja til starfa sem fyrst. Tölvukunnátta æskileg. Aðeins stundvís og reglusamur kemur til greina. Uppl. gefur Ingvi í síma 565 4332 á virkum dögum og 897 3150 e.kl. 19 og um helgar. Bílaspítalinn, Þjónustuaðili Heklu.

Papinos Pizza. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknarblöð í Núpalind 1 Kóp.

Leita eftir áhugasömum og duglegum starfsmanni við sandspörslun og málningarvinnu. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. s. 822-1920

Energia-Ristorante/Smáralind. Óskum eftir þjónustufóki í sal og matreiðslufóki. Mikilvægt er að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum, þjónustu og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir sendið e-mail á energia@energia.is og fáið senda til baka starfsumsókn. Einnig er hægt að nálgast umsóknir á Eneregia.

Vantar vélamann á tveggja til fimm tonna smávélar. Sími: 894-2089 og 896-3580.

Starfskraftur óskast á smurstöð. Helst vanur. Uppl. í s. 892 5939.

Vanur vélamaður óskast á traktorsgröfu. Upplýsingar í s: 894 2089 og 896 3580.

Hellulagnir ofl. Vantar harðduglega menn í hellulagnir og annan lóðafrágang. S: 894 2089 og 896 3580.

Ertu hárgreiðslu sveinn eða meistari og langar til þess að breyta til. Það er allt brjálað að gera hjá okkur á didrix spa og okkur vantar þig sem allra fyrst í vinnu hjá okkur. Góð aðstað og góður mórall. Upplýsingar s:5618677

Vantar þig vinnu? Góð laun, ferðalög og frábær vinnutími. Upplysingar hjá Hönnu Kristínu í s: 892 4284

Spennandi námskeið.
Neglur, skraut og french. kr. 55.000,-, TrimForm og strata, líkamsmótun kr 55.000, Fót og handsnyrtingar með skrauti og sérmeðferðum kr. 65.000,- Litun plokkun og permó kr. 55.000,- Einnig vantar okkur nema í tattoo og snyrtingu.Didrix spa s: 5618677

Langar þig að grennast, stinnast eða laga vöxtinn þinn á einn eða annan hátt. Við erum með lausnina fyrir þig. Frábærar andlitsmeðferðir sem hreinsa stinna og upplífga húðina svo um munar. Langar þig að líta betur út komdu á til okkar og fáðu aðstoð. Didrix spa s: 561 8677.

Veitingahúsið Nings vantar fólk til starfa í sumar. Í boði eru afgreiðslustörf um kvöld og helgar. Einnig bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Við leitum af þjónustuliprum, duglegum og áræðanlegum starfsmönnum. Aldurstakmark 19 ára. Góður starfsandi. s. 8228833/8228840 eða www.nings.is

Smiðir óskast í Grafarholti. Góður aðbúnaður. Fimir ehf, s. 892 3207.

Hlöllabátar Ingólfstorgi óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, líka á staðnum.

Hefur þú áhuga?
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Tekjumöguleikar.
Vantar fólk í sérhæft verefni.
Þarf að hafa bíl til umráða.
Uppl. Guðmundur í s. 694 5987.

TILKYNNINGAR

Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD
OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 1
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

Flestar fasteignir á visir.is

Leitaðu þar sem úrvalið er mest

- Ný og betri leitarvél
- Flestar skráðar fasteignir
- Markvissari leit
- Mesta úrvalið - örugg niðurstaða

visir
...UM ALLT!

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



Grensáskirkja

Grensássókn var stofnuð í september 1963 og fyrsti sóknarpresturinn, séra Felix Ólafsson, var vígður til starfa í desember það sama ár. Fyrst í stað voru guðsþjónustur haldnar í Breiðagerðisskóla en síðar í safnaðarsal í Miðbæ við Háaleitisbraut.

Safnaðarheimili kirkjunnar var vígt 1972 og var notað sem kirkja safnaðarins allt fram til 1996, en 8. desember 1996 var kirkja safnaðarins vígð og tekin í notkun. Hún var hönnuð af Teiknistofunni, Ármúla 6.

Orgel safnaðarins var vígt 23. október 1988.

Núverandi sóknarprestur er séra Ólafur Jóhannsson.

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Visis

Hvort ræður meiru um val á íbúð, hverfið eða íbúðin sjálf?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU:
Ætlar þú að láta verðmeta fasteignina þína á næstunni?

Já	48,2%
Nei	51,8%

HÚSIN Í BÆNUM
BJARNI F. KARLSSON

Hámarkslán er nú 15,9 mkr.

Félagsmálaráðherra staðfesti hinn 12. þessa mánaðar hækkun á hámarksláni frá Íbúðalánasjóði. Hámarkið nemur nú 15,9 milljónum króna. Sú fjárhæð miðast við að lánið hvíli á 1. veðrétti hinnar keyptu eignar. Ef annað eða önnur lán eiga að hvíla framar í veðröðinni skerðist hámark nýja lánsins að sama skapi. Ástæða er til að undirstrika það að Íbúðalánasjóður gerir alls ekki kröfu um 1. veðrétt, en hámarkið miðast þó við hann.

Þessi hækkun hefur það í för með sér að hámarkslánið sem hægt er að fá gegnum íbúðalán.is er nú 26 milljónir króna. Sparisjóðirnir sem eiga aðild að þessu lánasamstarfi á íbúðalán.is hafa samþykkt að láta þessa hækkun Íbúðalánasjóðs ekki bitna á „hatt-láninu“, eins og fólk kallar sparisjóðslánið sem sett er eins og „hattur“ ofan á „kollinn“ á láninu frá Íbúðalánasjóði. Þannig hækkar hámark samsetta lánsins úr 25 í 26 m.kr.

Ljóst er að markaðurinn hefur tekið samstarfinu um íbúðalán.is afar vel, því markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs hvað varðar almenn íbúðalán hefur vaxið verulega á fyrsta fjórðungi ársins, enda nemur aukning heildarútlána sjóðsins á sama tíma um 70%. Viðmiðið við brunabótamat íbúðar hefur vægast sagt gert Íbúðalánasjóði mjög erfitt um vik eftir að íbúðaverðið tók undir sig stökk. Hann er eina lánastofnunin sem er óheimilt með öllu að lána upp fyrir brunabótamat. Aðild sparisjóðanna að íbúðalán.is hefur bætt þarna verulega úr skák. Sparisjóðirnir bjóða upp á hækkun þessa viðmiðs ef lántaki kaupir viðbót við brunatrygginguna. Þannig er unnt að fara 20% upp fyrir brunabótamatið og þar á eftir má bæta lóðarmatinu við. Þetta hefur greitt úr vanda fjölmargra. Til dæmis má taka kaupanda að 20 m.kr. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Hann þarf á 90% láni að halda, þ.e. 18 m.kr. Brunabótamat íbúðarinnar er aðeins 14 m.kr. og lóðarmatið 1,2 m.kr. Íbúðalánasjóður má því ekki lána honum meira en þessar 14 m.kr., en hjá sparisjóði stendur honum til boða að bæta 2,8 m.kr. ofan á brunabótamatið og lóðarmatinu þar á eftir. Þannig getur hann fengið hjá sparisjóðnum þessar 4 m.kr. sem upp á vantar. Vert er að benda á að ekki er nauðsynlegt að fullnýta lánsmöguleikann hjá Íbúðalánasjóði til þess að geta fengið „hattlán“. Hvers kyns samsetning að ósk lántakans er þar möguleg.

Höfundur er viðskiptafræðingur hjá Íbúðalánasjóði

tmhusgogn.is

Þægindi í fyrirrúmi

Jensen rúmin eru hágæða rúm frá Noregi.
Komdu í heimsókn til okkar og finndu þægindin.

6 góðar ástæður fyrir því að velja Jensen rúm

- Pokafjaðrir
- Svæðisskipt fjöðrun
- Hægt að þvo áklæði af yfirdýnu á 60°
- Valfrjáls stífleiki, mjúkar, meðalstífar, stífar
- Bólstruð úr vistvænum efnum
- Áklæði sem teygist og gefur betur eftir

Opið
Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00

TM - HÚSGÖGN
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
- ævintýri líkust

Í BLJÚGRI BÆN Pílagrímar frá Bæheimi skrýddust þjóðbúningi sínum þegar Benedikt sextándi var vígður páfi í gær.

ÞÓRARINN ELDJÁRN

Lagasamkeppni:

Lög við ljóð Þórarins Eldjárn

Reykjavík Music Production, Sena og Ríkisútvarpið hafa efnt til lagasamkeppni þar sem semja á lög við ljóð Þórarins Eldjárn. 25 af barnaljóðum Þórarins voru sérstaklega valin fyrir samkeppnina og geta þátttakendur sent inn frumsamin lög sem höfða til barna við ljóðin sem birt verða á vefnum lagakassi.is.

Vinningslögin verða valin til útgáfu á geisladisk síðar á árinu sem verður sá þriðji í röð hljómdiska sem gefnir hafa verið út í samvinnu Skífunnar (nú Senu) og Stundarinnar okkar undir nöfnunum „Uppáhaldslögin okkar“ og „Stóra stundin okkar“. Lögin verða líka flutt í Stundinni okkar. Frestur til að senda inn lög rennur út 31. maí og lögin mega ekki vera lengri en fjórar mínútur. Hver keppandi má senda inn eins mörg lög og hann kýs, en senda verður lögin í MP3-skráarformi í gegnum vefinn lagakassi.is. ■



Frábær mánudagstilboð!

SALTFISKUR
ÚR FISKBORÐI
„RÉTTUR AÐ HÆTTI
BÖRSUNGA“

899 kr./kg

Þú sparar 499 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.398 kr./kg.

KELLOGGS
ALL BRAN

198 kr./stk.

Þú sparar 71 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 269 kr./stk.

DF HOLLENSK
BLANDA

199 kr./pk.

Þú sparar 100 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 349 kr./pk.

DF TROPIC.
ÁVAXTABLANDA

199 kr./pk.

Þú sparar 80 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 349 kr./pk.

DF JARÐARBER
FROSIN

199 kr./pk.

Þú sparar 150 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 349 kr./pk.

SPARAÐU

LÍFRÆNN
SAFI 1 L

269 kr./1l.

STJÖRNU SALAT

FERSKT SALAT 300 g	99 kr.
HRÁSALAT 350 g	149 kr.
KARTÖFLUSALAT 390 g	149 kr.

STJÖRNU SNAKK
90 G

149 kr./pk.

Þú sparar 50 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 199 kr./pk.

BETRI KAUP
Í NÓATÚNI!

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

Heyrst hefur...

... að forráðamenn ÍR í handboltanum leggi ríka áherslu á að halda Júlíusi Jónassyni, þjálfara liðsins, og Finnboga Sigurbjörnssyni, aðstoðarmanni hans, fyrir næsta tímabil. Júlíus er sjálfur óviss um framtíðina en segist ætla að skoða málin á næstu dögum, hvort hann haldi áfram að þjálfa eða hætti einfaldlega.

sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUMAÐURINN DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON: ER LOKAÐUR INNI OG FÆR EKKI AÐ SPILA Í NOREGI

Hrikalegt klúður hjá Lillestrøm

Knattspyrnumaðurinn Davíð Þór Viðarsson, sem er á mála hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lillestrøm, fékk slæmar fréttir á fimmtudaginn. Forráðamenn Lillestrøm tjáðu honum þá að hann gæti ekki spilað með liðinu fyrr en 1. júlí þar sem hann er enn skráður í FH, félagið sem hann spilaði með á síðasta tímabili. Leikmannamarkaðurinn í Noregi lokaði 31. mars síðastliðinn og láðist forráðamönnum norska liðsins að ganga frá félagskiptum fyrir Davíð Þór. Hann var ekki á skrá hjá norska sambandinu og var því ólöglegur þegar hann sat á bekknum hjá liðinu í 1. umferð deildarinnar.

Davíð Þór sagði samtali við Fréttablaðið í gær að þetta væri hrikalegt klúður hjá Lillestrøm. „Ég skil ekki hvernig þetta getur gerst hjá atvinnumannaliði en þetta er mjög svekkjandi. Ég var búinn að æfa vel, kominn í gott form og fannst ég vera nálægt því að komast í liðið. Núna lítur út fyrir að ég geti bara æft með Lillestrøm til 1. júlí eða komið heim og spilað með FH. Hvorugur kosturinn er mjög spennandi. Það er auðvitað slæmt fyrir mig því þá verð ég ekki í neinu leikformi þegar U-21 árs landsliðið spilar í byrjun júní. Samningur minn við félagið rennur út í haust og mér hefði ekki veitt af næstu mánuðum og þessum landsleikjum til að sýna mig," sagði Davíð Þór.

Hann sagði að forráðamenn Lillestrøm væru að reyna að fá undanþágu fyrir sig en taldi ólíklegt að svo myndi fara. „Ég myndi vera mjög hissa ef svo færi en ef ég fæ ekki undanþágu þá verð ég að skoða mín mál gagnvart félaginu."

> Við gleðjumst yfir því ...

... að FH-ingar hafi sannað að íslensk knattspyrna ber enn ægishjálm yfir þá færeysku ef mið er tekið af leik liðsins gegn HB í gær. Færeysku stuðningsmennirnir unnu þó slaginn í stúkunni örugglega.

> Við hrósum ...

... Eyjamönnum fyrir frábæran leik gegn ÍR í gærdag. Eyjamenn sýndu og sönnuðu að þeir eru með frábært lið þegar þeir taka sig saman í andlitinu, hætta tuði og ruddaskap og gera það sem þeir gera best, spila handbolta eins og bestur verður á Íslandi. Til hamingju Eyjamenn! Þið eruð vel að því komnir að mæta Haukum í lokaúrslitum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

22 23 24 **25** 26 27 28

Mánudagur

LEIKIR

- 20.00 **Stjarnan** og **Númi** mætast í 1. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 16.10 **Ensku mörkin** á RÚV.
- 17.00 **Þrumuskot – ensku mörkin** á Skjá einum.
- 18.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Útsending frá Opna Shell Houston-mótinu á bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 20.30 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.

- 22.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Útsending frá leik **Arsenal** og **Tottenham** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta sem fór fram fyrr um kvöldið.
- 23.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 23.30 **Ensku mörkin** á RÚV. Endurtekinn þáttur.
- 01.25 **Þrumuskot – ensku mörkin** á Skjá einum. Endurtekinn þáttur.

Leikur kattar að mús

Færeysku meistararnir í HB voru engin fyrirstaða fyrir Íslandsmeistara FH í leiknum um Atlantic-bikarinn í gær. Hafnfirðingar sigruðu auðveldlega, 4-1.

FÓTBOLTI FH hafði mikla yfirburði í Egilshöllinni í gær og voru gestirnir frá Færeyjum í raun heppnir með að fara ekki heim með stærra tap á bakinu. Það tók Hafnfirðinga smá tíma til að komast í gang en eftir að Tryggvi Guðmundsson hafði komið þeim yfir um miðbik fyrri hálfleiks fóru leikmenn FH fyrst að njóta sín. Liðið spilaði á köflum frábæran fótbolta og ef mið er tekið af árstíma er ekki hægt að segja annað en að FH-ingar líti vel út. Allan Borgvardt, Tryggvi og Atli Viðar Björnsson komu FH í 4-0 en Emil Nolsöe Leifsson náði að klóra í bakkann fyrir mjög ósannfærandi HB-inga þegar fimm mínútur lifðu leiks.

Eins og áður segir voru FH-ingar gríðarlega sannfærandi og svo virðist sem Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, hafi þegar náð að mynda mjög samstillta og heilsteypta liðsheild. „Ég er mjög ánægður með okkar leik hér í dag. Þetta var besti leikur okkar á undirbúningstímabilinu. En mótherjarnir voru nú svo sem ekkert sérstaklega sterkir," sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

Ekki er hægt að segja annað en að nýju leikmennirnir smellpassi inn í leik liðsins. Auðun Helgason og Tommy Nielsen voru svo öruggir í miðri vörninni að það mætti halda að þeir hefðu spilað hvor við hlið annars í tíu ár. Tryggvi Guðmundsson átti fína spretti, skoraði tvö góð mörk og sýndi að hann er ekki dauður úr öllum æðum. Þá er enn ónefndur danski miðjumaðurinn Dennis Sims sem virðist við fyrstu sýn vera einhver alöflugasti erlendi leikmaður sem spilað hefur hér á landi. Hann býr yfir frábærri sendingatækni, hvort sem það er með hægri eða vinstri fæti, og það var eftir að hann var með boltann að bestu sóknir FH litu dagsins ljós. Með spilara af hans getu við hlið Heimis Guðjónssonar er miðja FH ógnarleg á að líta.

Ljóst er að gestirnir í HB áttu ekki góðan dag og voru þeir algjörlega yfirspilaðir í gær. „Við vorum ekki góðir í dag, ég viðurkenni það," sagði Heini Fernandez, stjóri liðsins eftir leikinn. „Ég er mjög hrifinn af FH-liðinu. Tæknilega eru þeir mjög góðir og þeir eru miklu betri en KR-liðið sem við mættum í fyrra."

vignir@frettabladid.is

BIKARINN Í HÖFN Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, tekur við Atlantic-bikarnum úr hendi Eggerts Magnússonar, formanns KSÍ. Fréttalblaðið/Hari

FRIÐRIK INGI RÚNARSSON Er að hefja þriðja þriggja ára tímabilið í Grindavík.

Friðrik Ingi Rúnarsson:

Tekur við Grindavík á nýjan leik

KÖRFUBOLTI Friðrik Ingi Rúnarsson, sem tók sér eins árs hlé frá þjálfun á síðasta tímabili, mun stýra Grindvíkingum næstu þrjú árin. Hann skrifaði undir samninginn í gærkvöld og staðfesti Almar Sveinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur þetta í samtali við Fréttablaðið í gær.

Friðrik Ingi, sem tekur við af Einari Einarssyni, er ekki ókunnugur í herbúðum Grindvíkinga en hann hefur þjálfað liðið á tveimur þriggja ára tímabilum, fyrst frá 1994 til 1997 og síðan 2001 til 2004. Hann stýrði liðinu til Íslandsmeistaratitils árið 1996 og bikarmeistaratitils árið 1995.

Almar sagði að Grindvíkingar væru afskaplega lukkulegir með að hafa landað Friðriki Inga sem væri einn af betri þjálfurum landsins. „Við ætlum okkur stóra hluti á næsta tímabili eftir lélegt tímabil í ár og vitum vel hvað hann getur. Hann þekkir vel til hjá okkur og við bindum miklar vonir við hann," sagði Almar. -óhþ

Innritun í tónlistarskóla í Reykjavík

RafrænReykjavík

Rafræn innritun í tónlistarskóla

Innritun í tónlistarskóla fer að þessu sinni eingöngu fram með rafrænum hætti í Rafrænni Reykjavík.

Innritunartímabil 1.-30. apríl 2005

Innritun nýnema: Nýnemar/forráðamenn skrá sig í Rafræna Reykjavík og sækja um þjónustugátt. Þegar henni hefur verið úthlutað er hægt að velja tónlistarskóla og sækja um skólavist. Tónlistarskólar vinna úr umsóknum og senda svar fyrir lok júnímánaðar. Skilaboð um stöðu umsókna eru send í þjónustugátt og á netfang viðkomandi.

Innritun eldri nemenda: Eldri nemendur sem ekki eru með þjónustugátt þurfa að sækja um hana og hafa samband við skrifstofu síns tónlistarskóla til að fá nánari upplýsingar um innritun.

Nánari upplýsingar eru veittar í tónlistarskólunum, á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, sími 535 5000 og í símanúmeri Reykjavíkurborgar, 411 11 11. Hægt er að komast inn á Rafræna Reykjavík á heimasíðum flestra tónlistarskólanna og á:

www.reykjavik.is
www.grunnskolar.is

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Reykjavíkurborg

Formúla eitt fór fram á Imola-brautinni í gær:

Þrír í röð hjá Alonso en Schumacher er vaknaður

FORMÚLA 1 Fernando Alonso hjá Renault og Michael Schumacher hjá Ferrari sönnuðu sig báðir á Imola-brautinni í gær þegar fjórða keppni formúlu tímabilsins fór fram.

Alonso stóðst pressuna, fyrst með því að vinna þriðju keppnina í röð en einnig með því að klára fyrstur þrátt fyrir að hafa haft heimsmeistara Michael Schumacher í fantaformi á hælunum síðustu tólf hringina. Schumacher sýndi hinsvegar hversu magnaður hann er enda ekkert sjálfgefið að vinna sig upp á verðlaunapall úr 14. sætinu á ráslínunni hvað þá að enda annar aðeins nokkrum sekúndubrotum á eftir sigurvegaranum.

Þjóðverjinn sýndi líka að nýi Ferrari-bílinn er mjög hraðskreiður og jafnframt að hann ætlar sér að keppa um heimsmeistaratitilinn að venju en enginn annar hefur orðið heimsmeistari á þessari öld. Schumacher fimmfaldaði stigafjölda sinn í gær og er kominn upp í þriðja sætið, 26 stigum á eftir Alonso sem hefur fengið tvöfalt fleiri stig en næsti maður sem er Jarno Trulli hjá Toyota. -óój

ÞRÍR SIGRAR Í RÖÐ Fernando Alonso hefur 18 stiga forskot í keppni ökumanna í formúlu eitt.

• • Ótakmarkað niðurhal og enn ódýrastir!

V24 extra

- • 8 Mb/s hraði
- • 5 póstföng
- Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds*
- 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

5.890 kr.

á mánuði allt innifalið!

Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!

• • hafðu hraðann á taktu fleiri bita!

BTnet

*M.v. 12 mánaðar samning. www.btnet.is.

Nýr valkostur

Freshetta Pizzur
299 kr./stk.

Weetos Morgunkorn
249 kr./pk.

Meira úrval

Móa tex mex og appelsínu kjúklingur
349 kr./kg.
Verð áður: 499

30% AFSLÁTTUR

Bautabúrs Dalapylsa 400gr.
95 kr./stk.
Verð áður: 119

Meira úrval

Kexsmiðjan Hjónabandssæla
199 kr./pk.

Sunquick appelsínu þykkni
249 kr./stk.

SnapJacks country og fruit
149 kr./pk.

X-tra pastaskrúfur 500 gr. poki
49 kr./pk.

Opið alla daga

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

Virk Sam-keppni

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

ÞÚ FÆRÐ LÆGRA VERÐ!

Í KRÓNUNNI

Goða Lambaframpartur grillsagaður
299 kr./kg.

Sam-keppni

X-tra hrísgrjón 4 suðupokar
69 kr./pk.

X-tra epla og appelsínusafi 1,5 l.
99 kr./1,5 l.

X-tra salernispappír 8 rúllur
199 kr./pk.

Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild karla úrslitak.

ÍBV-ÍR 40-33 (20-13)

Mörk ÍBV (Skot): Tite Kalandaze 9 (15), Samúel Ívar Árnason 8/5 (12/6), Sigurður Ari Stefánsson 6 (14), Robert Bognar 5 (5), Svavar Vignisson 4 (5), Zoltan Belányi 4/1 (6/1), Björgvin Rúnarsson 1 (2), Sigurður Bragason 1 (2), Davíð Óskarsson 1 (3), Kári Kristjánsson 1 (3).
Varin skot: Roland Valur Eradze 19/1 (49/1, 39%), Jóhann Ingi Guðmundsson 1 (4, 25%).
Mörk ÍR (Skot): Bjarni Fritzson 10 (12), Ólafur Sigurjónsson 6 (13), Fannar Þorbjörnsson 5 (9), Ragnar Már Helgason 4 (5), Ingimundur Ingimundarson 4 (8), Tryggvi Haraldsson 3 (6), Hannes Jón Jónsson 1 (4/1), Ólafur H. Gíslason (1).
Varin skot: Ólafur H. Gíslason 20/1 (51/7,39%), Hreiðar Guðmundsson 4 (13, 31%).

Atlantic-bikarinn í fótbolta

FH–HB (FÆREYJUM) 4–1
1–0 Tryggvi Guðmundsson, víti (22.), 2–0 Allan Borgvardt (30.), 3–0 Tryggvi Guðmundsson (60.), 4–0 Atli Viðar Björnsson (79.), 4–1 Emil Nolsøe Leifson (85.).

Þýski handboltinn

MINDEN–WALLAU/MASSENHEIM 33–27
Einar Örn Jónsson skoraði ekki fyrir Wallau.
WILHELMSHAV.–GROSSWALLST. 21–22
Gylfi Gylfason skoraði 4 mörk fyrir Wilhelmshavener og **Robertas Pauzolis** eitt.
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 6 mörk fyrir Gorsswallstadt og **Einar Hólmgeirsson** 4.

Spænski handboltinn

CIUDAD REAL–TORREVIEJA 39–28
Ólafur Stefánsson skoraði fjögur mörk fyrir Ciudad Real.

Danski handboltinn

SKJERN–KOLDING 34–31
Jón Jóhannesson skoraði eitt mark fyrir Skjern en **Ragnar Óskarsson** skoraði ekki.
AARHUS–GOG 36–36
Róbert Gunnarsson skoraði sjö mörk fyrir Aarhus og **Sturla Ásgeirsson** skoraði þrjú mörk.
FREDERICA–BJERRINGBRO 35–25
Gísli Kristjánsson skoraði fjögur mörk fyrir Frederica.

Sannfærandi og sögulegt

Haukar og ÍBV leika til úrslita í bæði karla- og kvennaflokki í ár eftir að karlalið ÍBV tryggði sér sæti í lokaúrslitum í fyrsta sinn með 40-33 sigri á ÍR.

HANDBOLTI Eyjamenn tryggðu sér sæti í lokaúrslitum Íslandsmóts karla í fyrsta sinn í sögu karlaliðs félagsins með sjö marka sigri á ÍR, 40-33, í oddaleik liðanna í Eyjum í gær. ÍBV-liðið hafði mikla yfirburði í leiknum, komst í 13-5, hafði sjö mörk yfir í hálfleik, 20-13, og náði mest tíu marka forustu í seinni hálfleik, 35-25. ÍR-ingar náðu aðeins að laga stöðuna í leikslok en frábærir heimamenn sáu til þess að þessi lokaleikur þessa átakamikla undanúrslitaeinvígis varð aldrei spennandi.

„Þetta er alveg svakalegt, frábært að vinna þetta hérna fyrir framan stuðningsmenn okkar í dag og að gera það svona sannfærandi," sagði Sigurður Bragason, fyrirliði ÍBV, en hann kom aftur inn í liðið eftir leikbann. „Við vorum mjög ósáttir við okkar leik í síðasta leik en við höfðum áður unnið þá sannfærandi í fyrsta leiknum hér á heimavelli. Þeir komu okkur óvart með þessari 4:2 vörn í leik númer tvö en við æfðum að bregðast við henni fyrir þennan leik. Svo kem ég líka úr banni og það hentar mér vel að fá að spila með stór svæði þar sem ég get „fittað" mig í gegn," segir Sigurður sem óttast ekki Hauka. „Við erum búnir að keppa tvisvar við Hauka eftir áramót og við höfum unnið þá tvisvar. Þetta er stærsti klúbbur á Íslandi með flestu landsliðsmennina en það er alveg pottþétt að þetta verður rosaleg rimma. Við munum koma alveg urrandi vitlausir til leiks og vinna þetta."

SVONA GERIR ÞÚ Roland Valur Eradze gefur hér Sigurði Ara Stefánssyni góð ráð en þeir tveir áttu báðir mjög góðan leik í oddaleiknum gegn ÍR í gær. Fréttablaðið/Stefán

ÍR-ingar voru aldrei inni í leiknum, einstaklingsframtak Bjarna Fritzsonar og Ólafs Sigurjónssonar í seinni hálfleik var hvergi nærri nóg enda lítil von hjá liði sem skorar aðeins 5 mörk úr fyrstu 22 sóknum sínum og lendir 9 mörkum undir í fyrri hálfleik á útivelli.

„Þeir náðu að leysa allt sem við lögðum fram í dag. Við fórum líka mjög illa með dauðafærin í leiknum, sérstaklega í fyrri hálfleiknum og það kom þeim inn í leikinn. Þeir náðu góðu forskoti og þá varð þetta mjög erfitt fyrir okkur. Það er erfitt að greina nákvæmlega hvað var að en mér fannst stemmningin í hópnum mjög góð fyrir leikinn, bæði inni í klefa og í dag. Mér leist því vel á þetta fyrir leikinn en það fór ekki alveg eins og maður reiknaði með," sagði Júlíus Jónasson þjálfari ÍR.

Roland Eradze og Tite Kalandaze áttu báðir góðan leik, enda frábærir handboltamenn, en maður dagsins var þó örugglega 23 ára örvhent skytta. „Þetta er alveg æðislegt, við ætluðum að klára þetta og við gerðum það. Áhorfendurnir voru frábærir og það hjálpaði okkur mikið," sagði Sigurður Ari Stefánsson sem kom að 22 mörkum ÍBV í leiknum, skoraði 6, gaf 13 stoðsendingar og fiskaði 3 víti sem gáfu mörk.

-jiá/óój

ATLI HILMARSSON Tekur við FH-ingum og á að koma liðinu í fremstu röð.

Atli Hilmarsson:

Þjálfar FH næstu þrjú árin

HANDBOLTI Atli Hilmarsson, fyrrum þjálfari KA og þýska liðsins Friesenheim, mun þjálfa karlalið FH í DHL-deildinni í handbolta næstu þrjú árin. Þetta staðfesti Örn Magnússon, verðandi formaður handknattleiksdeildar FH, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Atli er búsettur á Akureyri og hefur verið tregur til að bregða búi en Örn sagði að það væri allt frágengið með það. „Við erum gífurlega ánægðir með að hafa náð samningum við Atla. Hann var alltaf okkar fyrsti kostur enda frábær þjálfari.

Koma hans sýnir að það er mikill metnaður í félaginu og ég er fullviss að hann mun draga að góða leikmenn. Það er stefna okkar að gera raunhæfa atlögu að titlinum á næsta ári og vekja þann sofandi risa sem FH hefur verið undanfarin ár," sagði Örn en FH-ingar duttu út í átta liða úrslitum fyrri grönnum sínum í Haukum á þessu tímabili. **-óhþ**



THIERRY HENRY Ekki með Arsenal gegn Tottenham í kvöld vegna nárameiðsla.

Arsenal gæti afhent Chelsea enska meistaratitilinn með tapi gegn Tottenham:

Lýkur ensku úrvalsdeildinni í kvöld?

FÓTBOLTI Svo gæti farið að leikmenn Chelsea verði krýndir Englandsmeistarar í fyrsta sinn í fimmtíu ár í kvöld en það fer eftir úrslitum leiks Arsenal og Tottenham á Highbury.

Arsenal verður að vinna Tottenham til að eygja veika von um titilinn en liðið er nú fjórtán stigum á eftir Chelsea en á einn leik til góða. Ef Arsenal gerir jafntefli eða tapar í kvöld er ljóst að Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea eru orðnir meistarar jafnvel þótt fjórar umferðir séu enn eftir af ensku úrvalsdeildinni.

Arsenal verður án framherjans frábæra Thierry Henry en nárameiðsli hans koma í veg fyrir að hann geti verið með. Auk þess er Svíinn Frederik Ljungberg meiddur á mjöðm en Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, vonast til að báðir leikmennirnir verði klárir í slaginn von bráðar.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, sagðist vonast eftir því að Arsenal vinni leikinn í kvöld jafnvel þótt það þýði að hans menn geti ekki fagnað strax.

„Ég vil ekki vinna deildina á mánudaginn heldur vil ég að liðið mitt þurfi að vinna Bolton um næstu helgi til að tryggja sér titilinn. Það er hugarfarið sem ég vil að leikmenn mínir hafi. Það er betra að þurfa að vinna Bolton því ef við verðum orðnir meistarar þá er hætt við því að við töpum leiknum," sagði Mourinho.

Arsenal hefur ekki tapað gegn öðru liði frá London síðan í nóvember 2001. Liðið hefur leikið 34 leiki gegn grönnum sínum úr borginni síðan þá án þess að tapa. Síðasti knattspyrnustjórinn sem stýrði Tottenham til sigurs gegn Arsenal var George Graham en liðið vann Arsenal, 2-1, á White Hart Lane árið 1999 en liðið hefur aðeins unnið einn leik á Highbury síðan 1992. **-óhþ**

Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Brown bjargaði deginum fyrir Manchester United

FÓTBOLTI Manchester United heldur enn í vonina um að ná öðru sætinu í ensku úrvalsdeildinni eftir sigur á Newcastle, 2-1, á Old Trafford í gær. Liðið er nú einu stigi á eftir Arsenal sem leikur gegn Tottenham í kvöld.

Það blé þó ekki byrlega fyrir Manchester united því Darren Ambrose kom Newcastle yfir á 27. mínútu eftir hroðaleg mistök Tims Howard, markvarðar United.

Wayne Rooney jafnaði metin með frábæru marki á 57. mínútu en það var síðan varnarmaðurinn Wes Brown sem skoraði sigurmark liðsins stundarfjórðungi fyrir leikslok. Þetta var fyrsta mark Browns í rúmlega hundrað deildarleikjum fyrir félagið og hann var að vonum sáttur í leikslok.

„Þetta var mikilvægt mark. Það er alveg jafn mikilvægt að ná öðru sætinu eins og að vinna bikarinn því að það kemur okkur í meistaradeildina. Við verðum að vinna okkar leiki og vonast til að Arsenal misstígi sig," sagði Brown.

Alex Ferguson, stjóri United, var einnig ánægður og hrósaði Wayne Rooney sérstaklega. „Ég ætlaði að taka hann út af vegna meiðsla sem hann varð fyrir í fyrri hálfleik en þá kom hann með þetta stórkostlega mark. Það sneri leiknum við," sagði Ferguson.

Hún var ekki ánægjuleg endurkoman hjá Harry Redknapp, fyrrum stjóra Portsmouth og núverandi stjóra Southampton, á Fratton Park, heimavöll Portsmouth í gær. Portsmouth tók lærisveina Redknapps í bakaríið, 4-1, og situr Southampton nú á botni deildarinnar. Redknapp er þó á ekki á því að gefast upp og segir sína menn enn geta bjargað sér frá falli. „Það eru þrír leikir eftir og við verðum að vinna þá. Ef við gerum það þá björgum við okkur – svo einfalt er það," sagði Redknapp sem þurfti að horfa upp á Portsmouth tryggja sæti sitt í deildinni á komandi tímabili. **- óhþ**

WES BROWN Fagnar hér sigurmarki sínu fyrir Manchester United gegn Newcastle á Old Trafford í gær.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

PORTSMOUTH–SOUTHAMPTON 4–1
1–0 Aiyegbeni Yakubu, víti (4.), 2–0 Arjan De Zeeuw (17.), 2–1 Henri Camara (20.), 3–1 Lomana LuaLua (22.), 4–1 Lumana Tresor LuaLua (27.).
MAN. UTD–NEWCASTLE 2–1
0–1 Darren Ambrose (27.), 1–1 Wayne Rooney (57.), 2–1 Wes Brown (75.).

STAÐAN

CHELSEA	34	26	7	1	65–13	85
ARSENAL	**33**	**21**	**8**	**4**	**73–33**	**71**
MAN. UTD	34	20	10	4	50–21	70
EVERTON	**34**	**17**	**7**	**10**	**41–34**	**55**
LIVERPOOL	35	16	6	13	48–36	54
BOLTON	**35**	**15**	**9**	**11**	**45–39**	**54**
MIDDLESB.	34	13	10	11	50–44	49
TOTTENH.	**34**	**13**	**9**	**12**	**42–38**	**48**
A. VILLA	35	12	11	12	42–43	47
MAN. CITY	**35**	**11**	**12**	**12**	**42–37**	**45**
CHARLTON	35	12	9	14	40–51	45
BLACKB.	**34**	**9**	**13**	**12**	**29–37**	**40**
BIRMINGH.	35	9	12	14	36–43	39
NEWCAST.	**33**	**9**	**11**	**13**	**43–53**	**38**
PORTSM.	35	10	8	17	42–54	38
FULHAM	**34**	**9**	**8**	**17**	**40–56**	**35**
C. PALACE	35	7	9	19	37–58	30
NORWICH	**35**	**6**	**12**	**17**	**38–67**	**30**
WBA	34	5	14	15	32–57	29
SOUTH.	**35**	**5**	**13**	**17**	**38–59**	**28**

Arsenal og **Tottenham** mætast á Highbury í kvöld.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Ítalska A-deildin

ATALANTA–PALERMO	1–0
1–0 Sala (88.).	
BOLOGNA–FIORENTINA	0–0
BRESCIA–REGGINA	2–0
1–0 Di Biagio (47.), 2–0 Stankevicius (77.).	
BOLOGNA–MESSINA	2–2
0–1 Di Napoli (4.), 1–1 Loviso (32.), 1–2 Amoruso (33.), 2–2 Cipriani (53.).	
CHIEVO–CAGLIARI	0–0
1–0 Pellissier (32.), 1–1 Gobbi (74.).	
LIVORNO–LEECE	1–0
1–0 Lucarelli (90.).	
MESSINA–INTERNAZIONALE	2–1
0–1 Cruz (46.), 1–1 Di Napoli (59.), 2–1 Rafael (90.).	
SAMPDORIA–ROMA	2–1
1–0 Tonetto (33.), 2–0 Flachi, víti (75.), 2–1 Montella, víti (90.).	
LAZIO–JUVENTUS	0–1
0–1 Nedved (86.).	
AC MILAN–PARMA	3–0
1–0 Kaka (34.), 2–0 Tomasson (61.), 3–0 Cafu (70.).	
SIENA–UDINESE	2–3
0–1 Di Michele (5.), 1–1 Maccarone (9.), 1–2 Di Michele (53.), 2–2 Taddei (57.), 2–3 Iaquinta (66.).	

STAÐA EFSTU LIÐA

AC MILAN	33	22	7	4	55–20	73
JUVENTUS	**33**	**22**	**7**	**4**	**56–22**	**73**

Spænska 1. deildin

OSASUNA–ATLETICO MADRID	1–0
1–0 Aloisi (3.).	
REAL MADRID–VILLARREAL	2–1
0–1 Riquelme, víti (39.), 1–1 Ronaldo (70.), 2–1 Salgado (74.).	
DEPORTIVO–SANTANDER	1–4
1–0 Luque (20.), 1–1 Benayoun (60.), 1–2 Benayoun (62.), 1–3 Guerrero (67.), 1–4 Benayoun (85.).	
ESPANYOL–R. ZARAGOZA	3–1
1–0 Tamudo (33.), 2–0 Maxi (42.), 2–1 Villa (60.), 3–1 Tamudo (90.).	
GETAFE–LEVANTE	1–0
1–0 Michel (20.).	
NUMANCIA–MALLORCA	1–2
0–1 Víctor (54.), 0–2 Iuliano (59.), 1–2 Merino (80.).	
REAL BETIS–R. SOCIEDAD	2–3
0–1 Labaka (5.), 1–1 Joaquin (47.), 2–1 Oliveira (52.), 2–2 Barkero (66.), 2–3 Uranga (89.).	
VALENCIA–ALBACETE	1–0
1–0 Mista (70.), 2-0 Angulo (75.).	
MALAGA–BARCELONA	0–4
0–1 Oleguer (21.), 0–2 Giuly (33.), 0–3 Giuly (68.), 0–4 Gerard (90.).	

STAÐA EFSTU LIÐA

BARCEL.	33	23	6	4	65–25	75
R. MADRID	**33**	**22**	**3**	**8**	**59–29**	**69**
SEVILLA	33	16	7	10	10–36	55

Norska úrvalsdeildin

LYN–START	1–1
Stefán Gíslason spilaði allan leikinn fyrir Lyn og það sama gerði **Jóhannes Harðarson** í liði Start.	
HAM-KAM–AALESUND	2–1
Haraldur Guðmundsson spilaði allan leikinn fyrir Aalesund.	
VIKING–LILLESTRØM	3–1
Hannes Sigurðsson spilaði allan leikinn fyrir Viking.	
MOLDE–VÅLERENGA	1–3
Árni Gautur Arason spilaði allan leikinn fyrir Vålerenga.	

STAÐA EFSTU LIÐA

START	3	2	1	0	5–2	7
FREDRIKST.	**3**	**2**	**1**	**0**	**4–2**	**7**
VIKING	3	2	0	1	6–4	6
HAM-KAM	**3**	**2**	**0**	**1**	**5–3**	**6**

Sænska úrvalsdeildin

ASSYRISKA–HALMSTAD	0–0
Gunnar Heiðar Þorvaldsson kom inn á sem varamaður á 75. mínútu fyrir Halmstad.	

Skrifstofuhúsgögn á frábæru verði!

Flex-T vinnustöðvar **30%** kynningarafsláttur

Flex-T vinnustöðvar (180x180cm) frá **Kr. 46.270**

Mark 30 skrifstofustólar **Kr. 40.900**

Flex-T er ný lína vinnustöðva sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson hafa hannað. Vinnustöðvarnar eru með þægilegri handvirkri hæðarstillingu, 0-20 cm en fást einnig með rafknúinni, stiglausri hæðarstillingu þannig að ýmist er hægt að sitja eða standa við vinnu. Nú býðst Flex-T á sérstöku kynningartilboði.

Mark er glæsileg lína skrifstofustóla fyrir vinnustaði og heimili. Hönnuður stólanna er Pétur B. Lúthersson. Hægt er að velja um fjölda lita á áklæði. Nú bjóðum við þessa stóla á frábæru verði.

Á. GUÐMUNDSSON ehf.

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum Bæjarlind 8-10 • Sími 510 7300 • www.ag.is

TTT auglýsingastofa/Lögm. SSJ

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARAÐU PENINGA

DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

MICHELIN
BFGoodrich
☎ 755 3355

DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN	DEKKJA LAGERINN
Skeifunni 3c 108 Reykjavík	Viðarhöfða 6 110 Reykjavík	Smiðjuvegur 6 200 Kópavogi	Melabraut 24 220 Hafnarfirði	Iðavöllum 8 230 Keflavík	Flugumýri 16 270 Mosfellsbæ	Sólbakka 8 310 Borgarnesi	Njarðarnesi 1 603 Akureyri	Miðási 23 700 Egilsstöðum	Víkurbraut 4 780 Höfn	Gagnheiði 13 800 Selfossi

FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK

Kodak EasyShare CX7330
- 3,1 milljón pixla
- 3x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1.6” skjár
- Video með hljóði
- Auðveld í notkun
- Verð: 14.900 kr

2.980 kr. á mánuði*

TILBOÐ
Myndavél og prentstöð
Verð aðeins 24.900 kr

4.980 kr. á mánuði*

Kodak CX 7330 og prenttengistöð saman í pakka
- Prentar út myndir í 10x15 stærð
- Hleður rafhlöðuna í myndavélinni
- Hægt að prenta út án þess að tengja við tölvu
- Verð: 24.900 kr

256 mb minniskort
fæst á aðeins 1.990 kr
með þessum myndavélum

Kodak EasyShare LS743
- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8” skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- Verð: 29.900 kr

5.980 kr. á mánuði*

SAMSUNG Digimax A-400
- 4.0 miljón pixlar
- 2,8x optískur og 4x stafrænn aðdráttur
- 2” gæða skjár
- Video með hljóði eins og kort leyfir
- 16MB innra minni
- PictBridge
- AA hleðslusett fylgir
- Verð: 19.950 kr

3.990 kr. á mánuði*

www.hanspetersen.is
HANS PETERSEN
Kodak EXPRESS
* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

STUÐ MILLI STRÍÐA : SMS = Verkfæri djöfulsins

SMÁRI JÓSEPSSON HLUSTAÐI Á LÍFSSPEKING SEGJA SKOÐANIR SÍNAR



MYND: HELGI SIGURÐSSON

„SMS-skilaboð eru tæki djöfulsins,“ heyrði ég mann segja fyrir einhverju síðan. Átti sá í hrókasamræðum við nokkra félaga sína um þessa tækni sem er búið að tröllríða landinu síðan hún leit dagsins ljós.

Þessi ágæti maður vildi meina að með því að eiga samskipti með rafrænum hætti myndi fólk, sérstaklega í yngri kantinum, eiga í vandræðum varðandi tilfinningaþroska. „Sérstaklega í samskiptum við hitt kynið,“ bætti kappinn við og vísaði til þess þegar engir voru farsímarnir og fólk þurfti að treysta meira á bein samskipti sín á milli. „Núna er algjör óþarfi að roðna fyrir framan hugguleg stúlku þegar ástin kviknar. Viðkomandi getur bara sent sms og greint þannig frá áhuga sínum.“

Maðurinn hélt því fram að með þessu væri vera að sneiða fram hjá mikilvægum þætti tilfinningaþroskans; að yfirstíga ótta. „En við fáum ekki tækfæri til þess á þessari tækniöld því við erum orðin svo rafræn í öllu sem við gerum. Þú getur t.a.m. setið á klósettinu heima hjá þér, fitlað við símtólið og sent sms: Hæ sæta. Hvað segirðu? Hvaða stúlka myndi falla fyrir því að sjá einhvern amlóða á dollunni sendandi rómantísk skilaboð?“

Annað sem brann á hjarta mannsins var alnetið en þá fyrst hitnaði kappanum í hamsi. Pilturinn hélt því fram að með tilkomu netsins hefði meira slæmt litið dagsins ljós en gott. „Ærumeiðingar á netinu eru orðnar mjög stórt vandamál. Nú þarf fólk ekki að segja skoðun sína augliti til auglitis. Það fer bara á netið og skrifar á skilaboðatöflur undir nafnleynd.“

Er aukin tækni okkur ekki í hag eftir allt saman, hugsaði ég með mér þegar ég hélt heim á leið. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

MYNDLIST

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DAÐI GUÐBJÖRNSSON
Sýnir nýjar vatnslitamyndir í Grafíksafni Íslands.

Alltaf í skrautinu

„Ég er búinn að mála listagyðjuna til dæmis, og hún er rangeygð hjá mér. Svo þarna er allt á sínum stað," segir Daði Guðbjörnsson listmálari sem opnaði á laugardaginn sýningu á nýjum vatnslitamyndum eftir sig í Grafíksafni Íslands, sem er til húsa í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, sama húsi og Listasafn Ísland hefur aðsetur í. Inngangurinn að Grafíksafninu er hins vegar hinum megin við húsið, hafnarmegin.

„Í fyrra var mér boðið að sýna á vatnslitasýnignu úti í Belgíu. Það voru einhverjir vatnslitanördar og ég var ofsalega hissa á þessu boði, en fór bara að vatnslita á fullu. Ég átti bara að senda eina mynd þangað út, svo ég átti alveg helling eftir og ákvað að finna sal til að sýna þær í," segir Daði, sem heldur sig við sama heygarðshornið og málar litríkar myndir, uppfullar með hvers kyns skraut og flúr.

„Ég reyni alltaf að hafa myndirnar svolítið skrautlegar," segir hann, en verður fátt um svör þegar hann er spurður hvers vegna hann máli stöðugt allt þetta skraut.

„Lífið er bara svona flókið og þess vegna hlýtur listin að vera flókin líka. Ég var að taka þátt í sýningu úti í Reykjavíkurakademíu og þeir fóru að tala um listpersónuleika. Ég hafði aldrei heyrt þetta orð áður en ég er sennilega bara svona skrautlegur listpersónuleiki." ■

NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út **Tíska aldanna. Fatnaður og textíll. Byggingar, húsgögn og myndlist** eftir **Ásdísi Jóelsdóttur**. Höfundurinn kennir fata- og textílgreinar á framhaldsskólastigi og hefur aflað sér víðtækrar þekkingar á sviði hönnunar og fatasögu.

Hjá Almenna bókafélaginu er komin út bráðskemmtileg og aðgengileg handbók, **Verk að vinna**, sem er ætluð öllum íbúðar- og húseigendum sem láta sér annt um híbýli sín. Gefið er gott yfirlit um allt það helsta sem gera þarf heimili til góða og verða má til prýði, jafnt innandyra sem utanhúss.

JPV útgáfa hefur sent frá sér ljóðabókina **Hvar endar maður** eftir **Jónas Þorbjarnarson**. Jónas Þorbjarnarson hefur starfað sem landvörður, blaðamaður, þjónn og sjúkraþjálfari, en fengist að mestu við ritstörf frá 1989. Hann hefur sent frá sér sex ljóðabækur. Ljóð hans hafa verið þýdd á ensku, kínversku, frönsku og galisísku.

JPV útgáfa hefur sent frá sér nýja ljóðabók eftir **Njörð P. Njarðvík** sem ber heitið **Aftur til steinsins**. Njörður P. Njarðvík er doktor í íslenskum bókmenntum og hefur verið prófessor við Háskóla Íslands í allmörg ár.

Sjá sýningar í dálk Borgarleikhússins

HELOSAN
RAKAKREM
fyrir alla fjölskylduna

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 360.009
Mýkjandi og rakagefandi

Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar
29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
Ath. Aðgangur ókeypis
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Tenórinn
Vegna fjölda áskorana
Auka aukasýning
Laugardaginn 7. maí kl. 20
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Tjarnarbakkinn restaurant

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
ÖRFÁ SÆTI LAUS Í DAG!
■ Stóra sviðið kl. 20.00
DÍNAMÍT - *Birgir Sigurðsson*
Frumsýning mið. 27/4 örfá sæti laus, 2. sýn. fös. 29/4 **örfá sæti laus**, 3. sýn. sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**.
MÝRARLJÓS - *Marina Carr*
Fim. 28/4 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 **örfá sæti laus**.
Aðeins þessar tvær sýningar eftir!
EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **uppselt**, lau. 28/5 kl. 14:00.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
GRJÓTHARÐIR - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 28/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**. **Sýningum að ljúka á Smíðaverkstæði.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
KODDAMAÐURINN - *Martin McDonagh*
Fös. 29/4 **nokkur sæti laus**, **aukasýning sun. 1/5**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5 **uppselt**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.
Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18
pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is
Sunnudagur 1. Maí kl: 13:30
www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
STÓRA SVIÐ
DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 6/5 kl 20 - **AUKASÝNING,**
Fö 20/5 kl 20 - **AUKASÝNING,**
Fö 27/5 kl 20 - **AUKASÝNING,**
Síðustu sýningar
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17, Fi 5/5 kl 14, Lau 7/5 kl 14, Su 8/5 kl 14
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
TERRORISMI
e. Presnyakov bræður
Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20, Fö 6/5 kl 20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 1/5 kl 20, Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,** Fö 6/5 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,** Su 8/5 kl 20
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýning***
RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ
e. Önnu Reynolds.
Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.
Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20
AUGNABLIKIÐ FANGAÐ
DANSLEIKHÚSIÐ
fjögur tímabundin dansverk
Su 1/5 kl 19:09
Síðasta sýning
Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag



Kanadísk eftirherma

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Kanadíski söngvarinn Michael Bublé hefur notið vaxandi vinsælda undanfarin ár fyrir að syngja lög sem aðrir listamenn hafa gert fræg.

Þetta er þriðja plata Bublé en sú fyrsta, sem hét einfaldlega Michael Bublé, kom út fyrir tveimur árum. Bublé bregður sér í hin ýmsu gervi á þessari plötu og reynir oftast að syngja með sama stíl og upphaflegu söngvararnir. Það fer þó ekki á milli mála að Bublé vill mest af öllu verða næsti Frank Sinatra. Þannig eru mörg lögin í bigband-útgáfum, þar á meðal A Foggy Day (In London Town), I've Got You Under My Skin og Can't Buy Me Love. Því miður gerir síðastnefnda lagið hinu sígilda Bítlalagi mikið ógagn. Dúett hans með Nelly Furtado í Quando, Quando, Quando, er aftur á móti fallegur og myndi henta vel við fínan kertaljósakvöldverð.

Inni á milli fetar Bublé þó á aðrar slóðir. Hann er í salsagírnum í Save the Last Dance for Me og ferst það vel úr hendi og fer í sálarham í How Sweet it is.

MICHAEL BUBLÉ

IT'S TIME

NIÐURSTAÐA: Bublé vill verða næsti Frank Sinatra. Hann er góður söngvari en of mikil eftirherma til að hægt sé að setja hann á háan stall.

Bestur er Bublé þó í laginu Home. Þar virðist hann vera hann sjálfur, líklega í eina laginu á plötunni.

Þrátt fyrir að Bublé sé góður söngvari er hann bara of mikil eftirherma til að hægt sé setja hann á háan stall. Bestur væri Bublé í nýju og fersku poppi, syngjandi ástaróð til elskunnar sinnar. Þar gæti hann loksins verið hann sjálfur.

Freyr Bjarnason



BE COOL Uma Thurman og John Travolta í ekki minna stuði en þau voru í Pulp Fiction.

Ný kvikmyndasíða í loftið

Kvikmyndasíðan www.bio.is hefur verið sett á laggirnar. Þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um kvikmyndahús borgarinnar; sýningartíma, upplýsingar um myndir í bíó og þær sem eru væntanlegar, sýnishorn, kvikmyndafréttir, o.fl.

Einnig er hægt að skrá sig í Bióklúbb www.bio.is og fylgja því ýmis fríðindi, s.s. frímiðar á forsýningar, tilboð í bíó, auk þess sem hægt er að vinna ýmsan varning tengdan frumsýndum myndum.

Framundan hjá Bióklúbbi bió.is eru forsýningar á xXx2: The Next Level, fimmtudaginn 28. apríl og forsýning á Kingdom of Heaven þriðjudaginn 3. maí. ■

■ TÖLVULEIKIR

Pacino í tölvuleik

Leikarinn Al Pacino hefur samþykkt að ljá tölvuleiknum Scarface: The World Is Yours rödd sína og andlit. Pacino fór á kostum á sínum tíma í hlutverki glæpamannsins Tony Montana í samnefndri kvikmynd.

Leikurinn, sem er verður líklega gefinn út í haust, gefur leikmönnum tækifæri á að upplifa hasarinn og harða undirheimana þar sem Montana þarf að byggja upp veldi sitt aftur. Aðrir leikarar sem koma við sögu í leiknum eru Steven Bauer og Robert Loggia, sem léku Manny Ray og Frank Lopez í kvikmyndinni Scarface. ÝMeðal annarra leikara sem koma við sögu í leiknum eru leikararnir James Woods, Michael Rappaport og Michael York. ■

SCARFACE Tölvuleikurinn Scarface er byggður á samnefndri kvikmynd.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jude Law og Sienna Miller ætla nú að flytja til New York. Parið hefur víst fengið nóg af ljósmyndurunum í London og hefur ákveðið að flytjast úr stað. „Jude hatar djammið í London og getur ekki beðið eftir að komast út úr þessu umhverfi," sagði heimildarmaður. „Hann langar líka til þess að skilja að frama sinn og ljósmyndarana. Hann er sannfærður um að eitthvert vit sé í þessari ákvörðun þegar litið er til frama hans."

Ian McKellen hefur samþykkt að leika í kvikmyndaútgáfunni af The Da Vinci Code. Einnig hefur leikarinn **Alfred Molina** bæst í hópinn en hann lék meðal annars í myndinni Spider Man 2. Ron Howard mun leikstýra myndinni og McKellen mun leika Sir Teabing og Molina mun leika Arigarosa biskup. Aðrir sem munu leika í myndinni eru þau **Tom Hanks og Audrey Tautou**. Einnig er orðrómur uppi um að Dr. Who leikarinn, **Christopher Eccleston**, muni fara með hlutverk í myndinni sem verður frumsýnd í maí árið 2006.

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

ZANUSSI
1400 sn. hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni, handþottakerfi, tímastjórnun, hraðvali og snertitökkum. Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr. 79.900

ZANUSSI
1000 sn. þvottavél með hraðvali, sambyggðu kerfa- og hitavali. A/A einkunn fyrir þvott og orkunýtni. Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr. 59.900

Electrolux
Kæli- og frystiskápur 150x55 cm
Verð áður kr. 63.900

ZANUSSI
Kæli- og frystiskápur 179x59,5 cm
Verð áður kr. 79.900

NOKKRIR GÁMAR AF SPARNAÐI
✓hagstætt gengi ✓magninnkaup ✓lækkað verð!

AEG
Vandaður þýskur stálofn með 8 kerfum þ.á.m. blæstri, grilli og undir- og yfirhita. ISOfornt hurð sem hitnar nánast ekkert að utan.
Verð áður kr. 76.800

ZANUSSI
Glæsilegur ofn með spegilstálframhlið, tölvuklukku, AirControl blásturstækni, sökkhnöppum og Clean'n´Clear létthreinsiglerungi. Áður kr. 69.900

Electrolux
Stór 28 lítra 1000W örbylgjuofn með snertötökkum og digital skjá. Einfalt og fljótlegt með flýtiaðgerðum, sérstöku poppkerfi og afþíðingu.Fæst einnig hvítur.
Verð áður kr. 24.900

Electrolux
20 lítra örbylgjuofn til í hvítu eða stálútlit (kr. 10.900)
Verð áður kr. 14.900

ufesa
1400W ryksuga með stillanlegum sogkrafti og stálröri.
Verð áður kr. 9.990

Opið virka daga 9-18 og laugardaga 10-16
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500

VIÐ TÆKIÐ

Deja vu í sjónvarpssófanum

ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR SKILUR EKKI HVÍ SJÓNVARPSÞÆTTIR FARA Í SUMARFRÍ.

Ég komst lítið að skjánum þessa vikuna því hávaxna hetjan mín þarf að fylgjast með NBA, sem nú fer að nálgast suðumark hvað úr hverju. Mér er reyndar oftast slétt sama hvort ég komist að skjánum; sérstaklega þegar sumrar því ég sakna sjónvarpslausra júlíkvölda bernskunnar á þeim árum þegar RÚV eitt fjötraði landslýð í sófum meðan kvöldin eru yndislegust á Íslandi. Er líka orðin hundleið á endalausum endursýningum. Endursýningar á kvikmyndum eiga varla rétt á sér, nema sérstök rás sé til þess, líkt og Bíórásin. RÚV getur ekki leyft sér að sýna kvikmynd í þriðja skipti á besta bíósýningartíma um helgar. Við áskrifendur eigum betra skilið, auk þess sem flest okkar sem yngri erum höfum örugglega séð myndina í bíó á sínum tíma. Ég vil sjá metnað og bíómyndir sem ekki rata í kvikmyndahús í sjónvarpstækinu, í stað endursýndra fjöldaframleiddra formúlumynda helgi eftir helgi.

MIAMI HEAT Eftirlæti úr NBA.

Stundum er sýndar glefsur úr gömlu íslensku dagskrárefni á RÚV og þá getur maður ekki annað en óskað sér þess að fá að sjá meira. Af hverju var til dæmis ekki endursýndur viðtalsþáttur Megasar við Bubba Morthens á afmæli Megasar?

Þá er úrelt og óskiljanleg sú stefna að senda sjónvarpsþætti í sumarfrí. Vanmetið að telja áhorfendur í minni þörf fyrir íslenska fréttaskýringaþætti eða almennt fasta dagskrárliði á sumrin. Gæti trúað að sjónvarpsstöðvar missi áhorfendur þegar fastir þættir, hvort sem það eru fréttaþættir eða framhaldsþætti, fara í sumarfrí, því að þá þurfa áhorfendur enn að venja sig á sýningar þáttarins þegar vetrar á ný, og ekki ósennilegt að eitthvað nýtt hafi tekið mann á annarri stöð.

▶ **20.25** *Bíó*

Space Odyssey: Voyage to the Planets. Seinni hluti breskrar heimildarmyndar um könnun geimsins.

▶ **21.05** *Fræðsla*

Einu sinni var. Eva María Jónsdóttir grefur upp gömul mál Íslandssögunnar sem hafa gleymst í tímanna rás.

▶ **21.50** *Spenna*

C.S.I. Grissom og Sara rannsaka makaskiptaveislu þar sem ekki er allt með felldu.

SJÓNVARPIÐ

15.45 Helgarsportið **16.10** Ensku mörkin **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Brandur lögga (25:26) **18.10** Bubbi byggir **18.20** Brummi (36:40)

18.30 **Vinkonur (14:26)** (The Sleepover Club)
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljósið**
20.00 **Átta einfaldar reglur (33:52)** (8 Simple Rules for Dating My Teenage Daughter)
▶ **20.25** **Á ferð um himingeiminn (2:2)** (Space Odyssey: Voyage to the Planets) Leikin bresk heimildarmynd í tveimur hlutum um könnun geimsins. Höfundur og leikstjóri er Joe Ahearne og meðal leikenda eru Martin McDougall, Joanne McQuinn, Rad Lazar og Mark Dexter.
21.15 **Lögreglustjórinn** (The District III)
22.00 **Tíufréttir**
22.20 **Lífsháski (4:23)** (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem kemst lífs af úr flugslysi og neyðist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast.

23.05 Spaugstofan **23.30** Ensku mörkin **0.25** Kastljósið **0.45** Dagskrárlok

2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi **12.55** Path to War **15.35** The Sketch Show **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Ísland í dag**
19.35 **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
20.00 **Strákarnir**
20.30 **Eldsnöggt með Jóa Fel IV** Jói Fel heldur uppteknum hætti og kitlar bragðlauka sjónvarpsáhorfenda sem aldrei fyrr.
▶ **21.05** **Einu sinni var** (Einu sinni var) Nýr þáttur þar sem ýmir fréttnæmir atburðir Íslandssögunnar, stórir eða smáir, eru teknir til frekari skoðunar. Umsjónarmaður er Eva María Jónsdóttir. 2005.
21.35 **The Block 2 (21:26)**
22.20 **The Guardian (9:22)** (Vinur litla mannsins 3) Nick og Burt Fallin sjá lífið með ólíkum hætti. Sonurinn hefur lært af biturri reynslu en samfélagsþjónustan opnaði augu hans.

23.05 60 Minutes II **23.50** Drug Dealer (Bönnuð börnum) **1.15** Crossing Jordan 3 (7:22) **2.00** Las Vegas 2 (8:22) **2.45** Fréttir og Ísland í dag **4.05** Ísland í bítið **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

7.00 Will & Grace (e) **7.30** Sunnudagsþátturinn (e) **9.00** Þak yfir höfuðið (e) **9.10** Óstöðvandi tónlist

16.30 Cheers – 2. þáttaröð (14/22) **17.00** Þrumuskot – ensku mörkin **18.00** Sunnudagsþátturinn (e)

19.15 **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
19.30 **Malcolm In the Middle (e)**
20.00 **One Tree Hill** Haley er komið á óvart þegar Taylor systir hennar kemur í bæinn. Hún er ekki jafn undrandi og Nathan sem man eftir Taylor.
21.00 **Survivor Palau** Nú fer keppnin fram á S-Kyrrahafeyjunni Palau og sem fyrr má búast við svæsnum átökum.
▶ **21.50** **C.S.I.** Grissom og Sara rannsaka morð á konu eftir makaskiptaveislu. Gift hjón í hverfinu hittast og skiptast á mökum. Nick og Warrick komast að því að ekki er allt með felldu á vettvangi. Catherine vill fá stöðuhækkun.
22.40 **Arsenal – Tottenham** Leikur frá því fyrr í kvöld.

0.40 CSI: New York (e) **1.25** Þrumuskot – ensku mörkin (e) **2.25** Þak yfir höfuðið (e) **2.35** Cheers – 2. þáttaröð (14/22) (e) **3.00** Óstöðvandi tónlist

2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

8.00 Pandaemonium **10.00** Dinner With Friends **12.00** Foyle's War 2 **14.00** Air Bud: World Pup **16.00** Pandaemonium **18.00** Dinner With Friends **20.00** Foyle's War 2 **22.00** The Terminator (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Turbulence 3: Heavy Metal **2.00** The Lost Battalion (Bönnuð börnum) **4.00** The Terminator (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

7.00 Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** Sherwood C. **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Robert S. **12.00** Samverustund (e) **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Ron P. **15.00** Kvöldljós **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Dr. David **17.30** Freddie F. **18.00** Joyce M. **18.30** Mack L. **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Vatnaskil **21.00** Mack L. **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

AKSJÓN

7.15 Korter **20.00** Bravó e. **21.00** Níubíó **23.15** Korter

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Football: UEFA Champions League Vintage **13.00** Boxing **13.30** Snooker: World Championship Sheffield **16.30** Football: Eurogoals **17.30** Snooker: World Championship Sheffield **20.30** Football: UEFA Champions League Happy Hour **21.00** Football: Eurogoals **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** All sports: WATTS **22.45** Motorsports: Motorsports Weekend **23.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.00 Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Cavegirl **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Holby City **19.00** Spooks **19.50** Murder in Mind **21.00** Coupling **21.30** Manchild **22.00** Popcorn **23.00** Atlantis Reborn **0.00** Mir Mortals **1.00** Rough Science

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Outlaw – The Real Ned Kelly **14.00** The Real Alexander the Great **15.00** Monster Lobster **16.00** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Monster Lobster **20.00** Battlefront **22.00** Battle of the Hood and the Bismarck **23.00** Forensic Factor **0.00** Battlefront

ANIMAL PLANET
12.00 Ultimate Killers **12.30** Predators **13.00** Crocodile Hunter **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Ultimate Killers **18.30** Predators **19.00** Crocodile Hunter **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Natural World **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Weird Nature **0.30** Supernatural

DISCOVERY
13.00 21st Century War Machines **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Stealth Secrets **17.00** Raw Nature **18.00** Mythbusters **19.00** Face Race **20.00** Trauma **21.00** The Human Body **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Battlefield

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** European Top 20 **18.00** The Life of Lisa Left Eye Lopes **18.30** Making the Video **19.00** America or Busted **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Battle for Ozzfest **22.00** The Rock Chart **23.00** Just See MTV

VH1
15.00 So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** When Disco Ruled the World **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

CLUB
12.10 Ross's BBQ Party **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Sex Tips for Girls **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

E! ENTERTAINMENT
12.00 E! News Weekend **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Behind the Scenes **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** The Entertainer **18.00** E! News Weekend **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Love is in the Heir **20.30** Gastineau Girls **21.00** The Entertainer **22.00** 101 Most Starlicious Makeovers **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** 101 Most Shocking Moments in...

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.30** Star Wars: Clone Wars **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

JETIX
12.10 Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
13.30 Rosebud **15.35** Killer Klowns from Outer Space **17.00** Madhouse (1990) **18.30** Smile **20.20** Say Yes **21.50** Don't Worry, We'll Think of a Title **23.15** Semi Tough **1.00** Ten Seconds to Hell (colorized) **2.35** Swamp Thing

TCM
19.00 Cat on a Hot Tin Roof **20.45** Signpost to Murder **22.05** A Life of Her Own **23.50** The Hook **1.25** Lady L **3.10** MGM: When the Lion Roars

VIÐ MÆLUM MEÐ...

THE BLOCK 2 *Stöð 2* **kl. 21.35**

Þetta er 21. þáttur.

Kapphlaup við tímann

Nú fer dvölin í The Block að styttast hjá pörunum fjórum sem tóku að sér að innrétta fjórar íbúðir frá grunni og keppast um hver fær mest fyrir þær þegar þær verða seldar á uppboði í lok þáttaraðarinnar.
Í kvöld verða pörin að klára sameiginlega rýmið til að fá aukapening í verðlaun en tíminn er naumur. Herbergin sem þau skiluðu í síðustu viku verða enn fremur dæmd en þau voru eins misjöfn og pörin eru mörg. Nú er spurning hvort sýður upp úr hjá Steven og Richard, þar sem þeir hafa unnið mesta vinnuna við sameiginlega rými.

Keppendur í The Block.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Yeah, here's to the salmon. She lays two million eggs and nobody ever calls her mother."

Svar: Jackson úr kvikmyndinni Spawn of the North frá árinu 1938.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

14.03 Mannlegi þátturinn – Umsjón: Ásdís Olsen. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Af minnisstæðu fólki **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.20 Fréttir **12.50** Auðlind **13.05** Í hosíló **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Miðdegistónar **15.03** Frá hugmynd að veruleika **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Tónskáldaþingið í París **21.00** Víðsjá **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr tónlistarlífinu

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Hringir

0.10 Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

20.30 *Íþróttir*

Boltinn með Guðna Bergs. Guðni og Heimir Karlsson fara yfir stöðu mála í fótboltanum.

SÝN

17.45 David Letterman

18.30 **US PGA Shell Houston Open** Útsending frá Shell Houston Open sem er liður í bandarísku mótaröðinni í golfi. Vijay Singh sigraði á mótinu í fyrra og átti því titil að verja. Leikið var í Texas.

20.30 **Boltinn með Guðna Bergs** Spænski, enski og ítalski boltinn frá ýmsum hliðum. Sýnd verða mörk úr fjölmörgum leikjum og umdeild atvik skoðuð í þaula. Einnig sérstök um fjöllun um Meistaradeild Evrópu. Góðir gestir koma í heimsókn og segja álit sitt á því fréttnæmasta í fótboltanum hverju sinni.

22.00 **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

22.30 **David Letterman**

23.15 Boltinn með Guðna Bergs

POPP TÍVÍ

7.00 Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Game TV (e) **19.30** Stripperella (e) **20.00** Amish In the City **21.00** Kenny vs. Spenny **22.03** Jing Jang

HALLMARK

12.45 Gentle Ben: Black Gold **14.15** Picture Perfect **16.00** Early Edition **16.45** Open Heart **18.15** Jessica **20.00** Law & Order Vi **20.45** Betrayal of Trust **22.30** Open Heart **0.00** Law & Order Vi **0.45** Jessica **2.30** Betrayal of Trust

BBC FOOD

12.00 A Cook On the Wild Side **12.30** Ready Steady Cook **13.00** New Scandinavian Cooking **13.30** Safari Chef **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** James Martin: Yorkshire's Finest **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Sophie's Sunshine Food **16.30** Tamasin's Weekends **17.00** Antonio Carluccio' S Southern Italian Feast **17.30** Street Cafe **18.30** Ready Steady Cook **19.00** New Scandinavian Cooking **19.30** Floyd's Fjord Fiesta **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Sophie's Weekends **21.30** Ready Steady Cook

DR1

12.20 Sådan ligger landet **12.50** Hokus Krokus **13.20** Tæt på Dyrene **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **14.10** Cribs **14.30** Dollies og homies på Nørrebro **15.00** Søren spætte **15.05** Yu-Gi-Oh! **15.30** Film og flotte fiduser **16.00** Rubbadubbers **16.10** Den lille røde traktor **16.20** Pingu **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.35** Den nye have **18.05** Supervulkanen **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Den farlige søn **21.25** En Kongelig Familie

SV1

13.10 Sportspegeln **13.55** Stopptid **14.00** Rapport **14.05** Agenda **15.00** Consumer Power **15.25** Born wild **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Björnes Magasin **16.30** Lilla sportspegeln **17.00** Trackslistan **17.30** Rapport **18.00** Inför ESC 2005 **19.00** Plus **19.30** Sverige! **20.00** Spooks **20.55** Familjen Anderson **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.40** Mannen från U.N.C.L.E. **22.30** Sändningar från SVT24

HRÓSIÐ

... fær Robert Plant fyrir að vera enn hress.

SÉRFRÆÐINGURINN

Bragi Kristjónsson fornbókasali segir Íslendinga kaupa bækur sem mælt er með í kláðablöðum

Einnota kjaftæði og gleymdir snillingar

Vika bókarinnar endar í dag, en fáir hafa sýslað jafn mikið með bækur og Bragi Kristjónsson fornbóksali í Bókavörðunni.

„Í þessari aðréttu þar sem allir andskotast í áróðri fyrir sínar greinar, verður bókin einfaldlega að taka þátt í þeim slag. Bóklestur hefur snarminnkað hjá yngra fólki, enda kaupir það ekki bókahillur í upphafi síns búskaps lengur, heldur fyllir veggjapláss með græjum og plakötum," segir Bragi, sem merkir bóklestur þó örlítið á uppleið.

„Yngra fólk kemur í búðina að gá að þýddum sögum eftir fræga rússneska og franska höfunda sem mikið voru í gangi fyrir hálfri öld eða svo," segir Bragi sem kallar Íslendinga bókakaupaþjóð.

„Þeir kaupa bækur sem eru markaðssettar með offorsi í gegnum kláðablöðin Mannlíf og hvað það nú heitir þetta drasl, og DV og Fréttablaðið þótt ekki sé nú mikil fyrirferð á menningunni þar. Eina blaðið sem sinnir menningarumræðu á landinu er Moggaskitan. Ég segi kláðablöð því menn klæjar í að lesa þetta drasl en klæjar meira þegar lestrinum er lokið."

Gamlar bækur gleymast ekki umfram nýjar, segir Bragi. „En þær falla stundum í dá og vakna eins og björninn að fara aftur út í vorið. Ævisögur sem gefnar eru út fyrir jólin eru flestar einnota kjaftæði um fólk sem er gleymt þegar bókin kemur út. Þær hafa ekki einu sinni sagnfræðilega þýðingu því öllu er haldið til baka af því sem þætti merkilegt. En auðvitað koma góðar ævisögur og merkileg samtímaverk eins og ævisaga Steingríms Hermannsson eftir montrassinn litla, Dag Eggertsson," segir Bragi og nefnir gamlar bækur raknaðar úr dái.

„Skáld sem deyja milli fimmtugs og sextugs gleymast um tíma en rakna við sér þegar einhver fer að vekja á þeim athygli. Dæmi er skáldið Steinar Sigurjónsson sem fáir kannast við og átti afskaplega erfiða ævi. Yngra fólk spáir mikið í hann núna, enda frábær höfundur þótt hann væri ekki viðurkenndur meðan hann lifði. Þá fór Kiljan að gleymast upp úr Nóbelsverðlaunum, en núna er áhugi ungs fólks á honum mikill, þótt það nái ekki þankagangi hans eða skilji bækurnar. Það les hann samt," segir Bragi og þakkar innrás bóka í skólanna auknum áhuga á bóklestri.



Lárétt:
1 flugvélategund, **6** gruna, **7** ullarhnoðrar, **8** sólguð, **9** hollenskt flugfélag, **10** sjá á ensku, **12** beita, **14** trygg, **15** tákn fyrir gull, **16** bjór, **17** samið, **18** til sölu.

Lóðrétt:
1 offur, **2** fyrirtæki, **3** íþróttafélag, **4** eða, **5** borg, **9** viðskiptaveldi, **11** sjást óljóst, **13** höfðu unun af, **14** frestun, **17** pot.

Lausn:
Lárétt: **1** fokker, **6** óra, **7** lo, **8** ra, **9** klm, **10** see, **12** agn, **14** trú, **15** au, **16** ól, **17** ort, **18** fatt.
Lóðrétt: **1** fórn, **2** ora, **3** ka, **4** ellegar, **5** róm, **9** kea, **11** óra, **13** nutu, **14** tóf, **17** ot.

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hnúfubakur.
2. Læknafélag Íslands.
3. Robert Plant.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

UMBOÐSMAÐUR BARNA: VILL BREYTA ÚTSENDINGARTÍMA STRÁKANNA

Stöð 2 stendur með sínum

Ekki verða gerðar neinar breytingar á útsendingartíma né efnistökum í þættinum Strákarnir, að sögn Páls Magnússonar, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2. 365 ljósvakamiðlum hefur borist bréf frá umboðsmanni barna þar sem þeim tilmælum er beint til forsvarsmanna stöðvarinnar að útsendingartími þáttanna eða efni hans verði endurskoðað. Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna, segir bréfið vera vinsamleg tilmæli og hún geri sér vonir um að stöðin taki þetta til greina. „Það hafa borist nokkrar athugasemdir og ábendingar sem varða nokkur atriði þar sem fólki finnst atriði hafa farið yfir strikið. Enn fremur hefur fólk kvartað yfir sýningartímanum en því finnst hann vera of snemma á dagskrá," segir Ingibjörg. „Mér fannst því full ástæða til þess að senda forsvarsmönnum stöðvarinnar bréf þar sem gert er grein fyrir þessum athugasemdum."

Ingibjörg bætir því við að ákvæði í útvarpsréttarlöggjöfinni taki til sýningar á efni fyrir klukkan níu en séu eingöngu bundin við bann á sýningum grófs ofbeldis og kláms. „Mér finnst að við ættum að taka þessa ákvæði til endurskoðunar og horfa þá til svipaðra ákvæða í nágrannalöndunum," segir Ingibjörg og segir þau vera mun harðari. Hún segir enn fremur að Strákarnir séu skemmtilegir og þeir verði því enn meiri fyrirmyndir fyrir vikið. „Þeir verða að gera sér grein fyrir því til hvaða markhóps þeir höfða."

Páll Magnússon segir að þeir sem standi að þættinum hafi mjög langan taum og mikið frjálsræði. „En það er taumur," segir Páll en hann segist ekki vera sammála öllu sem fram komi í bréfinu. „Við megum heldur ekki ganga of langt í tepruskap."

STRÁKARNIR VINSÆLU Strákarnir eru sagðir fara oft yfir mörk þess siðlega og þátturinn stríði iðulega gegn almennu velsæmi. Páll Magnússon, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, segist ekki sammála þeim fullyrðingum.

Hann segir strákana hafa breytt mörgu frá lífdögum sínum á Popptívi enda geri þeir sér grein fyrir því að markhópurinn sé orðinn mun stærri og yngri krakkar en áður horfi á þáttinn. „Þeir hafa meðal annars breytt tungutakinu þar sem þeir þóttu nokkuð blótgjarnir." Hann segir enn fremur að strákarnir þekki sjálfir sín mörk. „Þátturinn er þess eðlis að sum atriði eiga alltaf eftir að stuða einhverja. Hann er á línunni en 98% atriðanna eru réttu megin. Hann er þó einfaldlega þess eðlis að sum atriði eiga eftir að fara yfir línuna," segir Páll en bætir því við að það sé ekki tilgangur þáttarins að ganga fram af fólki.

Páll sjálfur á níu ára gamlan son og segist horfa á þáttinn með honum reglulega. „Sumt hefur stuðað mig en þegar ég lít til hliðar og sé strákinn minn missa öndina af hlátri geri ég mér grein fyrir því að ég get ekki haft húmor fyrir öllu." -freyrgigja@frettabladid.is

DV
NBA-stjarnan Jón Arnór
Lúxusíbúð og einkabílstjóri hjá nýja liðinu
Eigandinn olíufursti með tengsl við leyniþjónustuna
DV – hefur þú séð DV í dag?

Marta María og Guðrún vinsælastar

Börn eru líka fólk, um leið og þau eru ákafir lestrarhestar. Með sinn ákveðna og fastmótaða smekk, og það falslausan og einlægan. Þetta vita starfsmenn Borgarbókasafns Reykjavíkur sem undanfarin ár hafa staðið fyrir kosningu á barnabók ársins. Í þeirri kosningu geta börn á aldrinum sex til tólf ára valið eina til þrjár bækur sem þau telja þá bestu og skemmtilegustu til aflestrar það árið, en kosning fer fram á bókasöfnum landsins í febrúar og mars.

Að þessu sinni tóku fimm þúsund börn af öllu landinu þátt og voru þrjár bækur verðlaunaðar með Bókaverðlaunum barnanna í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu á sumardaginn fyrsta. Af frumsömdum barnabókum sem komu út á síðasta ári urðu 100% Nylon eftir Mörtu Maríu Jónasdóttur og Öðruvísi fjölskylda eftir Guðrúnu Helgadóttur hlutskarpastar meðal barnanna, en Kapteinn Ofurbrók í flokki þýddra bóka. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR OG GUÐRÚN HELGADÓTTIR RITHÖFUNDAR Bókaverðlaun barnanna 2004 voru veitt í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu á sumardaginn fyrsta. Margir lögðu leið sína í bókasafnið þar sem Felix Bergsson skemmti gestum með söng og sögum og sýnt var atriði úr Klaufum og kóngsdætrum.

FABRIKAN

„Raunhæf verkefni, nálægð við atvinnulífið og fjölbreytileiki eru þau atriði sem koma fyrst upp í hugann þegar ég er spurður um námið. Þetta er krefjandi nám sem kallar á skipulögð og öguð vinnubrögð og er gott veganesti út í atvinnulífið.“

Þorvaldur Einarsson,
nemandi í byggingartæknifræði.

FRAMÚRSKARANDI NÁM Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐI

VERKFRÆÐI
Fjármálaverkfræði
Heilbrigðisverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rekstrarverkfræði

TÆKNIFRÆÐI
Byggingartæknifræði
Rafmagnstæknifræði
Véltæknifræði

IÐNFRÆÐI
Byggingariðnfræði
Rafiðnfræði
Véliðnfræði

TÖLVUNARFRÆÐI
Tölvunarfræði
Kerfisfræði

FRUMGREINASVIÐ

Háskólinn í Reykjavík er nýr og sameinaður skóli á grunni Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Nýi skólinn býður allar þær námsbrautir í tæknifræði, iðnfræði og á frumgreinasviði sem áður voru kenndar í Tækniháskóla Íslands – auk tölvunarfræði. Einnig býður hann námsbrautir í verkfræði sem ekki hafa áður verið kenndar á Íslandi og fjölbreytt nám í viðskiptafræði, lögfræði, kennslufræði og lýðheilsufræði.

Opið fyrir umsóknir á www.ru.is

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is og hjá námsráðgjöfum í síma 562 6200 og 520 7400.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Síðan 1991
Þakviðgerðir Pace®
Málarameistari sér um þakið
555 7500

BAKÞANKAR
PRÁINS BERTELSSONAR

Álbrúðkaup

Margt yngra fólk heldur að ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafi staðið frá landnámstíð. En hið rétta er að samstarfið hefur staðið í einn áratug. Tíu ára brúðkaupsafmæli er stundum kennt við hina ágætu málma, ál eða tin, og er álið einkar vel við hæfi í þessu tilviki. Til hamingju!

ÞETTA samband sem staðið hefur mun lengur en mörg hjónabönd sem stofnað hefur verið til af ást byggist á gagnkvæmum hagsmunum fremur en tilfinningum og losta. Það er vitanlega framsóknarmaddaman sem er konan í sambandinu, enda var henni í upphafi skammtað jafnrétti á við maka sinn og fjárhaldsmann með því að henni voru falin hefðbundin kvennastörf, hjúkrun og aðhlynning sjúkra (heilbrigðisráðuneyti), eftirlit með að vekja heimilismenn til vinnu (iðnaðarráðuneyti), að vökva blómin og slá garðinn (umhverfisráðuneyti) og að gefa köttunum (landbúnaðarráðuneyti). En til að gulltryggja heimilisfriðinn fékk frúin að sjálfsögðu sínar utanlandsferðir og síðkjólaböll (utanríkisráðuneytið).

Á HINUM allra efstu dögum sambandsins hefur orðið breyting á verkaskiptingu á heimilinu; frúin er sest í húsbóndasætið meðan karlinn stundar utanlandsferðir og hanastél. Ekkert hjónaband er hnökralaust og stundum telja nágrannarnir sig hafa heyrt skruðninga og reiðilegar raddir og stundum eru hjónin með sólgleraugu og mikinn andlitsfarða og segjast hafa gengið á hurð. En út á við bjátar ekkert á og hjónin brosa út að eyrum.

BÆJARSLÚÐRIÐ, baknagið og öfundin hefur fylgt þessum hjónum frá fyrsta degi – slík er mannleg náttúra, því miður – og sennilega er ekkert að marka þann kvitt að maddaman hafi orðið fyrir andlegri vakningu og vilji snúa sér frá freistingum heimsins og vellystingum og ástunda hreinlífi og kristilegar dyggðir. Sé það satt horfir auðvitað ekki vel fyrir hjónabandi sem byggt er á praktískri veraldarhyggju. Hjónunum fylgja góðar óskir á þessum heiðursdegi og vonandi leysa þau sín mál farsællega – og láta sér ekki detta í hug að framlengja erfiðu sambandi vegna barnanna.

BRIDGESTONE Firestone FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

SUMAR DEKK

Bridgestone D694 eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.

Firestone F590 er að öllum líkindum **langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið** sem þér stendur til boða í sumar.

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

BRÆÐURNIR ORMSSON

LÁGMÚLA 9 (ekið inn af Háaleitisbraut) · SÍMAR 530-2846 / 530-2842 / 530-2800